



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**MA-ritgerð
í kynjafræði**

**„Eini staðurinn í samfélaginu þar sem
ekki er horft niður á þig“
Reynsla kvenna af Konukoti**

Kolbrún Kolbeinsdóttir

Leiðbeinandi: Gyða Margrét Pétursdóttir

Febrúar 2023

STJÓRN MÁLAFRÆÐI DEILD

**„Eini staðurinn í samfélaginu þar sem
ekki er horft niður á þig“
*Reynsla kvenna af Konukoti***

Kolbrún Kolbeinsdóttir

Lokaverkefni til MA-gráðu í kynjafræði
Leiðbeinandi: Gyða Margrét Pétursdóttir

Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Febrúar 2023

**„Eini staðurinn í samfélaginu þar sem ekki er horft niður á þig“
*Reynsla kvenna af Konukoti***

Ritgerð þessi er 50 eininga lokaverkefni til MA-gráðu við Stjórn málafræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

© 2023 Kolbrún Kolbeinsdóttir
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Reykjavík, 2023

Formáli

Rannsókn mín á reynslu kvenna af Konukoti er til grundvallar þessari 50 eininga ritgerð á meistarastigi í kynjafræði sem ég legg fram til útskriftar í febrúar á vormisseri 2023. Þetta afsprengi vinnu minnar hefði aldrei litið dagsins ljós nema vegna leiðbeinandans dr. Gyðu Margrétar Pétursdóttur. Hún veitti mér leiðarljós frá frumhugmynd að lokapunkti. Allt ferlið varð ánægjulegt með áeggjan hennar og eftirfylgd, takk Gyða Margrét.

Konurnar í Konukoti eru venjulegar konur eins og ég en það er með ólíkindum hvernig þær hafa fundið leið út úr reynslu sem hefði brotið mig og mörg okkar. Með sögum sínum hafa þær sýnt mér að glíma við heimilisleysi er sannarlega ekki val, heldur afleiðing margra þátta. Þeim færi ég mínar bestu þakkir fyrir að deila með mér reynslu sinni, takk yndislegu konur. Ég vil einnig þakka forstöðukonu og rekstraraðila Konukots fyrir samvinnu í rannsókninni sem og öllum öðrum forstöðumanneskjum sem ég talaði við.

Jóhanna Bergmann annaðist prófarkalestur ritgerðarinnar, Halldór Marteinson las yfir heimildaskrá og tilvitnanir og Guðlaug Kjartansdóttir sá um yfirllestur á enskum texta. Þessum vinkonum, vini og sérfræðingum þakka ég ómetanlegt framlag.

Ég veit að engin ritgerð hefði orðið til nema vegna eigin áhuga en ég fékk ástríðu fyrir málefniinu og þess vegna varð ferlið skemmtilegt og um leið oft erfitt og tímafrekt. Börnin mín tvö, Krístrún Kolbrúnardóttir og Guðbergur Páll Pálsson, sýndu vinnu minni við rannsókn og ritun fádæma skilning og meðal annars vegna þessa efaðist ég aldrei um að rannsóknin væri mikilvæg bæði fyrir konur sem glíma við heimilisleysi og fyrir mig sjálfa sem fékk tækifæri til að sinna femínískum fræðastörfum. Stöku sinnum var erfitt að halda sér að verki og því vil ég þakka vinum, vinkonum og fjölskyldu fyrir brýningu og ráðleggingar á ritunartímanum.

Útdráttur

Konur í Konukoti, neyðarskýli kvenna við Eskihlíð, er lítt rannsakaður hópur en hefur verið í deiglunni ásamt öðrum þeim sem glíma við heimilisleysi. Markmiðið er að vekja athygli á félagslegu misrétti sem hópurinn verður fyrir og draga þannig úr jaðarsetningu hans. Niðurstöður rannsókna eru settar í samhengi við kenningar sem byggja á samvinnun mismunabreyta og greininga á kynjakerfinu, ekki síst með tilliti til ofbeldis sem þrífst innan þess. Hér er lagt upp með rannsóknarspurningar sem lúta að bakgrunni kvennanna, Konukoti sjálfu, bæði húsnæðinu og þjónustunni, reynslu kvenna af Konukoti, hvernig lífsbaráttu og samfélagi þeirra er háttað og hvort munur sé á neyðarskýlum fyrir konur og karla. Rannsóknin er eigindleg og byggir á átta hálfstöðluðum viðtölum við konur í Konukoti og fimm viðtölum við forstöðumanneskjur og rekstraraðila í málaflokki heimilislausra. Auk þess er byggt á fjórum vettvangsheimsóknum í neyðarskýli og dagsetur fyrir heimilislaust fólk. Gögn eru greind með aðferðum grundaðrar kenningar.

Niðurstöður leiða í ljós að konur sem glíma við heimilisleysi eiga margháttaða ofbeldis- og áfallasögu og glíma við skaðlegan heilsufarsvanda. Uppeldisaðstæður hafa einkennst af alvarlegri vanrækslu forráðamanna og sinnuleysi samfélagsins gagnvart aðstæðum þeirra og kjörum. Þær hafa allar orðið fyrir kynferðisofbeldi, þær eru berskjaldaðar fyrir enn meira ofbeldi í daglegri lífsbaráttu og auk heimilisleysis glíma þær við fíkn, andlegar áskoranir, líkamleg veikindi og útilokun frá fjölskyldu. Þjónusta við þær er ekki í samræmi við ofbeldis- og áfallasögu þeirra og Konukot er í óviðunandi húsnæði. Hugmyndafræði skaðaminnkunar og áfalla- og kynjamiðuð nálgun er við hæfi og í Konukoti upplifa konur að þeim sé mætt á þeim stað sem þær eru. Hins vegar hamlar húsnæðið og aðstaðan í Konukoti því að hægt sé að vinna eftir hugmyndafræði og nálgun sem lagt er upp með.

Abstract

The women in Konukot, the women's emergency shelter in Eskihió, are a group that has not been studied much, but has been in the news along with others who are experiencing homelessness. The main goal of the study is to draw attention to the social inequalities the group faces and reduce its marginalization. The research results are placed in the context of theories based on the intersectionality and in the light of analyzes of the gender order, not least with regard to violence as part of it. Research questions deal with the women's background, Konukot itself, both the housing and its services, women's experience of Konukot, the women's life struggle and their society, as well as contemplating whether there is a difference between emergency shelters for women and men. The research is a qualitative one and is based on eight semi-standard interviews with the women in Konukot and five interviews with managers and operators in the field of the homeless. In addition, there are four field visits to emergency shelters and day-centre for the homeless people. Data are analyzed using grounded theory methods.

Results show that women who experience homelessness have multiple histories of violence and trauma and suffer from adverse health conditions. Their upbringing has been characterized by severe parental neglect, and society or its institutions have not been of any help. The women have all been victims of sexual violence, they are exposed to even more violence in their daily struggle for life, and in addition to homelessness, they battle with addiction, mental challenges, physical illnesses and exclusion from family. Services for them are not in accordance with the history of violence and trauma, and Konukot is in unacceptable housing. The ideology of harm reduction, a trauma-informed care and gender-responsive approach are appropriate and in Konukot women experience that their different situations are accounted for and each woman's needs are met. However, the housing and facilities in Konukot hinder the ability to work according to the proposed ideology and approach.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Útdráttur	4
Abstract	5
Töfluskra	6
1 Inngangur	7
2 Fræðileg sjónarmið	9
3 Aðferðafræði	19
3.1 Rannsóknaraðferð og þátttakendur	20
3.2 Siðferðileg álitamál	25
4 Bakgrunnur kvenna í Konukoti	26
5 Konukot og reynsla kvenna af Konukoti	36
6 Lífsbarátta kvenna í Konukoti og samfélag þeirra	51
7 Samanburður á neyðarskýlum karla og kvenna	63
8 Umræður og lokaorð	73
Heimildaskrá	77
Viðauki I: Kynningarbréf	83
Viðauki II: Viðtalsvísir fyrir konur í Konukoti	85
Viðauki III: Viðtalsvísir fyrir forstöðufólk	87
Viðauki IV: Viðtalsvísir fyrir rekstraraðila	88
Viðauki V: Upplýst samþykki	90
Viðauki VI: Umsögn Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir	91
Viðauki VII: Leyfisbréf fyrir rannsókn frá Reykjavíkurborg	92

Töfluskra

Tafla 1 Samanburður á húsnæði neyðarskýlanna þriggja fyrir konur og karla	64
Tafla 2 Samanburður á aðstöðu starfsfólks í neyðarskýlunum þremur	69

1 Inngangur

Reynsla kvenna af Konukoti er rannsókn sem sprettur upp úr sjálfboðaliðastarfi mínu í Konukoti. Konurnar sem dvelja þar eru heimilisláusar og komnar á stað sem engin fer á nema í algjörri neyð. Samt virðast þær bara venjulegar konur sem hafa þó búið við óvenjulegar aðstæður. Mig langar að vita meira um þessar konur, svo sem hvernig líf þeirra var áður en þær misstu heimili sitt, hvort þær eigi eitthvað sameiginlegt, hvernig þeim líður í Konukoti, hvað þeim finnst um Konukot og hvað þær glíma við á hverjum degi. Rödd þeirra þarf að heyrast því þannig er mögulegt að koma því áleiðis sem betur má fara í þjónustu við konurnar að mati þeirra sjálfra.

Á ritunartímanum hafa konur og annað fólk sem glíma við heimilisleysi verið í umræðunni og í desember 2022 eru þau áberandi í fréttum og umfjöllun á miðlum. Í frosthörkum, snjókomu og stormi í aðdraganda jóla hafa þau sjálf vakið athygli á því að þau eiga ekki í nein hús að venda því neyðarskýlin eru lokuð frá tíu að morgni til fimm síðdegis (Hringbraut, 2022). Reykjavíkurborg virkjaði neyðaráætlun í málaflokki heimilisláusra með miklar og flóknar þjónustuparfir og hafði neyðarskýlin opin allan sólarhringinn tímabundið frá 16. desember því veðurskilyrðin þann dag og næstu ógnuðu lífi og heilsu fólksins (Reykjavíkurborg, 2022). Fólk sem glímir við heimilisleysi er að berjast fyrir tilveru sinni, lífi og limum. Neyðarskýlin koma einungis til móts við þau hluta úr sólarhringnum nema úti geisi óveður.

Konur í Konukoti virðast við fyrstu sýn vera jákvæðar gagnvart Kotinu og þjónustu þar. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að viðhorfið sem mætir þeim er, líkt og fram kemur í titli ritgerðar, virðing. Þeim er mætt af mannúð og með kærleika, tekið eins og hverri annarri manneskju eða eins og ein þeirra segir orðrétt, en allar þeirra tala um með einum eða öðrum hætti, þá er Konukot: „Eini staðurinn í samfélaginu þar sem ekki er horft niður á þig“. Konurnar í Konukoti hafa reynslu af því gagnstæða úr samfélaginu, að þeim sé mætt með útilokun og þær fordæmdar fyrir þann stað sem þær eru komnar á.

Vísindalegt gildi rannsóknarinnar felst í að beina sjónum að aðbúnaði og reynslu þessa jaðarsetta hóps sem konur í Konukoti eru, og varpa á hann á skýru ljósi. Sjálfboðaliðavinna í Konukoti gerir mér harla ljóst að ég er forréttindakona. Ég hef aldrei þurft að leiða hugann að því hvar ég geti sofið, hvenær eða hvar næsta máltíð verði eða hvort ég komist á klósettið og í sturtu þegar mér detti í hug. Ég óttast ekki fordæmingu lögreglu eða heilbrigðisstarfsfólks sem aðstoðar mig eða efast um að ég þurfi aðstoð eða eigi hana skilið eins og annað fólk. Í

daglegu lífi er umhverfi mitt öruggt, ég á auðvelt með finna stað þar sem ég er ein út af fyrir mig, fólk er vinsamlegt við mig og sýnir mér virðingu, ég hef hvorki upplifað ofbeldi né vænti þess að vera beitt því, hvað þá í daglegu lífi. Ég er örugg. Konur sem glíma við heimilisleysi eru einn af jaðarsettustu hópum á Íslandi og ströglu daglega við það sem mér finnst sjálfsagt. Hver dagur snýst um lífsbaráttu í fjandsamlegum heimi þar sem lífsnauðsynjar, öryggistilfinning og afdrep eru einatt utan seilingar.

Ávinningur og markmið rannsóknarinnar er að draga úr jaðarsetningu minnihlutahópsins heimilislausar konur sem nýta sér Konukot og vekja athygli á félagslegu misrétti sem hópurinn verður fyrir og útskýra hvernig bakgrunnur þeirra hefur áhrif á hvernig þjónustan þarf að vera. Það þarf að bæta aðstöðu og þjónustu í Konukoti til þess að koma til móts við þarfir kvennanna. Í Konukoti þarf að vera hægt að uppfylla grunnþarfir svo hægt sé að vinna samkvæmt skaðaminnkandi hugmyndafræði sem starfið byggir jú á og veita bæði kynja- og áfallamiðaða þjónustu (Rótin, e.d.-c).

Hér verður leitað svara við rannsóknarspurningunum:

- Hver er bakgrunnur kvenna í Konukoti?
- Hvernig er húsnæði Konukots og þjónustan sem veitt er þar og hver er reynsla kvenna af Konukoti?
- Hvernig er lífsbarátta og samfélag kvenna sem glíma við heimilisleysi?
- Er munur á milli neyðarskýlanna eftir því hvort þau eru fyrir konur eða karla?

Konukot er sett á stofn sem tilraunaverkefni hjá Reykjavíkurbild Rauða kross Íslands árið 2004 og er neyðarskýli fyrir heimilislausar konur. Það er opið milli klukkan 17 síðdegis og til 10 að morgni alla daga ársins og hefur verið rekið í tæplega 18 ár. Reykjavíkurborg útvegaði húsnæðið í Eskihlíð 4 sem enn er notað. Eftir tvö ár þótti þörfin á slíku neyðarskýli sönnuð og Velferðarsvið Reykjavíkurborgar samdi við Rauða krossinn og reiddi fram rekstrarfé (Rauði kross Íslands, 2011; Signý Gunnarsdóttir, 2009). Í október 2020 tóku félagasamtökin Rótin við rekstrinum af Rauða krossinum. Konukot er rekið með mannúðarsjónarmiði og skaðaminnkandi hugmyndafræði. Rótin innleiddi bæði áfalla- og kynjamiðaða þjónustu. Bæði starfskonur og sjálfboðaliðar standa vaktina í Konukoti en Rótin og Reykjavíkurborg hafa reitt sig minna á sjálfboðaliða en Rauði krossinn gerði og nú eru allar vaktir mannaðar með tveimur

starfskonum, og sjálfboðaliðum aukalega á kvöldvöktum ef hægt er. Markmiðið í Konukoti er að mæta konum á þeim stað sem þær eru staddar og gera þeim lífið bærilegra meðan þær dvelja þar (Rótin, e.d.-b).

Ritgerðinni skipti ég í átta kafla. Í 2. kafla fer ég yfir þau fræðilegu sjónarmið sem lögð eru til grundvallar í rannsókninni. Aðferðafræðin er umfjöllunarefni 3. kafla, rannsóknaraðferðinni er lýst ásamt þátttakendum og þeim siðferðilegu álitamálum sem kviknuðu. Niðurstöður rannsóknarinnar eru tíundaðar í fjórum köflum þar sem hver kafli tengist sinni rannsóknarspurningu. Í 4. kafla skoða ég bakgrunn kvennanna, hvað þær eiga sameiginlegt og hvað greinir þær í sundur. Í 5. kafla lýsi ég Konukoti, bæði húsnæðinu og þjónustunni, og svara rannsóknarspurningunum sem lúta að reynslu kvennanna af dvöl og þjónustu þar. Kafli 6 fjallar um líf og samfélag kvennanna þegar glímt er við heimilisleysi og í hverju lífsbarátta þeirra er fólgin. Í 7. kafla ber ég saman neyðarskýli karla og Konukot til að athuga hvort karlar og konur fái sambærilega þjónustu. Umræður og lokaorð eru í 8. kafla.

2 Fræðileg sjónarmið

Heimilislausar konur er jaðarsettur hópur að fleiri en einu leyti. Kenningar um samtönnun mismunabreyta (e. intersectionality) taka tillit til þess að margt hefur áhrif til jaðarsetningar en ekki bara ein breyta, eins og kyn. Kenningarnar má rekja til fræðikonunnar Kimberlé Crenshaw en hún segir að þegar unnið sé að jafnrétti þurfi að taka til greina að sumir hópar búi við margþætta mismunun og taka þurfi tillit til allra þáttanna, til dæmis kyns og kynþáttar en einnig annarra svo sem fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar og stéttar (Crenshaw, 1994). Kimberlé Crenshaw hefur bent á að konur sem hafa þurft að flýja heimilisofbeldi og dvelja í neyðarskýlum séu jaðarsettar vegna fleiri þátta en ofbeldis, svo sem kynþáttar, stéttar og atvinnuleysis. Þannig spili inn í að svartar konur glími oftast við atvinnuleysi en hvítar konur, svartar konur eigi minna bakland en hvítar konur og gangi verr að koma sér í öruggt skjól frá ofbeldinu. Mismunun og jaðarsetningu verði því ávallt að skoða með samtönnun mismunabreyta í huga (Crenshaw, 2006). Konur sem glíma við heimilisleysi búa við margþætta mismunun. Þær eru konur þannig að þær eru jaðarsettari en heimilislausir karlar. Auk þess eiga þær ekkert svo þær tilheyra lágstétt. Vímuefnavandi þeirra gerir enn fremur að verkum að þær eru mjög útsettar fyrir ofbeldi af ýmsu tagi (Beijer o.fl., 2018; Calvo o.fl., 2022). Sýnt hefur verið fram á að þær kljást við andlega sjúkdóma og heilsuþrest í meira mæli en heimilislausir karlar (Montgomery o.fl., 2017; Winetrobe o.fl., 2017). Fleiri þættir hafa áhrif til

enn frekari mismununar, til dæmis ef konur eru af erlendum uppruna eða þjóðerni, hafa annað móðurmál, trú eða menningu en flestir Íslendingar og fjalla ég um þetta í ritgerðinni. Samtvinnun mismunabreyta leggur þannig fræðilegan grundvöll rannsóknarinnar.

Tvær námsritgerðir á meistarastigi í félagsráðgjöf til starfsréttinda tengjast konum í Konukoti. Lovísa María Emilsdóttir rannsakar viðhorf og reynslu fjögurra félagsráðgjafa af neyðarúrræðinu Konukoti og spyr hvaða konur nýti sér úrræðið og hver bakgrunnur þeirra sé. Niðurstöðurnar eru að félagsráðgjafarnir segja að konurnar sem þau hafi þjónustað og nýttu sér úrræðið Konukot hafi allar átt erfið uppeldisskilyrði, hafi orðið fyrir vanrækslu og ofbeldi, og að bakland þeirra hafi verið lélegt. Flestar þeirra neyti áfengis og/eða vímuefna og þær eigi margar hverjar við geðræn vandamál að stríða. Viðhorf félagsráðgjafanna til úrræðisins er almennt mjög gott. Einnig horfa þau jákvætt til skaðaminnkandi hugmyndafræði en sú hugmyndafræði er fyrst og fremst skoðuð með tilliti til neyslurýmis sem er í Konukoti og félagsráðgjöfunum finnst kostur og framför frá því þegar skjólstæðingar þurftu að fara út til að neyta vímuefna í æð. Það sem félagsráðgjafarnir benda líka á er að það vanti úrræði, annað en Konukot, fyrir konur með tvígreiningar eða þær konur sem glíma bæði við alvarlegan fíknivanda og miklar geðrænar áskoranir. Konukot henti tvígreindum konum ekki vel. Sérstakt úrræði fyrir karla með tvígreiningar er til staðar í Reykjavík en ekki konur (Lovísa María Emilsdóttir, 2017, bls. 62-70).

Seinni meistararitgerðin í félagsráðgjöf er eftir Sif Sigurðardóttur en hún rannsakar reynslu og upplifun heimilislausra kvenna sem nota vímuefni í æð til þess að varpa ljósi á áfallasögu þeirra og talar hún við sex konur í sinni rannsókn. Niðurstöður eru skoðaðar í ljósi áfallasögu þeirra en konurnar eiga það sameiginlegt að finna til vanlíðunar, fyrir og eftir áföll, og sjálfsmat þeirra er lágt. Þær hafa allar verið innan um mikið ofbeldi og verið beittar ofbeldi. Neysla á vímuefnum sé til að deyfa vanlíðan. Allar konurnar benda á að þjónusta við þær sé ekki við hæfi, hún þurfi að vera einstaklingsbundin og til langs tíma. Þá finnst þeim vanta upp á virðingu við sig af hendi þjónustugjafa, og þær telja sér ekki mætt á jafningjagrundvelli. Það þurfi að beita heildrænni nálgun til að þjónusta þær sem skyldi og hjálpa þeim að vinna úr áföllum, hætta vímuefnaneyslu og eignast fastan samastað (Sif Sigurðardóttir, 2018, bls. 84-96).

Valgerður Jónsdóttir gerir meistararannsókn í kynjafræði á konum með tvígreiningar og kannar hvort þær fái lakari þjónustu en karlar með tvígreiningar með tilliti til búsetuúrræða sem þeim bjóðast hjá sveitarfélögum. Konur sem glíma við bæði alvarlega geðsjúkdóma og

mikinn neysluvanda glíma einnig við heimilisleysi. Valgerður byggir rannsóknina á viðtölum við átta þátttakendur sem þekkja til málaflokksins; sérfræðinga hjá sveitastjórnnum, heilbrigðiskerfi og félagasamtökum, auk embættismanna og umsjónaraðila þjónustumiðstöðva. Viðmælendur tengjast málefnum utangarðsfólks, eins og fólk sem glímir við heimilisleysi er nefnt í ritgerð Valgerðar, í takt við tíðaranda á ritunartíma. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að konur með tvígreiningar teljast með flóknari þjónustuparfir en karlar með sömu greiningar. Auk þess séu konurnar mun berskjaldaðri fyrir ofbeldi en karlarnir og þurfi þær því betri þjónustu. Niðurstaðan er á þá leið að algjört úrræðaleysi og áhugaleysi ríki hjá stjórnvöldum gagnvart þörfum þeirra fyrir búsetuúrræði (Valgerður Jónsdóttir, 2018, bls. 25-41, 51-54).

Fram til ársins 2019 er fólk sem glímir við heimilisleysi yfirleitt nefnt utangarðsfólk en eins og fram kemur í *Stefnu í málefnum heimilisláusra með miklar og flóknar þjónustuparfir 2019-2025* er snúið frá því orðalagi vegna þess hve gildishlaðið orðið er. Aukinheldur getur það haft merkinguna að vera jörðuð utan kirkjugarðs (Reykjavíkurborg, velferðarsvið, 2019). Í tengslum við jaðarsetningu fólks sem glímir við heimilisleysi liggur fyrir bresk rannsókn Jessicu Rea með vísbendingum um að reynslan sem leiðir til heimilisleysis felist í rofnum samböndum, til dæmis við foreldra. Rea segir ástæðu þess að fólkið hafni eða leiti ekki eftir hugsanlegum stuðningi vera þeir fordómar sem tengjast heimilisleysi. Til þess að draga úr jaðarsetningu og stigma fólks sem glími við heimilisleysi sé æskilegt að taka til greina að það að missa heimili sitt er á ábyrgð samfélagsins en ekki persónunnar sjálfrar, heimilisleysi sé samfélagslegt vandamál, ekki persónulegt (Rea, 2022).

Skilgreining á því að vera án heimilis, eða húsnæðislaus, sækir ég í skýrslu samráðshóps Félagsmálaráðuneytis frá árinu 2005 og er það sú skilgreining sem Reykjavíkurborg styðst við og hljóðar svo:

Húsnæðislaus er sá sem ekki hefur aðgang að hefðbundnu húsnæði, hann hefur ekki húskjól að staðaldri á sama stað og gistir þar sem kostur er hverja nótt, þar með talið í gistiskýli, á gistiheimili eða inni á öðru fólki. Þeir sem koma úr tímabundnu húskjól, svo sem úr fangelsi eða úr vímuefnaeðferð, eiga sögu um margháttada húsnæðis- og félagslega erfiðleika og eiga ekki tryggt húskjól einum til tveimur mánuðum áður en þeir fara úr hinu tímabundna húsnæði, eru taldir hér með. (Félagsmálaráðuneytið, 2005)

Reykjavíkurborg styðst við nákvæmari flokkun fólks sem glímir við heimilisleysi eftir kerfi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem skammstöfuð er ETHOS-skilgreiningin (e. European typology of homelessness and housing exclusion) en í þeirri skilgreiningu eru fjórir

yfirflokkar og undir hverjum yfirflokki eru mismargir aðgerðarflokkar. Í úttekt Reykjavíkurborgar frá árinu 2021, *Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustubarfir*, kemur fram að borgin styðst við þessa flokkun í einfölduðu formi og samkvæmt úttektinni eru flokkarnir þessir:

1) Á götunni; annars vegar fólk á götunni eða víðavangi og hins vegar fólk sem nýtir sér neyðarskýli. Hér eru konurnar í Konukoti.

2) Húsnæðislaus; fólk sem er í húsnæði fyrir heimilislausu, til dæmis smáhúsum og húsnæði sem flokkast undir húsnæði fyrst (e. housing first), og fólk að útskrifast af stofnunum, svo sem fangelsi, fólk í húsnæði með langtímastuðning, konur í kvennaathvörfum.

3) Ótryggar húsnæðisaðstæður; til dæmis fólk í ólöglegri leigu eða sem er tímabundið hjá fjölskyldu og fólk sem býr við ofbeldisógn.

4) Ófullnægjandi húsnæði; til dæmis fólk sem býr í hjólhúsum (Reykjavíkurborg, velferðarsvið, 2021).

Reykjavíkurborg hefur fjórum sinnum gert úttekt á heimilislausum, árin 2009, 2012, 2017 og síðast 2021 en þá er heildarfjöldi einstaklinga sem glímir við heimilisleysi 301. Þar af eru 54% í húsnæði (ETHOS flokkum 2 og 3), 3% á víðavangi og 31% í neyðargistingu (samtals 34% í ETHOS flokki 1). Kynjaskiptingin er þannig að karlar eru 214 (71%) og konur 87 (29%) og þær eru því þriðjungur hópsins. Þjóðerni fólksins skiptist þannig að 89% hópsins er með íslenskt ríkisfang en 11% er með erlent ríkisfang. Ekki kemur fram í úttektinni hvernig kynjaskipting er með tilliti til þjóðernis. Aldursdreifing hópsins er á þá leið að 71% hópsins er á aldrinum 21–49 ára og kynjadreifing eftir aldri er yfirleitt á þann veg að konur eru nálægt þriðjungur á við karla á öllum aldersbilum nema í aldurshópnum 41–50 ára því þar eru konur fleiri, 13 konur móti 10 körlum (Reykjavíkurborg, velferðarsvið, 2021).

Af því fólki sem nýtir sér neyðarskýlin árið 2021 eru 65 karlar, það eru 30% karlanna sem glíma við heimilisleysi, og 28 konur sem eru 32% kvenna sem ekki hefur heimili. Þriðjungur karla og kvenna nýtir sér neyðarskýlin (Reykjavíkurborg, velferðarsvið, 2021). Skýlin eru þrjú; Konukot og fyrir karlana eru það bæði Gistiskýlið á Lindargötu og Neyðarskýlið við Grandagarð. Öll eru neyðarskýlin opin frá klukkan 17 síðla dags og til klukkan 10 morguninn eftir alla daga ársins, og bjóða upp á kvöld- og morgunmat auk stuðnings og þjónustu frá VoR-teymi, vettvangs- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar, og starfsfólki neyðarskýlanna (Reykjavík, e.d.). Neyðarskýlin eru úrræði sem grípa fólk sem tilheyrir ETHOS-flokki 1, fólkið sem er í

mestri neyð þeirra sem ekki eiga heimili. Konurnar í Konukoti eru rannsóknarefni þessarar ritgerðar og markmiðið að leggja mat á hvernig Konukot kemur til móts við þær.

Í Konukoti er grunnþörfum sinnt, konur fá rúm að sofa í og mat að borða, og lögð er áhersla á hugmyndafræði í anda skaðaminnkunar. Skaðaminnkun er oftast tengd við stefnu, áætlanir og starfsvenjur sem miða að því að draga úr skaðanum sem tengist notkun vímuefna hjá þeim sem eiga við fíknivanda að stríða, og geta ekki, eða vilja ekki, hætta notkun. Áherslan miðar að því að koma í veg fyrir skaða þrátt fyrir að manneskjan haldi áfram neyslu. Hugmyndafræðin á rætur í mannréttindum og hugmyndum um jafnan rétt allra. Fólk sem glímir við fíknivanda fyrirgerir þannig ekki mannréttindum sínum með neyslu vímuefna og hefur sama rétt og aðrar manneskjur til heilbrigðisþjónustu, til að stefna að bestu heilsu sem möguleg er á hverjum tíma, til félagsþjónustu og frelsis frá handahófskenndu gæsluvarðhaldi og ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð lögreglu. Skaðaminnkunarstefna styður engu að síður fólk til að breyta hegðun sinni ef það getur. Samkvæmt stefnunni er mikilvægt að ögra alþjóðlegum og innlendum lögum og stefnum sem hafa átt þátt í að skapa óheilnæmar og hættulegar aðstæður til neyslu vímuefna og þannig valdið óþarfa skaða. Til þess að skaðaminnkandi hugmyndafræði verði inngildandi ætti hún að vera hluti af opinberri umræðu almennings, hagsmunaaðila og fólksins sem þarf á henni að halda (HDRC, 2010).

Á Íslandi hefur skaðaminnkandi hugmyndafræði komist í opinbera umræðu upp á síðkastið ekki síst í tengslum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974 eða afglæpavæðingu neysluskammta. Matthildur, samtök um skaðaminnkun, er nýlega stofnuð, eða 27. apríl 2022, og um markmið samtakanna segir:

Tilgangur samtakanna er að auka þekkingu og vinna að framgangi skaðaminnkandi inngripa og úrræða á Íslandi, þar sem fagleg þjónusta og gagnreynd þekking er höfð að leiðarljósi.

Tilgangur samtakanna er einnig að standa vörð um mannréttindi jaðarsetts fólks á Íslandi einkum fólks sem notar vímuefni, glímir við vímuefnavanda og/eða heimilisleysi. (Matthildur, 2022)

Matthildur heldur úti síðu á Facebook og deilir þar meðal annars fréttaskoti af miðlinum Vísi um Konukot frá 12. október síðastliðnum um að Konukot sé nú orðið yfirfullt og þau 12 rúm sem þar eru til ráðstöfunar dugi ekki fyrir fjöldann sem þangað sækir og gripið hafi verið til þess ráðs að láta konur sofa í hægindastólum og sófum (Matthildur, 2022; „Konukot yfirfullt“, 2022). Að beina þessari frétt í kastljósið er skaðaminnkun í framkvæmd því bent er á

að þjónusta Konukots er til staðar, til að minnka skaðann af því að vera heimilislaus kona, og að úrræðið er ekki nægilega stórt, það er yfirfullt og það þurfi því að gera betur og bregðast við. Þannig er því viðhorfi að mannréttindi jaðarsetts fólks ætti að virða ásamt því að minnka ætti skaðann sem af jaðarsetningunni hlýst. Þekktasta skaðaminnkunarræðið á Íslandi er sennilega Frú Ragnheiður sem er nálaskiptaþjónusta í bíl sem ekið er til þeirra sem þarfnast þjónustunnar. Auk búnaðar til neyslu í æð er boðið upp á hreinlætisvörur, sálrænan stuðning, ráðgjöf, næringu, hlý föt, svefnpoka, tjaldþýnur, tjöld og aðhlyningu vegna sára auk lágmarks heilbrigðisþjónustu því hjúkrunarfræðingur er á hverri vakt (Rauði kross Íslands. Innanlandsverkefni, e.d.).

Skaðaminnkun getur líka lotið að orðanotkun, virðingu og framkomu við jaðarsett fólk, eins og það sem á við vímuefnavanda að stríða. Alheimsráð um stefnu í vímuefnumálum (e. Global Commission on Drug Policy), þar sem Kofi Annan fyrrverandi forseti Sameinuðu þjóðanna situr meðal annarra, hefur bent á að forðast skyldi orð eins og „dópesti“, „fíkill“, „sprautufíkill“ og „vímuefnaneytandi“ í allri umræðu. Slík orðanotkun auki enn frekar jaðarsetningu, fordóma og ótta og leiði til stimplunar og félagslegrar mismununar. Alþjóðaráðið talar til leiðtoga, ríkisstjórna, þings, lögreglu, dómskerfis, fjölmiðla og ekki síst til starfsfólks í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Læknatímaritið *British Medical Journal* hefur birt grein til að vekja athygli á skaðaminnkun í heilbrigðiskerfinu og hvetur starfsfólk þess til að nota gagnreyndar forvarnir, meðferðir og skaðaminnkandi þjónustu. Það séu árangursríkar aðferðir sem reynslan hafi sýnt að komi að gagni fyrir markhópinn, vinni gegn stimplun og enn frekari jaðarsetningu. Þar sem heilbrigðisstarfsfólk sé oft fyrst til að sinna fólki með vímuefnavanda þegar heilsan brestur sé mikilvægt að orðaval og framkoma þess sé í anda skaðaminnkunar og virðing sýnd hinum veika (Global Commission on Drug Policy, 2018; O’Dowd, 2018).

Skaðaminnkandi hugmyndafræði er því ekki einungis bundin við að bjóða upp á neyslurými fyrir fólk sem á við vímuefnavanda að stríða, heldur hugsunarháttur sem þarf að skila sér í samfélagið allt og í umræður almennings. Því miður er tiltækt nýlegt dæmi úr íslenskum veruleika sem brýtur í bága við skaðaminnkandi hugmyndafræði. Í september 2022 birtist frétt í Morgunblaðinu með fyrirsögninni: „Fíklarnir fá sólarhring“. Fréttin fjallar um tjöld í Öskjuhlíð sem fólk sem ekki á heimili og glímir við vímuefnavanda hefur haldið til í. Fram kemur að Morgunblaðið hafi spurt fulltrúa Reykjavíkurborgar hvenær tjöldin verði fjarlægð.

Vitnað er beint í svar fulltrúa borgarinnar þar sem segir að „fíklar“ haldi sig gjarnan á ákveðnum svæðum. Í lok fréttarinnar er talað um að finna megi tjaldbúðir þar sem „heimilisláusir vímuefnaneytendur“ haldi til („Fíklarnir fá sólarhring“, 2022). Þrisvar sinnum í örstuttri frétt er klifað á smættandi, lítilsvirðandi orðum og þau notuð til stimplunar á jaðarsettum hóp. Á þessu dæmi má sjá að skaðaminnkandi hugmyndafræði á talsvert langt í land á Íslandi. Í Konukoti er ekki einungis lagt upp með hugmyndafræði í anda skaðaminnkunar því nálgun þar er einnig kynjamiðuð.

Áður en gerð verður grein fyrir kynjamiðaðri nálgun er mikilvægt að fjalla um kynjakerfið. Sylvia Walby lýsir feðraveldinu (e. patriarchy), eða með öðrum orðum kynjakerfinu, sem félagslegu og kerfislegu mynstri og samfélagsgerð þar sem karlar hafi völd yfir konum á sex megin sviðum samfélagsins; í atvinnulífi, hjá ríkisvaldinu, í menningunni, því sviði sem tengist kynhneigð og kynhegðun, á heimilinu/í fjölskyldunni og hvað varðar ofbeldi (Walby, 1997). Áhrif kynjakerfisins á heimilisláusar konur eru áberandi í gegnum það ofbeldi sem þær hafa verið beittar. Þorgerður Einarsdóttir hefur fjallað um aðstæður á Íslandi með hliðsjón af hugmyndum Walby á kynjakerfinu. Karlar hafa meiri völd og forréttindi en konur í ríkjandi kynjakerfi en á sviðunum sex eru yfirráðin mismunandi sterk eftir stöðum og tímabilum og skilyrt bæði sögu- og menningarlega. Ofbeldið er kynbundið þar sem karlar eru meirihluti gerenda og konur þolenda sem endurspeglar kerfisbundið valdamynstur. Ofbeldi gegn konum birtist til dæmis í nauðgunum, heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi (Þorgerður Einarsdóttir, 2006; Walby, 1997). Konur í Konukoti verða fyrir alls kyns ofbeldi og rímar það við niðurstöður Sifjar Sigurðardóttur (2018) á konum sem glíma við heimilisleysi og vímuefnanotkun en þær hafa allar upplifað mikið ofbeldi í sínu umhverfi og verið beittar því. Ofbeldisógnin í kynjakerfinu er nátengd nauðgunarmenningu en skilgreiningu á henni má sækja í rannsókn Finnborgar Salome Steinþórsdóttur og Gyðu Margrétar Pétursdóttur: „Nauðgunarmenning hefur verið skilgreind sem menning sem ýtir undir og viðheldur kynferðislegu ofbeldi gegn konum og samþykkir ofbeldið og ótta kvenna við ofbeldið sem norm“ (2019). Höfundar benda einnig á orðræðuna kringum nauðganir þar sem brotapolum er kennt um nauðganir, nauðgun er dregin í efa og gerendur og gjörðir þeirra eru afsakaðir. Aðgerðaleysi ríkisvaldsins er þáttur í nauðgunarmenningu því viðurkennt er í samfélaginu að vandamálið sé til staðar en lítið sem ekkert er gert til að sporna við því (Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir, 2019).

Kynjamiðuð nálgun styðst við aðferðir sem endurspegla skilning á kynhlutverkum og þeim ójöfnuði sem hlýst af kynjakerfinu sem lýst er hér að ofan. Nálgunin miðar að því að skipta gæðum út frá þörfum kynjanna. Gott dæmi um kynjamiðaða nálgun er að konur sinni konum, að þarfir kvenna séu hafðar í fyrirrúmi í þjónustu við þær og að gætt sé að öryggi þeirra með tilliti til ofbeldis sem þær eru útsettar fyrir (Jardine og Burns, 2020). Það skal áréttað hér að í kynjamiðaðri nálgun, eins og hugtakið er notað á Íslandi og víðast hvar í heiminum, er gengið út frá kynjatvíhyggju og einungis gert ráð fyrir tveimur kynjum. Kynjamiðuð nálgun er því ekki í takt við lög um kynrænt sjálfræði nr. 80 frá 2019 og uppfærð lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150 frá 2020 sem voru endurskoðuð í kjölfar nýju laganna um kynrænt sjálfræði. Á Íslandi getur fólk nú skilgreint kyn sitt utan kynjatvíhyggju og í þjóðskrá er hægt að velja milli þriggja kosta við kynskráningu; kona, karl og annað. Það er vert að hafa í huga að í þjónustu við þau sem glíma við heimilisleysi er einungis gert ráð fyrir konum og körlum en ekki gert ráð fyrir að kvár eða þau sem skilgreina sig utan kynjatvíhyggjunnar geti orðið heimilislaus.

Í kynjamiðaðri rannsókn frá árinu 2015 á fólki sem glímur við heimilisleysi í Bandaríkjunum, Ástralíu og Bretlandi eru niðurstöðurnar þær að 32% kvenna sem kljást við heimilisleysi eiga sögu um kynferðislegt áfall í æsku á móti 10% kvenna almennt og 10% karla sem eru heimilislausir á móti 5% karla almennt. Að hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og þar með áfalli sem barn er sérstakur áhættuþáttur fyrir heimilisleysi síðar á ævinni. Bæði líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi í æsku er algengara meðal þeirra sem glíma við heimilisleysi í vestrænum heimi en meðal íbúa almennt. Rannsakendur hafa bent á að í þjónustu við fólk sem glímur við heimilisleysi þyrfti að taka meira tillit til áfalla og ofbeldis í æsku (Sundin og Beguley, 2015).

Um helmingur mannkyns er konur en samt hafa lögregla og löggæslustofnanir verið seinar til að þróa viðbrögð til að tryggja konum öryggi sem þó er forsenda fyrir vellíðan hjá þeim. Konur sem glíma við vímuefnavanda og konur sem selja kynlíf eða stunda vændi eru sérstaklega berskjaldaðar fyrir íhlutun af hálfu lögreglu og þær skortir einnig félagslegan stuðning sem eykur enn frekar viðkvæmni hópsins. Í kynjamiðaðri nálgun er lögð áhersla á að hafa sérstaka löggæslustöð eða deild til að tilkynna um kynbundið ofbeldi þar sem lögreglukonur sinna þeim konum og börnum sem þangað eiga erindi (Jardine og Burns, 2020).

Í Konukoti er kynjamiðuð nálgun enda er þar tekið á móti konum og þar vinna einungis starfskonur. Neyðarskýli fyrir konur hefur verið rekið í um 18 ár, en fyrir karla í um 54 ár eða þrisvar sinnum lengur því fyrirrennari Gistiskýlisins á Lindargötu var Farsóttarhúsið að

Þinghóltsstræti 25 sem hóf starfsemi seint á sjöunda áratug síðustu aldar og flutti á Lindargötu árið 2014. Farsóttarhúsið var ætlað karlmönnum og ekki gert ráð fyrir konum þar („Gistiskýlið flytur á Lindargötu,“ 2013).

Í rannsókn til meistaraþráðu í mannfræði 2004 skrifar Helga Þórey Björnsdóttir um sjálfsmyndina í orðræðu heimilislauss fólks út frá viðtölum við fólk sem glímir við heimilisleysi, aðallega karla, og bendir þá þegar á kynjamuninn meðal heimilislausra. Konur séu miklu færri en karlarnir og orðræðan tali sínu máli. Konurnar leiti ekki í Gistiskýlið að Þinghóltsstræti, enda sé það ekki ætlað þeim. Karlarnir sem og kona sem hún talar við hafa sínar skýringar á hvernig standi á því. Orðræða karlanna endurspeglar þá hugmynd að konur sem glíma við heimilisleysi eigi auðveldara með að redda sér því þær geti gefið kynlífsgreiða, eða stundað vændi, til að fá húsaskjól. Olga Sif er viðmælandi í rannsókninni og útskýrir hvers vegna konur sjáist ekki á götunni en það sé vegna þess að þær „finna karla og leggjast upp á þá“ og séu á „götunni og stunda sitt vændi“ (Helga Þórey Björnsdóttir, 2004, bls. 91-95). Ljóst var fyrir 18 árum að kynjamunur var meðal fólks sem glímir við heimilisleysi og enn er munur á aðstæðum hópsins eftir kyni og er kynjamiðaðri nálgun ætlað að taka tillit til þess raunveruleika og vinna gegn kynbundnum aðstöðumun.

Kynjamiðaðar rannsóknir sýna að konur sem glíma við heimilisleysi eiga við skaðlegri heilsufarsvanda að stríða en karlar í sama hópi. Þær eiga frekar á hættu að deyja fyrir aldur fram en karlar sem glíma við heimilisleysi (Montgomery o.fl., 2017). Þær þjást að meðaltali meira af andlegum og krónískum heilsuvanda en karlar í sömu stöðu (Winetrobe o.fl., 2017).

Í Svíþjóð voru rannsakaðir tveir hópar kvenna sem áttu við mikinn vímuefnavanda að stríða; annars vegar konur sem glímdu við heimilisleysi og hins vegar þær sem áttu heimili og lifðu venjulegra lífi. Báðir hópar kvennanna eru hættulega (e. alarming) útsettar fyrir ofbeldi af hendi karla, það er kynbundnu ofbeldi, á fullorðinsaldri. Í rannsókninni er bent á hve nauðsynlegt það er að samfélagið bregðist við þessu með styðjandi aðgerðum og að hættan á ofbeldi sé greind snemma. Ofbeldi sem karlar beita þessar konur hefur alvarleg sálræn áhrif á þær og tengist beint algengi áfallastreituröskunar hjá þeim. Í rannsókninni er bent á að í samfélaginu ætti að taka til greina þessa ofbeldis- og áfallareynslu í þjónustu við konurnar. Áhrifin af ofbeldinu eru margháttuð, það er sálfræðileg, félagsleg og líkamleg. Þau sjást í sögu kvennanna og fara kynslóða á milli (Beijer o.fl., 2018).

Spænsk rannsókn með kynjamiðaðri nálgun hefur einnig sýnt fram á kynjaðan mun á ofbeldi meðal þeirra sem glíma við heimilisleysi. Um er að ræða stóra, megindlega rannsókn eftir Calvo, Watts, Carbonell, Panadero, Giralt og Rived-Ocaña (2022). Úrtakið er 504 einstaklingar sem er 53,1% þýðisins; fólk sem glímur við heimilisleysi á ákveðnu svæði á Spáni. Rannsóknin náði yfir þriggja ára tímabili og tók meðal annars til munar milli kvenna og karla. Nánast allar konurnar í rannsókninni, eða 91,7% þeirra, höfðu upplifað ofbeldi áður en þær urðu heimilisláusar samanborið við 24,7% karlanna. Meðal karla og kvenna sem glíma við heimilisleysi spáir það að vera kona best um líkur á að verða þolandi ofbeldis, meira en aldur, hve lengi heimilisleysið hefur varað, andleg heilsa og fíknivandi. Að vera kona er sjálfstæður áhættuþáttur fyrir að vera útsett fyrir ofbeldi meðal þeirra sem ekki eiga heimili (Calvo o.fl., 2022). Það er því mikilvægt að beita kynjamiðaðri nálgun í þjónustu við konur sem glíma við heimilisleysi. Ná tengd henni er áfallamiðuð nálgun en kynferðisofbeldi er það áfall sem helst veldur áfallastreitu (*Áfallasaga kvenna*, e.d.).

Áfallamiðuð nálgun gerir ráð fyrir og tekur tillit til þess að fólk hafi orðið fyrir áfalli og þeim miklu áhrifum sem áfallið hefur á allar hliðar persónunnar. Áfall er flókin reynsla sem hefur víðtæk áhrif. Áfalli má lýsa sem atburði, reynslu af honum og áhrifum hans. Þau felast meðal annars í hvernig einstaklingurinn bregst svo við atburðinum, hvernig hann mótar hegðun í framtíðinni og hvernig almenn líðan verður í kjölfarið. Reynslan af áfalli breytir manneskjunni í nútíð og til framtíðar. Dæmigerðar afleiðingar eru að endurupplifa atburðinn, bregðast við vissu áreiti með ýktum hætti, forðast ákveðnar aðstæður, frjósa og fara í vörn, auk þess sem taugalíffræðileg langtímaáhrif birtast til að mynda sem streita (Find Youth Info, 2013). Í áfallamiðaðri nálgun er stuðlað að bata með heilandi umhverfi fremur en aðferðum eða þjónustu sem gæti valdið endurteknu áfalli. Áhersla er lögð á skilning, virðingu og viðeigandi viðbrögð við áföllum. Í stað þess að spyrja hvað sé að manneskjunni er spurt hvað kom fyrir hana. Í áfallamiðaðri þjónustu eru fimm lykilatriði: 1) Öryggi. Tryggja þarf bæði líkamlegt og tilfinningalegt öryggi skjólstæðinga. 2) Val. Fólk hafi val og stjórn. 3) Samvinna. Ákvarðanir séu teknar í samvinnu starfsfólks og skjólstæðinga. 4) Traust og skýr mörk milli skjólstæðinga og starfsfólks. 5) Valdefling. Fólk sé eft og metið að verðleikum (ITTIC, 2022).

Áfallamiðuð nálgun er ástunduð í Konukoti og tillit tekið til brotinnar sjálfsmýndar kvennanna, sjálfsásökunar þeirra og skammarinnar sem þær upplifa. Með þeim hætti er Konukot málsvari kvenna sem eiga sögu um áföll og/eða vímuefnavanda (Rótin, e.d.-c).

Sameiginlegur vandi kvenna sem glíma við fíkn, eins og flestar kvennanna í Konukoti, er meðal annars skömm, stimplun, líkamlegt, kynferðislegt og tilfinningalegt ofbeldi, ótti við að missa börn og maka og að þjónusta og meðferð er ekki við hæfi (Covington 2008; UNODC, 2004). Þær eru þolendur kynferðisofbeldis og bera einkenni sem eru dæmigerð fyrir þolendur þess. Í ársskýrslu Stígamóta frá 2021 er farið yfir helstu afleiðingar kynferðisofbeldis en niðurstöðurnar eru svipaðar ár eftir ár. Á árinu upplifðu um og yfir 80% þolenda kvíða, skömm og depurð og höfðu lélega sjálfsmynd. Yfir 70% þolenda fundu fyrir ótta, reiði og sektarkennd og fengu svipmyndir sem eru minningar tengdar kynferðisofbeldi sem skjótast fyrirvaralaust upp í huga og valda hugarangri (Stígamót, 2021, bls. 53-54). Hin stóra, megindelega rannsókn *Áfallasaga kvenna* safnaði svörum frá 32.811 konum á Íslandi. Fyrsta áfanga rannsóknarinnar lauk í júlí 2019 og enn er verið að vinna niðurstöður úr gríðarlega viðamiklum gögnum. „Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar má sjá að ofbeldi er það áfall sem felur í sér mestar líkur á áfallastreituröskun“ (*Áfallasaga kvenna*, e.d.). Fram kemur að 14% íslenskra kvenna þjást af áfallastreituröskun og að kynferðislegt ofbeldi veldur meiri áfallastreitu en líkamlegt ofbeldi.

Hér hef ég farið yfir fræðilegar undirstöður ritgerðarinnar en þær eru samtönnun mismunabreyta því margt hefur áhrif á jaðarsetningu kvenna í Konukoti, ekki einungis kyn. Ég hef farið yfir mikilvægi þess að skoða jaðarsetningu kvenna í Konukoti í ljósi samfélagsgerðar og þeirra þátta kynjakerfisins sem helst bitna á þeim. Til þess að koma til móts við konur í Konukoti, konur sem hafa orðið fyrir alls konar ofbeldi og ekki síst kynbundnu, er áriðandi að beita bæði áfalla- og kynjamiðaðri nálgun svo draga megí úr ofbeldinu gegn þeim en það virðist viðvarandi og sífellt. Í næsta kafla vík ég máli mínu að aðferðafræði rannsóknar minnar og lýsi ferlinu, segi frá þátttakendum og ræði auk þess um femínískt sjónarhorn.

3 Aðferðafræði

Í þessum kafla mun ég lýsa rannsóknarsniðinu og aðferðum sem notaðar voru í rannsókninni. Ég lýsi þátttakendum og hvenær viðtöl voru tekin og vettvangsheimsóknir fóru fram. Ég greini frá viðtalsrömmum, afritun og vinnslu gagnanna. Ég fer einnig yfir siðferðileg álitamál en rannsóknin fékk umsögn Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir og leyfi frá Reykjavíkurborg.

3.1 Rannsóknaraðferð og þátttakendur

Rannsóknin var fyrst og síðast gerð út frá femínísku sjónarhorni. Konur voru miðlæggar í henni en mikilvægt er að fræðasamfélagið skoði líf kvenna og reynslu sérstaklega. Grundvallarmarkmið femínískra rannsókna eru að stuðla að jöfnuði í samfélaginu og beina sjónum að misrétti milli kvenna og karla og hvernig það getur birst með margvíslegu móti og á mörgum sviðum samfélagsins, til dæmis pólitísku, efnahagslegu, menningarlegu og félagslegu sviði. Femínískar rannsóknir fjalla gjarnan um valdaójafnvægi sérstaklega hjá hópum sem hafa lítil völd (Rannveig Traustadóttir, 2013). Fræðileg undirstaða rannsókna minnar var samtíðin mismunabreyta, eins og ég fjallaði um í síðasta kafla, með áherslu á fjölbreytileika meðal þátttakenda og hvernig jaðarsetningin sneri að mörgum þáttum. Markmiðið var að stuðla að því að líf kvenna sem glíma við heimilisleysi færðist til betri vegar og að rannsóknin gæti skipt máli fyrir rannsakaðan hóp. Í rannsókninni var fjallað um valdaójafnvægi því konur sem glíma við heimilisleysi bjuggu við margþætta mismunun og undirokun.

Rannsóknin var eigindleg þar sem konur í Konukoti og hvað þær sögðu sjálfar um upplifanir sínar og reynslu voru miðpunktur. Í rannsókn á reynslu var eigindleg aðferð hentug því innan þeirrar aðferðar fólst að reyna að skilja merkinguna sem þær lögðu í líf sitt og aðstæður. Helsta rannsóknartækið var rannsakandinn sjálf og undir henni komið að skapa tengsl og traust milli þátttakenda og rannsakanda (Taylor, Bogdan og DeVault 2016, bls. 7-9). Ég var meðvituð um valdaójafnvægi milli mín og þátttakenda og leitaðist við að gera hann minna sýnilegan með klæðnaði mínum. Ég var í svörtum buxum, peysu og skóm en innanundir peysu var bolur í öðrum lit. Í viðmóti leitaðist ég við að vera hvorki of vingjarnleg né of fjarlæg og sýndi hluttekningu án þess þó að fara inn fyrir mörk þátttakenda. Viðtalsstaðir voru þar sem konunum í Konukoti leið vel og engin óviðkomandi gátu verið vitni að viðtalinu.

Hin eigindlega aðferð fólst í hálfopnum viðtölum við átta konur sem dvöldu eða höfðu dvalið í Konukoti auk fimm viðtala við forsvarsmanneskjur og rekstraraðila neyðarskýla fyrir konur og karla og dagseturs fyrir konur sem glíma við heimilisleysi. Einnig fór ég í fjórar vettvangsheimsóknir; í Konukot, Gistiskýlið á Lindargötu og Neyðarskýlið við Grandagarð auk dagsetursins sem Hjálparstarf kirkjunnar rekur á neðri hæð Grensáskirkju og heitir Skjólið. Þessar vettvangsheimsóknir og viðtöl við forsvarsmanneskjur voru mikilvæg til að varpa

frekara ljósi á reynslu kvenna af Konukoti og raunverulegum aðstæðum þeirra og reyndust frekari staðfesting á niðurstöðum rannsóknar.

Viðtölin við konurnar í Konukoti voru tekin á tímabilinu október 2021 til júlí 2022. Flest voru viðtölin tekin í Skjólínu í þar til gerðu viðtalsherbergi. Þar var opið frá klukkan 10 til klukkan 15 virka daga, og það virtist góður tími fyrir þær til að koma í viðtal. Konukot var líka viðtalsstaður þegar búið var að loka um helgar eða milli klukkan 10 og 12 en Konukot varð sjaldan fyrir valinu. Einnig var bókasafn Tækniskólans á Skólavörðuholti notað þegar viðtal var tekið um helgi og engin á bókasafninu og því alger friður en Tækniskólinn er vinnustaður rannsakanda. Fjarfundabúnaðurinn Zoom var notaður í eitt skipti vegna aðstæðna viðmælanda en notkun hans hefur verið rannsökuð í eiginlegum rannsóknum og rafrænn viðtalsstaður er jafngóður ef ekki betri en fundur augliti til auglitis (Archibald o.fl., 2019).

Konurnar í Konukoti voru á breiðu aldursbili, þær yngstu á miðjum þrítugsaldri og sú elsta komin fast að sextugu og er meðalaldur þeirra 40 ár. Af átta konum höfðu tvær þeirra sagt skilið við heimilisleysið þegar viðtölin voru tekin og liðin allt að tvö ár síðan dvalið var í Konukoti en hinar sex voru notendur Konukots þegar viðtal var tekið. Allar nema ein kona áttu barn, eitt eða fleiri, og börn þeirra voru samtals 16 talsins. Þrjár þeirra voru ömmur og áttu þær samanlagt sjö barnabörn. Sex kvennanna voru íslenskar og tvær þeirra fæddust og ólust upp utan Íslands. Allar voru þær íslenskir ríkisborgarar. Viðtölin voru oftast í klukkustund en voru á bilinu frá 40 mínútum til tveggja klukkustunda. Í viðtölum við konur með erlendan bakgrunn var túlkur sem túlkaði af móðurmáli þeirra á íslensku og öll viðtöl voru afrituð á íslensku.

Af átta viðmælendum höfðu sjö glímt við vímuefnavanda en ein hafði aldrei átt við þann vanda að stríða. Þrjár þeirra sem áttu sögu um vímuefnanotkun höfðu verið edrú frá einum mánuði til tveggja ára þegar viðtöl voru tekin. Vímuefnanotkun kvennanna sjö, sem áttu slíka sögu, var þannig að þrjár notuðu vímuefni í æð og ein reykti kannabis fyrst og fremst. Þrjár drukku alkóhól og ein þeirra notaði fyrst og fremst alkóhól en hinar tvær voru í blandaðri neyslu og tóku inn efni eða lyf og/eða reyktu kannabis eða önnur efni að auki.

Viðmælendurnir átta fengu allar gervinöfn. Það eru nöfn á vinkonum mínum og bekkjarsystrum úr skóla. Ég notaði nöfn vina og bekkjarsystra því konurnar í rannsókninni eru ósköp venjulegar konur sem gætu alveg eins verið vinkonur mínar nema hvað lífið hefur farið ómjúkum höndum um konur í Konukoti og verið langtum erfiðara en hjá bekkjarsystrum og vinum mínum. Gervinöfn kvennanna í Konukoti eru níu talsins þar sem ein kona fær tvö nöfn

til að ekki sé hægt að rekja til hennar reynslusögur milli kafla sem gætu gert hana þekktanlega. Gervinöfnin eru: Anna, Ásdís, Áslaug, Bergþóra, Friðborg, Heiðrún, Hulda, Jóhanna og María.

Það var áskorun að ná átta viðtölum við konur í Konukoti og ég gerði mun fleiri tilraunir til að taka viðtöl en ég náði. Stundum tók tvær tilraunir að ná viðtali ef tilvonandi viðmælandi mætti ekki í fyrra skiptið. Ég reyndi að fá viðtöl við konur í Konukoti sem féllust ekki á viðtal. Ég reyndi við þær konur í upphafi eftir ábendingum og náði tengingu en þær hættu að svara mér og ég missti samband við þær án þess að vita hvað olli því. Eitt sinn komst tilvonandi viðmælandi í uppnám eftir tafir við að hefja viðtalið en það viðtal átti að fara fram í Konukoti eftir lokun klukkan 10 að laugardagsmorgni. Margar konur voru húsi og erill við að komast á klósett og búa sig undir daginn og sjö klukkustundir utandyra án skjóls. Engin ró var komin í húsið klukkan 10 og það var ekki hægt að loka fyrr en 20 mínútum síðar, það tók tíma að koma öllum út, konur nývaknaðar og þurftu að nota klósett, sumar að fá aukaföt eða annað. Úr varð að tilvonandi viðmælandi rauk út með þeim skýringum að hún hefði ekki meiri þolinmæði í bið, hún stríddi við fíkn og því væri ekki sýnd tillitssemi með þessu þannig að ekkert varð af viðtali. Ég reyndi að fá ríflega helmingi fleiri viðtöl en ég fékk. Niðurstaðan var því að annað hvert viðtal gekk upp. Það segir talsvert um heimilislausar konur og líf þeirra sem harla erfitt er að skipuleggja.

Talað var einu sinni við hverja konu en í tveimur tilvikum átti ég stuttan fjarfund til að fá svör við spurningum sem vöknudú þegar ég afritaði viðtöl. Í eitt skipti hitti ég á konu í Konukoti eftir viðtal og gat spurt hana til að fá svar við spurningu sem vaknaði eftir á. Viðtalsramminn var opinn og hálfstaðlaður, sjá viðauka II, og gat ég því elt það í viðtölunum sem konurnar færðu í tal. Ég forðaðist spurningar sem kröfðust lokaðra svara og reyndi að fá viðmælendur til að tala út frá reynslu og upplifunum með því að spyrja opið og leiða þær áfram. Úrtaksaðferðin var í fyrstu svokallað snjóboltaúrtak þar sem mér var bent á viðmælanda sem ég kannaðist auk þess við. Hún benti mér áfram á annan viðmælanda. Aðferðin þróaðist svo út í markmiðsúrtak og var það hliðvörður sem hjálpaði til að ná til þriðja viðmælandans og nokkrar atrennur þurfti til að fá konu sem féllst á þátttöku.

Auk viðtalanna átta við konur í Konukoti fór ég í fjórar vettvangsheimsóknir og talaði við fólk í forsvari. Ég sótti heim og skoðaði vandlega aðstæður í öllum þremur neyðarskýlum, Konukoti, Lindargötu og Grandagarði til að gera samanburð á neyðarskýlum karla og kvenna með tilliti til aðstöðu og þjónustu. Fyrir mér vakti að athuga hvort það væri kynbundinn munur

þar á. Jafnframt athugaði ég hvort þjónustan í Konukoti væri sérstaklega sniðin að þörfum kvenna. Ég skoðaði aðstæður í dagsetrinu Skjólínu til þess að fá samanburð við Konukot og hvort aðstaða þar væri sambærileg eða betri en í Konukoti. Á þessum fjórum stöðum tók ég viðtal við forstöðufólk eða þau sem sinntu því hlutverki þegar heimsóknin fór fram. Hver heimsókn varði í eina til eina og hálf klukkustund með viðtali og úttekt á aðstöðu í húsnæði í formi skoðunarferðar um allt húsnæðið með starfsmanni í viðkomandi skýli eða dagsetri. Í viðauka III má sjá viðtalsvísi sem ég notaði í þessum viðtölunum. Í ritgerðinni eru þau fjögur sem ég talaði við og sinna umsjón eða standa í forsvari kölluð forsvars- eða forstöðumanneskja þegar vitnað er til þeirra. Auk þess tók ég viðtal við rekstraraðila Konukots, sjá viðtalsvísi í viðauka IV. Þessi fimm viðtöl tók ég upp og ýmist afritaði orðrétt eða skrifaði endursögn þeirra. Í sumum tilfellum var um hefðbundið eiginlegt viðtal að ræða þar sem verið var að sækjast eftir upplifun viðkomandi og sýn á atriði sem komu fram í viðtölum við konur í Konukoti. Í öðrum tilfellum aflaði ég upplýsinga um ákveðin atriði, til dæmis hvað varðar samanburð á aðstöðu, og í þeim tilfellum skrifaði ég endursögn viðtals. Þegar ég vitna í orð forstöðumanneskju og rekstraraðila Konukots þar ég það undir viðkomandi. Þessar heimsóknir og viðtöl fóru fram í mars til ágúst 2022. Í heildina samanstóðu gögn rannsóknar af 13 viðtölum og fjórum vettvangsheimsóknum. Samtals voru gögnin 355 blaðsíður af afrituðum viðtölum, endursögnum viðtala, athugasemdum, nótum, hugleiðingum og greiningum á þeim.

Við gagnagreiningu notaði ég grundaða kenningu í anda félagslegrar mótunarhyggju sem mætti í stórum dráttum lýsa þannig að ég byrjaði á því að safna gögnum og greindi þau samtímis, það er eftir hvert viðtal var það greint. Í annan stað greindi ég reynslu og ferli í stað þess að greina þemu. Í þriðja lagi notaði ég sífelldan samanburð. Í fjórða lagi þróaði ég flokka sem voru byggðir á gögnunum og leiddi af þeim fræðileg hugtök. Loks þróaði ég hugtakaflokka með aðleiðslu í kerfisbundinni greiningu (Charmaz, 2014, bls. 15-18, 113-183). Ég hljóðritaði viðtölin og afritaði hvert viðtal við konur í Konukoti strax eftir að það var tekið og kóðaði það um leið og skrifaði athugasemdir. Mér gafst alltaf tækifæri til að ljúka afritun, kóðun og hugleiðingum fyrir hvert viðtal áður en ég tók það næsta. Upphafskóðun var afar opin hjá mér en svo varð kóðunin markvissari og náði að hverfast um ákveðnar hugmyndir og hugtök. Samanburðurinn fólst í því að bera fyrsta viðtal saman við annað viðtal, og þriðja viðtalið þar ég saman við hin tvö og koll af kolli. Í ferlinu tók ég saman helstu niðurstöður hvers viðmælanda og stundum gafst tækifæri til þess að bera undir hana spurningar sem vöknðu eftir afritun. Ég ritaði líka greiningarblöð eftir hvert einasta viðtal. Þannig beitti ég sífelldum

samanburði og út frá honum þróaði ég þau hugtök og flokka sem upp komu, hugtakaflokka eins og: erfiðleikar í uppeldi, reynsla af kynferðisofbeldi, stigveldi kvennanna, skaðaminnkun og mannúð, viðhorf starfsfólks, þjófnaður, önnur tengd þjónusta, til dæmis Skjólíð og Frú Ragnheiður. Hugtökin komu því úr rannsóknargögnunum en ekki utan frá og ég studdist við aðleiðslu eins og grunduð kenning byggir á. Gildi aðferðarinnar er fyrst og fremst að niðurstöðurnar byggjast á viðtölunum sjálfum og spegla reynslu og upplifun kvenna í Konukoti af þjónustunni þar. Ég skoðaði gögn rannsóknar og greindi og sú greining varð til þess að ég sá ákveðin mynstur birtast í gögnunum.

Viðtöl við konur í Konukoti voru í forgrunni rannsóknar. Gagnagreining á öðrum rannsóknargögnum var með sama móti, það er á vettvangsheimsóknum í neyðarskýlin og dagsetrið auk viðtala við fólk í forsvari. Þessi gögn voru mikilvæg til að varpa betur ljósi á reynslu kvenna af Konukoti og raunverulegum aðstæðum þeirra og voru frekari staðfesting á niðurstöðum rannsóknar.

Takmarkanir aðferðarinnar fólust í því hvort myndast hefði valskekkja, það er hvort úrtakið endurspegladi þýðið; konur sem dvöldu eða höfðu dvalið í Konukoti. Ekki var hægt að nota eina ákveðna aðferð til að ná í viðmælendur, upphaflega nýtti ég snjóboltaaðferðina en svo fékk ég tæplega annan hvern viðmælenda sem ég reyndi að ná í viðtal. Þær sem ég var búin að ná tengingu við og ætlaði að fá í viðtal, sem tókst ekki, gætu hafa gefið ólíkar niðurstöður að lokum. Ég tel það ólíklegt því viðtölin hnigu öll í sömu átt hvað varðar niðurstöður og ekkert viðtal skar sig úr eða gaf mér ólíkar niðurstöður. Viðmælendur mínir virtust ágætur þverskurður af konum í Konukoti, og sambærilegur hópur og í úttekt Reykjavíkurborgar, sem rætt var um í 2. kafla. Þannig voru tvær konur í minni rannsókn af öðrum uppruna en íslenskum en í úttekt Reykjavíkurborgar er fólk af erlendum uppruna 11% hópsins. Konurnar sem ég ræddi við voru á breiðu aldursbili með meðalaldur 40 ár en í úttekt Reykjavíkurborgar eru 76% kvenna með miklar og flóknar þjónustuparfir milli 21 og 50 ára og 51% þeirra milli 31 og 50 ára (Reykjavíkurborg, velferðarsvið, 2021). Fleiri þættir sem lýsa þverskurði Konukotskvennanna voru að neysla þeirra sjö sem höfðu slíka sögu var ólík og tvær konur voru ekki lengur að glíma við heimilisleysi en voru orðnar edrú og horfðu með augum reynslunnar og af meiri yfirvegum á þjónustu Konukots. Jafnvel þó sumt væri sameiginlegt með þeim öllum, eins og að allar voru þær gagnkynhneigðar síð-konur, virtist viðmælendahópurinn gefa góða mynd af þýðinu og endurspegla veruleika kvenna í Konukoti svo innra réttmæti og trúverðugleiki var til staðar.

Mettun var náð og engir nýir hugtakaflokkar eða upplýsingar komu í síðustu viðtölum heldur voru þau staðfesting á því sem fram var komið (Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir, 2021). Niðurstöðurnar ríma auk þess við aðrar rannsóknir á konum sem glíma við heimilisleysi og um það verður nánar fjallað í næstu köflum ritgerðar.

3.2 Siðferðileg álitamál

Ávinningur rannsóknar var að komast að því hvernig þjónustan við konur í Konukoti hefur verið og hvort og hvernig mætti bæta hana til að koma betur til móts við þarfir heimilislausra kvenna sem þangað leita. Ávinningurinn vó upp áhættuna en hún var helst sú að viðtöl um viðkvæm málefni eins og erfiða lífsreynslu og áföll gætu valdið ójafnvægi og vanlíðan hjá viðmælendum. Til að veita upp á móti þeirri áhættu voru viðmælendur minntir á úrræði til að vinna úr vanlíðan sem Konukot hefur og Reykjavíkurborg býður, eins og þjónustu í gegnum VoR-teymið, vettvangs- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar, eins og fram kom á kynningarblaði rannsóknar, sjá viðauka I. Í upphafi hvers viðtals fór ég yfir kynningarbréfið og las það í gegn áður en viðmælandi ritaði undir upplýst samþykki fyrir viðtali, sjá viðauka V. Engin kvennanna hafði samband eftir viðtal vegna vanlíðunar. Það má túlka á þá leið að upprifjun á sögu og bakgrunni, daglegu lífi og reynslu af Konukoti og þjónustu þar hafi ekki vakið þá vanlíðan að þær teldu að þær þyrftu stuðning. Ástæðan gæti einnig verið sú að þær hafi svo oft rekið sig á veggjum að þær láti vera að leita sér aðstoðar.

Konur sem notað hafa Konukot eru jaðarsettur og viðkvæmur hópur og því var óskað eftir álitum Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir. Siðanefndin gaf jákvæða umsögn um rannsóknina, sjá viðauka VI. Hún stangaðist ekki á við vísindasiðareglurnar og því væri ekki tilefni til þess að mæla gegn henni. Einnig var send umsókn um leyfi fyrir rannsókn til velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem fjármagnar rekstur Konukots. Það leyfi fékkst einnig, sjá viðauka VII. Jákvæð umsögn Siðanefndar og leyfi velferðarsviðs fengust meðal annars vegna þess að kynningarblaðið sem ég afhenti viðmælendum var mjög ítarlegt, sjá viðauka I. Þar kom fram að farið yrði með persónuupplýsingar og skráningu þeirra í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Grundvallarsjónarmið laganna er persónuvernd og friðhelgi einkalífs en þar segir að vinnsla persónuupplýsinga sé aðeins heimil ef: „hinn skráði hafi gefið samþykki sitt fyrir vinnslu á persónuupplýsingum sínum í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða“ (9. grein, 1. mgr., 1. tölul.) og að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé óheimil nema ef: „hinn skráði hafi veitt afdráttarlaust samþykki sitt fyrir

vinnslunni í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða“ (11. grein, 1. mgr., 1. tölul.). Einnig kom fram á kynningarblaðinu að viðmælandi gæti hvenær sem er dregið samþykki sitt til baka. Umsókn til Siðanefndarinnar fylgdi auk þess undirrituð staðfesting og yfirlýsing á samstarfi bæði frá forstöðumanneskju og rekstraraðila Konukots.

Ég sem rannsakandi var meðvituð um mína stöðu og markmið rannsóknar var að hún yrði til hagsbóta fyrir þátttakendur án þess að hlutgera þau eða aðstæður þeirra (Creswell og Poth 2018, bls. 27-28). Vinna mín sem sjálfboðaliði í Konukoti hafði bæði jákvæð og hugsanlega neikvæð áhrif á rannsóknina. Annars vegar var auðveldara fyrir mig að nálgast viðmælendur og skilja hvernig aðstæður voru í Konukoti. Hins vegar gæti vera mín þar orkað hamlandi á viðmælendur á þann hátt að þeim fyndist erfitt að vera gagnrýnar á þá þjónustu sem þær fengu í Konukoti. Í reynd gat ég ekki fundið neikvæð áhrif eða að það drægi úr viðmælendum að lýsa reynslu sinni af Konukoti að ég væri sjálfboðaliði en sem slík kom ég inn á vaktir til aðstoðar einu sinni til þrisvar í mánuði. Ég hafði því hvorki myndað sterk tengsl né verið með reglulega viðveru í daglegu lífi kvennanna. Hins vegar tel ég að ég hefði aldrei getað náð til viðmælenda nema þekkja til aðstæðna þeirra og sumar konurnar þekkti ég af sjálfboðaliðavöktum.

Í þessum kafla fjallaði ég um aðferðafræðina sem stuðst er við. Þetta er femínísk, eigindleg rannsókn þar sem gagnagreining er samkvæmt grundaðri kenningu. Þátttakendur í rannsókn voru átta konur sem dvalið hafa í Konukoti og fimm forstöðumanneskjur og rekstraraðili í neyðarskýlum og dagsetri fyrir fólk sem glímir við heimilisleysi. Rannsóknin fékk jákvæða umsögn Siðanefndar háskólanna sem og leyfi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

4 Bakgrunnur kvenna í Konukoti

Athyglisvert er að viðmælendur í rannsókninni eiga það sameiginlegt að æskan er hvorki hamingjurík né áfallalaus. Uppvöxtur allra kvennanna mótast af tilfinningalegri vanrækslu, afskiptaleysi og ástleysi. Þeim virðist ekki sýnt það atlæti og sú eftirtekt sem börnum og unglingum er nauðsyn. Stundum er vanrækslan einnig líkamleg, sumar upplifðu að vera bæði svöng og illa hirt börn. Ofbeldi er í sögum þeirra allra, það er andlegt, líkamlegt, kynferðislegt og fjárhagslegt stöku sinnum. Foreldrar þeirra eru í sumum tilfellum gift og saman alla tíð, aðrir eru aldrei saman en að því er virðist eiga þau öll; foreldrar, stjúpfórelldrar eða forráðamenn, það sameiginlegt að bregðast foreldraskyldum sínum með einum eða öðrum hætti.

Uppeldið er litað af glímu foreldra við alkóhólisma, geðsjúkdóma, ístöðuleysi, bág kjör og stöðuga flutninga og hafa þau þannig litla burði til að sinna dætrum sínum. Feður eru fjarverandi eða þeir, stjúpfeður eða sambýlismenn mæðra, beita ofbeldi. Heiðrún lýsir vel æsku sinni, hvernig engar góðar minningar er þangað að sækja, alkóhólismi, geðsjúkdómar, einelti, ofbeldi og neysla einkenna uppvöxt hennar:

Já, fjölskylduaðstæður mínar, sem barn var ég bara fucked sko. Það var alveg þannig. það var mikill alkóhólismi, mamma mín er bipolar, stjúppabbi minn var bara fáviti sko. Hann var barnaníðingur, þegar ég lít yfir æskuna mína, þá sé ég bara svart. æskan var bara ömurleg sko, þannig séð, ég fór í þrjá skóla, einelti í tveimur, og svona, síðasti skólinn fínn. Svo náttúrulega einhvern veginn byrjaði ég í neyslu beint eftir grunnskóla og verð svo bara ólétt 16 ára sko. Svo er svolítið búið að vera downhill from there. þegar ég er, svona horfi til baka, þú veist, eins og þegar ég lít yfir æskuna mína, þá sé ég bara svart. Þú veist, þetta er bara svona, þessi tími var bara hræðilegur.

Heiðrún dregur upp dapurlega mynd og æskan er svört, hræðilegur tími. Heiðrún talar líka um einelti í tveimur skólum af þremur en helmingur kvennanna talar um einelti og athyglisvert er í því sambandi að fjórar yngstu konurnar segja frá einelti en þær fjórar sem eldri eru lýsa ekki einelti í reynslu sinni. Það gæti verið aldurstengt á þann hátt að lengri tími er liðinn frá æsku fjögurra eldri kvennanna og tíðarandinn annar þá, til dæmis var umræða í samfélaginu um einelti ekki til staðar með sama hætti og nú. Þannig að þrátt fyrir að einelti hafi ekki komið upp í viðtölunum við eldri konur úr Konukoti þá þarf það ekki að þýða að viðkomandi hafi ekki upplifað það.

Friðborg flytur minnsta kosti sex sinnum með móður sinni fram að unglingsaldri með tilheyrandi skólaskiptum og lendir í einelti í einum skóla og gætir þess eftir það að forðast að lenda í einelti og skiptir um hlutverk í nýjum skóla, leggur aðra í einelti. Þegar hún býr með móður og einum af sambýlismönnum hennar, segir hún meðal annars um hann að „hann stjórnaði heimilinu rosa mikið með þögn. Og alls konar. Hann beitti mig andlegu og líkamlegu ofbeldi. Hann rassskellti mig þangað til ég var 11 ára. Og steytti hnefann framan í mig og kallaði mig alls konar ljótum nöfnum.“ Hún verður sem sagt fyrir líkamlegu og andlegu ofbeldi af hendi sambýlismanns móður. Þegar Friðborg er innt eftir því hvers vegna hún hafi ung byrjað að neyta vímuefna svarar hún því til að það hafi verið heimilisaðstæðurnar sem ollu því og að hún hafi sóst eftir að fá samþykki og vera viðurkennd. Óskin eftir að tilheyra leiðir hana í neyslu vímuefna.

Ásdís lýsir veikindum móður, vanrækslu og óeðlilegri ábyrgð barns:

Mamma mín er rosa veik á geði ... ég elst ekki eðlilega upp á neinn hátt. Og mamma mín elst heldur ekki eðlilega upp og hún kannski bara vissi ekki betur. Já, stundum var ég hjá ömmu þegar hérna, enginn matur var búinn að vera lengi. Mamma var bara ekki þarna. Eða var búin að læsa okkur úti eða eitthvað. Þá labbaði ég til ömmu. ég vakna með litla bróður mínum, klæddi hann og labbaði með hann í leikskólann, labbaði í skólann. Og svo var allur dagurinn í skólanum, þá var ég að hugsa hvernig ég ætti, hvort mamma myndi hleypa okkur inn klukkan fimm. Eða hvort að, hvernig ég ætti þá að gefa honum að borða, þú veist, þetta var bara stanslaust, einhver ábyrgð sem ég kunni ekki að taka.

Ásdís fær ábyrgð fullorðinnar manneskju sem barn og hugsar um bróður sinn eins og hún sé móðir hans. Móðir hennar er veik og engin önnur til að grípa boltann. Amman er neyðarúrræði ef ekki hefur verið til matur í langan tíma því að Ásdís er að minnsta kosti annar liður ættarinnar sem elst upp við erfiðar aðstæður en í viðtalinu segir Ásdís: „Fjölskylda mín, afi minn og amma eru bara drykkjufólk. Og ég, og mamma ólst ekki það vel upp, eða þau systkinin áttu mjög erfitt“.

Foreldrar glíma við alkóhólisma en einnig er sakaferill og fangelsun nánna fjölskyldumeðlima í sögu kvennanna. Foreldrar Huldu fengu á sig dóm og sátu í fangelsi, og Bergþóra á bróður sem sat í fangelsi þegar hún var barn, „já svo fer bróðir minn í fangelsi þegar ég er 12 ára, fyrir tilraun til manndráps. Þá er ég, þá byrjar svolítið svona fyrir mig annar heimur. Þá er orðinn, þá er eins og það sé kominn einhver stimpill á mig.“ Jaðarsetning hefst því strax í barnæsku. Í tilviki Bergþóru er vanræksla foreldra fólgin í algjöru afskiptaleysi. Hún er á eigin vegum frá fimm ára aldri, hún segir, „ég var bara þarna. Það tók enginn eftir mér. Ég öskraði og öskraði á athygli,“. Foreldrar drekka, rífast og vinna en eru ekki að hugsa um hana. Hún lýsir því hvernig vanrækslan elur af sér viðbrögð og úrræði:

Já, en hérna skal ég segja þér. Þegar ég er látin afskipt, þá varð ég mjög úrræðagóð, ég þurfti að bjarga mér. Svo var strákur sem var að reyna að leggja mig í einelti. Sagði alltaf, bróðir þinn er í fangelsi. Ég sagði bara. Það eru nokkrir mánuðir í að hann komi út, sko. Ég fattaði, ég sneri þessu alveg við. Þarna fann ég hvernig ég gat valið að, þú veist, ég var látin í friði eftir það.

Seigla Bergþóru frá barnæsku, sem hún þróar vegna óeðlilegra aðstæðna, nýtist henni til að snúa á einelti í skóla, hún hefur reynslu og hefur lært af henni. Hún leggur áherslu á eigin gerendahæfni, hún verður úrræðagóð og velur viðbrögð. Hún hefur langa reynslu af því að bjarga sér í erfiðum aðstæðum sem nýtist henni hugsanlega í glímu við heimilisleysi.

María missir mömmu sína þegar hún er 9 ára og elst þá upp hjá föður sem er alkóhólisti og upp úr andláti móðurinnar fer hann að misnota Maríu kynferðislega. Þegar hún fær spurningu sem sneri að því að meta hvað erfiðast væri í sögu hennar og lífi, þagnar María, tárin

hrynja niður hljóðlaust og hún tekur hlé á viðtalinu til að jafna sig. Erfiðasti hluti sögu hennar er sífjaspellið. Hún segir, „það er ekki lengur vont, en hér í hausnum“ og bendir á höfuðið, því þaðan hverfa ekki minningarnar og hún hefur varla haft tækifæri til að vinna úr áfallinu. Hún segir um pabba sinn, sem hún hefur ekki talað við í 30 ár: „Hann skaðaði heila fjölskyldu ... en við getum ekki gert neitt.“

María er langt því frá eina konan sem orðið hefur fyrir kynferðislegu ofbeldi því hver einasti viðmælandi hefur hana í farteskinu og fimm af átta konum hefur verið nauðgað. Þeir sem beita þær kynferðislegu ofbeldi eru oftast annaðhvort eiginmaður eða kærasti og í þeim tilvikum sem þær eru í neyslu er kynlíf látið af hendi fyrir efni og þá er um er að ræða einhvern neyslufélaga eða kunningja úr þeim hópi. Aðferð þeirra til að komast úr erfiðum aðstæðum heima fyrir er að fara í sambönd með karlmönnum en allar eru þær gagnkynhneigðar og eiga að minnsta kosti eitt og flestar fleiri sambönd eða hjónabönd að baki. Nán sambönd hafa ekki orðið til þess að líf þeirra batnaði heldur þvert á móti, í þeim er ofbeldi gegn þeim framhaldið og í stöku skipti er það í nánú sambandi sem ofbeldissaga þeirra hefst.

Tvær eru 15 ára orðnar óléttar að fyrsta barni sínu. Heiðrún fer í stutt og stormasamt samband með barnsföður sem reynist vera ofbeldismaður með vímuefnavanda og fljótlega kominn í fangelsi fyrir að verða manni næstum að bana. Heiðrún lýsir honum þannig: „Hann er rosalega ofbeldisfullur og erfiður ... hann er engan veginn fær um að sýna samkennd“. Hulda þekkir barnsföður sinn nánast ekki neitt, en móðir hennar lætur hana vinna fyrir barninu og borga sér húsaleigu og laun fyrir barnapössun og beitir dóttur sína fjárhagslegu ofbeldi:

Þegar ég var að vinna í fiski 14 ára, og átti ég að senda launin heim, ég fékk aldrei launin mín. Ég átti að vera að moka og fá þetta og hitt í laun en fékk aldrei nein laun. Ég fékk aldrei barnameðlög eða barnabætur eða neitt, hún [móðir] tók það.

Hulda er svo komin í samband við ofbeldismann um fjórum árum síðar sem beitir hana líkamlegu og andlegu ofbeldi og hunsar barnið sem hún á fyrir. Með honum eignast hún tvö börn. Sambúðinni og ofbeldinu sem hann beitti hana lýsir hún meðal annars svona:

Hann lamdi mig einhvern veginn, það var svona, ég hafði aldrei verið í sambandi og var frekar svona naíf. Hann sló mig svona, þegar hann gerði það fyrst þá var ég ólétt. Þá henti mér líka út í gadd, við vorum í [staður utan Íslands], og það var 30 og eitthvað mínus. Þegar hann sló mig. Ég vissi ekkert út af hverju. Þetta gerðist bara, hann vaknaði bara og sló mig, hrækti í andlitið á mér og hrinti mér niður. Ég vissi ekkert. Og hann henti mér út. Svo var þetta meira og meira. ...ég vaknaði bara við það að hann var að ríða mér og aldrei forleikur, og ekki neitt, og gerði það sem honum sýndist þegar honum sýndist. Hann nauðgaði vinkonum mínum, og fannst hann eiga þennan rétt einhvern veginn.

Hulda lýsir því svo hvernig maðurinn er orðinn óeðlilega hrifin af dóttur þeirra, og kemur fram við hana eins og hún sé eiginkonan með því að færa henni gjafir og blóm, hún gerir sér grein fyrir að þetta gæti verið upphaf sífjaspells og tengir það við rótgróna kvenfyrirlitningu eiginmannsins.

Reynsla af sífjaspelli og barnaníði feðra, stjúpfeðra, kærasta eða eiginmanna eru í sögum fimm af átta konum og/eða barna þeirra. Reynsla kvenna í Konukoti af kynferðislegu áfalli í æsku rímar við og er í raun enn algengari en niðurstöður rannsókna þar sem um þriðjungur kvenna sem kljást við heimilisleysi eiga sögu um kynferðislegt áfall í æsku móti 10% karla í sömu stöðu og 10% kvenna almennt (Sundin og Beguley, 2015).

Hjá Jóhönnu hefst ofbeldið þegar hún er gift. Hún er þvinguð í hjónaband 16 ára gömul með valdi og foreldrar eru ekki í stöðu til að sporna gegn því. Þar með er lífshamingju og öryggi æskunnar kippt undan fótum hennar. Maki Jóhönnu þvingar foreldra hennar til að samþykkja ráðahaginn með alvarlegum hótunum gegn öðrum fjölskyldumeðlim og ofbeldi. Hún býr við stöðugt og margþætt ofbeldi af hendi eiginmannsins; andlegt, fjárhagslegt og líkamlegt. Hún er nær dauða en lífi ásamt barni sínu í einu ofbeldisatvikinu þegar eiginmaður kastar að henni níðþungum hlut þegar hún heldur á barni þeirra og hrein heppni að hún haldi lífi þó líkamlega beri hún skaða af. Eiginmaðurinn sendir hana til Íslands ásamt börnum sínum og hún fær engu um það ráðið. Fyrir honum vakir að koma sjálfur seinna því hann telur sig geta öðlast meiri lífsgæði með því.

Ofbeldi í nánnum samböndum hefur verið rauður þráður í lífi Önnu frá 13 ára aldri þegar hún er í raun lokkuð eða tæld af manni (e. grooming) sem var fimm árum eldri, eða 18 ára. Anna segir: „Hann eignaði sér mig bara. Fyrir fermingaraldur. Ég var alltaf með eldri krökkum þarna. Þekkti ekki mína bekkjarfélaga. Þannig var það bara.“ Hún er beitt miklu ofbeldi af hendi hans og er með honum í 17 ár. Anna á foreldra sem eru alla tíð hjón og hún segir þau hafa verið góð og umhyggjusöm. Hún lýsir uppeldisárum og segir:

Ég átti rosalega góða æsku, ég lifi á henni, en eftir að ég flyt til [ónefndur staður] þá er allt einhvern veginn öfugt. Það var aldrei argað á mig. Það var aldrei neysla á heimilinu. Það var ekkert. Pabbi tók jú í vörina og reykti pípu í smá stund. Það var engin drykkja, ekkert, þau rifust aldrei. Allt gott. Það hefur aldrei verið argað á mig, farðu að sofa, gerðu þetta, gerðu hitt, vertu svona eða vertu hinsegin. Aldrei.

Foreldrar Önnu flytja þegar hún er 15 ára frá þessu þorpi með stóran barnahóp en skilja Önnu eftir:

Þannig að ég fékk að gista hjá þarna skólasystur minni og hennar fjölskyldu, og er með þessum manni [sem er 5 árum eldri]. Og það fór ekkert vel eftir að hérna, í 9. bekk, ég var ólétt og þá var mér kennt um að ég hafi verið að halda fram hjá með besta vini hans, sagði hann.

Í kjölfarið segir Anna frá því að hún hafi farið í þungunarrof, send ein til Reykjavíkur og svo aftur til baka og þetta er henni þungbær og erfið reynsla. Með manninum sem tælir hana frá 13 ára aldri og ásakar hana um að halda fram hjá sér, er hún í 17 ár og eignast með honum þrjú börn. Anna sér æskuna í dýrðarljóma og finnst hún góð og hún er það kannski miðað við það sem tók svo við í nánnum samböndum. Hins vegar er ljóst að Anna fegrar æskuna. Til dæmis tekur hún sjálf ábyrgð á því að verða eftir á staðnum þegar foreldrar flytja því hún hafi viljað það. Það breytir því ekki að hún er ekki sjálfráða og hefur þörf fyrir stuðning foreldra. Hún fríar foreldra sína ábyrgðinni á því að skilja hana eftir. Hún kennir sjálfri sér um bæði að hafa farið í þetta samband og hvernig lífið varð í kjölfarið, notkun vímuefna og heimilisleysi, hún glímir við sektarkennd, skömm og lélega sjálfsmynd (Covington, 2008; UNODC, 2004; Stígamót, 2021). Hún heldur í hugmynd um venjulegt, gott líf í æsku en tekur alla ábyrgð á lífinu frá 15 ára aldri kannski til að halda á lofti að lífið hafi verið venjulegt þegar hún var yngri, en hins vegar beri hún ábyrgð á hinum hlutanum. Sjálfsásökunin er inngróin. Þetta er ekki einsdæmi um mótsagnir í skýringum á lífinu hjá Önnu. Hún glímir við vímuefnavanda og í mati sínu á honum flakkar hún milli þess að tala um fíknina sem sjúkdóm yfir í að taka alla ábyrgð á eigin neyslu því hún eyðileggi fyrir sjálfri sér með aumingjagæsku og hleypi fólki inn í líf sitt sem veldur því að hún missir heimili og forræði yfir börnum. Þetta má túlka sem bjargráð til að skýra eigin stöðu: Æskan var góð en ég eyðilagði hana, fíknin er sjúkdómur en ég ber nú samt ábyrgð á eigin lífi. Nána sambandið sem hófst í þorpinu þegar hún er 13 ára verður að hjónabandi sem hún lýsir svona:

Ég átti alltaf að vera í rúminu, allan sólarhringinn, bara þegar hann kæmi heim, átti ég að vera tilbúin, hvenær sem er. Mikið oft grét ég í hljóði. Hann tók ekkert eftir því, það skipti hann engu máli, bara að hann fengi sitt, búið. Þetta var bara kynferðislegt ofbeldi og stjórnsemi, og bara, já, eignasemi, hann bara átti mig, eins og hvern annan fokking þræl eða eitthvað. Eins og það er nú ógeðslegt.

Annað hjónaband Önnu er svo enn verra því þá bætist við líkamlegt ofbeldi, ofan á allt annað. Þegar það hjónaband er runnið sitt skeið segir Anna:

Mér var alveg sama um það, hvort hann færi eða ekki. Þú veist, þetta var löngu, löngu búið. Hann var gjörsamlega búinn að berja allt vit úr mér og lífsvilja, og ég var farin að fela mig bara inni í geymslu.

Lýsingarnar eru skelfilegar því ofbeldið er af öllu tagi, stöðugt og versnar með seinni eiginmanni.

Líkt og Anna þá á Hulda líka foreldra sem eru alltaf saman og metur æskuna framan af sem ágæta því hún elst ekki upp við alkóhólisma.

Þau byrja að drekka þegar ég er unglingur. Drukku ekkert þegar ég var barn og það hefur aldrei verið óregla eða þannig séð á heimilinu. Þau hafa aldrei rifist eða neitt. Ég var fyrst í Reykjavík, svo flytjum við út á land, pabbi og þau keyptu stórt ...bú,

Æskan virðist af þessu ágæt hjá Huldu en móðir hennar beitir hana andlegu, líkamlegu og fjárhagslegu ofbeldi. Hún býr hjá foreldrum sínum þegar hún eignast sitt fyrsta barn 16 ára gömul. Hún lýsir ofbeldi móður sinnar þannig að,

hún tjúllaðist og svona, svona tvinnaðist út úr henni blótsyrði meðan hún barði svona með svona krepptum hnefa eða lófa í hausinn eða í bakið, og ég fór bara einhvern veginn í hnút, svo leið þetta hjá. ég myndi samt ekki kalla þetta beint ofbeldi, þú veist. Þetta er eitthvað svona, einhver sturlun. Hún var búin að eignast þrjá krakka fyrir tvítugt.

Hulda dregur úr líkamlega ofbeldinu þegar hún lýsir því, hefur skilning á stöðu móður sinnar, afsakar hana. Hún telur ofbeldið fyrst og fremst hafa verið andlegt. Þegar Hulda er unglingur fá foreldrar hennar svo á sig dóm og fara í fangelsi. Sjálf á Hulda eftir að upplifa mun meira og alvarlegra ofbeldi af hendi eiginmanns og sambýlismanna. Ofbeldi af hendi móður finnst henni ef til vill lítilvægt í þeim samanburði. Fyrsti eiginmaður beitir hana miklu andlegu, líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Eftir 10 ára sambúð er henni ráðlagt að fara frá honum og flýja land ef hún ætli að halda lífi og flytur hún landa á milli til þess að komast undan honum. Hún byrjar ekki að neyta vímuefna fyrr en eftir þennan skilnað, að nálgast þrítugt. Hún ber næsta sambýlismanni vel söguna en það samband endar að því er virðist vegna neyslu beggja. Kærastar eða sambýlismenn eftir það eru ofbeldismenn og glíma við vímuefnavanda og Hulda lýsir kynlífi með þeim eins og nauðgun og misnotkun en dregur úr því. Hún lýsir því sem er í raun hrottaleg nauðgun og líkamlegt ofbeldi með úrdrætti; kallar ofbeldismann sinn, sambýlismann til margra ára, „svólíttinn hrotta“. Á meðan þessi árás fer fram er barn í heimsókn og er vitni að upphafinu af því sem fram fer:

Hann kemur heim, hann var byrjaður að vinna sem dyravörður. Hann var svolíttill hrotti. Ef hann vill eitthvað þá bara gerir hann það. Ég er svo lítil og létt eitthvað og hann tekur svona hálstak á mér, ég kem fram á nærbuxunum, var búin að kveikja á barnatímanum. Hann skellir mér svona í hálstaki á stofuborðið af því hann ætlaði bara að ríða mér og ég sé, ég er svona í hálstaki og ég sé það herna, það er bara svona stutt. Og ... [barn] tekur bara sængina yfir höfuðið án þess að segja orð. Ég rétt næ, þegar hann dregur mig svona,

þá hafði kertastjaki stungist eitthvað innan á mér á fætinum þannig að það er svolítið blóð út um allt. Hann dregur mig svona eftir borðinu og á gólfíð. Og næ að segja: ... [barn] er hérna. Og þá svona rankar hann við sér. Og það er allt í blóði sko.

Fyrir Huldu vakir að vernda barnið sem er í heimsókn gegn því að horfa upp á þetta, en lætur sig hafa það sjálf, er orðin vön ofbeldinu og kippir sér ekki upp við það heldur bíður þess að það gangi yfir. Hún virðist vita að erfitt eða ómögulegt er að komast hjá ofbeldinu og betra sé að afbera það og vona að það taki stuttan tíma.

Ofbeldið í frásögnum kvennanna er margs konar, ekki eingöngu af hendi foreldra og í nánnum samböndum. Ásdís talar um hvernig skólakerfið bregst henni og lýsingar hennar á skólakerfinu benda til þess að kerfið snúist gegn henni og í þessu sambandi mætti tala um stofnanabundna vanrækslu eða ofbeldi:

Þótt að ég búi ekki í Chicago, fattar þú og er ekki svartur karlmaður, þýðir það ekki að ég hafi ekki, að kerfið hafi ekki brugðist mér. Kerfið, bara einhvern veginn, ég var í sömu fötunum alltaf, ég var skítug, ég var ekkert viðstödd í námi, ég skilaði ekki einni bók á bókasafni, ég var allt, ég kláraði ekki nein verkefni í textílmennt, smíði, myndmennt. Ég kláraði eiginlega ekki grunnskólann.

Með samlíkingunni við svartan karlmann í Chicago sýnir Ásdís að hún áttar sig á að jaðarsetning getur birst á margvíslegan hátt. Crenshaw hefur bent á að jaðarsetning er margþætt og getur snúið að kynþætti, kyni, stétt og fleiri þáttum og bendir líka á margþætta mismunun gegn konum sem dvelja í neyðarskýlum á flóttu undan heimilisofbeldi (Crenshaw 1994; 2006). Ofbeldi er þá enn ein breytan. Ásdís upplifir einelti í skóla, hún er fjarverandi í náminu, illa áttuð, lýkur engu, skítug og svöng en engin bregðast við í skólanum. Hún lýkur ekki einu sinni grunnskólanum, kerfið bregst. Þótt hinar konurnar tali ekki um þetta á eins skýran hátt og Ásdís, talar engin þeirra um að hafa fengið stuðning úr skólakerfinu. Engin í skólakerfinu brugðust við aðstæðum þeirra eða komu til móts við þær. Þær sjálfar, erfiðleikar þeirra og ofbeldið sem þær stríða við virðist allt saman ósýnilegt í skólanum.

Konur í Konukoti hafa þurft þjónustu vegna andlegra, sálrænna og líkamlegra áskorana en stofnanir sem að henni koma hafa brugðist treglega við eða alls ekki. Allar konurnar glíma við veikindi og sjö af átta hafa átt við eða eiga við vímuefnavanda að etja. Stundum hefjast veikindi á barnsaldri en önnur veikindi fylgja langvarandi glímu við vímuefni og koma í kjölfar margháttáðs ofbeldis. Ein kona fékk hryggskekkju barn að aldri og psoriasis hefur fylgt tveimur konum frá unga aldri. Erfitt er að meta hvenær andlegar og geðrænar áskoranir koma inn í líf þeirra því þær fá seint eða alls ekki greiningar. Þær lýsa því í viðtölunum hvaða andlegu

áskoranir þær glíma við og hvaða greiningar þær hafa fengið og það eru geðhvörf, þunglyndi, kvíði, mótþróaþrjúskuröskun, ADHD (athyglisbrestur og ofvirkni), OCD (áráttu- og þráhyggjuröskun), einhverfa, sjálfsskaði, borderline (jaðarpersónuleikaröskun) og búlimía eða átröskun. Fleiri sjúkdómar hrjá þær sem eru meira líkamlegir eins og margs konar gigt, verkir af ýmsu tagi, fætur eru að gefa sig sem gæti verið úttaugabólga, lungnabemba, lungnabólga, sjúkdómar tengdir því að eiga erfitt með að halda þvagi og saur, sjúkdómar í meltingarfærum, svefnröskun og fleira. Ein kona nefnir að hún glími við tvenns konar heilsufarsvanda eða greiningu, en aðrar þrjá eða fleiri og allt upp í 12 andlegar og líkamlegar áskoranir og er þá meðtalinn vímuefnavandinn.

Heilsufarslegar áskoranir kvenna í Konukoti og ofbeldið sem þær hafa orðið fyrir ríma við rannsóknir sem gerðar hafa verið á fólki sem glímur við heimilisleysi og sýna að konur í þeim hópi eiga við skaðlegri heilsufarsvanda að stríða en karlar og eru í meiri áhættu á að deyja fyrir aldur fram en karlar (Montgomery o.fl., 2017). Rannsóknir sýna einnig að þær þjást að meðaltali meira af andlegum, krónískum heilsuvanda en karlar í sömu stöðu (Winetrobe o.fl., 2017). Sænsk rannsókn sýndi að konur með mikinn vímuefnavanda sem einnig glímdu við heimilisleysi eru hættulega (e. alarming) útsettar fyrir ofbeldi af hendi karla, það er kynbundnu ofbeldi, á fullorðinsaldri og tengist það beint algengi áfallastreituröskunar hjá konunum (Beijer o.fl., 2018; *Áfallasaga kvenna*, e.d.).

Það er fleira sem konur í Konukoti glíma við. Jóhanna upplifir að bæði lögregla og félagsþjónusta bregðast og hún missir börnin því stuðningur er ekki til staðar. Jóhanna flytur til Íslands á fullorðinsaldri: „Sko, ég kom með börnin hingað, þetta eru þrjú börn, og elsta [barn] ... sótti um fjölskyldusameiningu. Svo kom hann [eiginmaður]. Þegar hann fékk dvalarleyfi hérna tók hann börnin og fór aftur til [heimalands].“ Jóhanna áttar sig á því hvað eiginmaðurinn ætlar að gera áður en hann fer frá landinu og setur sig í samband við lögreglu og félagsþjónustu en það ber engan árangur, hún missir börnin frá sér.

Já, hann fór með börnin, án þess að láta mig vita. Ég fór til lögreglu, félagsþjónustu og allt saman. Ég sagði, ef hann vill taka börnin, þá vil ég allavega taka yngsta barnið, hann er þriggja ára. Ef hin elstu vilja ekki vera hjá mér, ég vil þann yngsta, hann getur verið með mér. Hann tók börnin án ... leyfis og ég gerði eitt, ég bað um hjálp, og sérstaklega að fá litla [barnið], sem var ... yngst og þarf á mömmu að halda. En nei, nei, ekkert var gert, hann [eiginmaður] var bara skráður á flugvelli, þegar hann kemur tökum við börnin [voru upplýsingar lögreglu]. Hann kom en enginn tók börnin, enginn gerði neitt.

Þetta er áfall og dæmi um algjört skeytingaleysi af hendi lögreglu og félagsþjónustu sem eru samfélagsstofnanirnar sem hún leitar til. Upp úr þessu hrynur líf Jóhönnu sem leiðir svo til heimilisleysis. Hún er þó ekki eina konan sem missir frá sér börn. Sex viðmælendur, af sjö sem eiga börn, eiga það sameiginlegt að missa börnin frá sér. Sumar hafa glímt við barnaverndarnefndir, aðrar við eiginmenn eða barnsfeður, stundum taka foreldrar þeirra börnin og stundum sjá þær sjálfar að þær geta ekki gegnt móðurhlutverki og láta börnin frá sér sjálfviljugar. Þegar heimilisleysið er orðið staðreynd hafa þær misst börnin sín frá sér. Öll fullorðin börn kvennanna hafa lokað á mæður sínar í skemmri eða lengri tíma. Konurnar lýsa gríðarlegri sorg og skömm í tengslum við það að missa frá sér börnin og að eiga ekki samband við þau og barnabörnin. Þá skiptir engu hvort sambandið hafi verið slitrótt eða hvort þær hafi þurft að segja skilið við þau og jafnvel fengið þau aftur síðar. Þær hafa séð áhrifin sem þetta hefur á börnin. Lýsandi frásögn er frá Önnu þegar hún segir frá því þegar eiginmaður hennar hendir henni út af heimilinu og frá þremur börnum: „Ég fékk ekki að kveðja elsta strákinn. Hann var ekki heima. Mátti ekki bíða eftir honum.“ Nokkrum árum síðar þegar Anna hefur eignast fleiri börn, en finnur að hún getur ekki hugsað um þau, segir hún:

En á tímapunkti gafst ég upp, ég fann það ég gat ekki staðið í lappirnar, ég gat ekki hugsað um þau, það um hjálp, hringdi niður í Barnó [Barnavernd], þeir komu strax, ég það þá um að fara með þau til systur minnar. Þetta voru mestu mistök ævi minnar, svei mér þá. Ég veit ekkert um það en ég held það. Af því þau komu stórskemmd til baka.

Það er varla tilviljun að konurnar glíma við heimilisleysi þegar bakgrunnur þeirra er skoðaður. Auðvitað er margt ólíkt með þeim, til dæmis alast þær upp á ólíkum stöðum á landinu, og sumar í öðrum löndum, foreldrar eru ýmist giftir alla tíð eða aldrei saman, þær eiga mismörg systkini og ein þeirra á ekki barn sjálf. Þær eru á breiðu aldursbili, frá þrítugsaldri til sextugs. Greina má sjálfsásökun hjá öllum konunum þó mismunandi sé hve sterk hún er. Sumar kenna sjálfri sér um hvernig hefur farið og sjá til dæmis ekki að uppeldisaðstæður þeirra einkenndust af vanrækslu og færa ábyrgðina á sig. Þær ásaka flestar sjálfar sig fyrir að hafa farið í sambönd við ofbeldismenn, finnst þær bera ábyrgð á ofbeldinu og vímuefnaneyslu sinni, valið sé þeirra. Sjálfsásökun, léleg sjálfsmynd, skömm og sektarkennd er allt einkenni kynferðislegs ofbeldis og áfallastreituröskunar sem ekki hefur gefist tækifæri til að vinna úr (Sundin og Beguley, 2015; *Áfallasaga kvenna* e.d.; Stígamót, 2021).

Það sem þær eiga sameiginlegt í sögu sinni skýrir vel út hvers vegna þær eru heimilislausar. Allt frá æsku er gegnumgangandi vanræksla og margháttað ofbeldi og ofbeldissaga. Foreldrar

kvennanna bregðast þeim og veita þeim ekki öryggi og geta hvorki verndað þær né stutt. Ef ofbeldið hefst ekki í æsku byrjar það í nánnum samböndum sem hefjast snemma hjá konunum og oft áður en þær verða sjálfráða. Konurnar glíma við marga sjúkdóma, fíkn og heilsubrest, bæði andlegar áskoranir og líkamlega kvilla sem sumir virðast afleiðingar ofbeldis og áfalla. Allar átta konurnar hafa upplifað kynferðisofbeldi, sjö af átta glímt við vímuefnavanda og sex af sjö konum sem eiga börn hafa misst þau frá sér. Sama úrræðaleysi einkennir skólakerfið og aðrar stofnanir samfélagsins, engin sjá vandann því hann er meðal annars fólgin í ósýnileika ofbeldis. Tvær af átta konum flytja til Íslands á fullorðinsárum og eru með erlendan uppruna og þar af leiðandi annað móðurmál, aðra trú og annan menningarlegan bakgrunn en hinar konurnar. Þær eiga í enn meiri vanda en konur sem fæddar eru hér og uppaldar, því þær hafa þurft að aðlagast nýrri menningu, siðum og reglum og glíma við enn margþættari mismunun en konur sem alist hafa upp hér á Íslandi.

Náin sambönd með karlmönnum hafa aldrei leitt viðmælendur til betra lífs, heldur þvert á móti annaðhvort orðið til þess að ofbeldi hefst eða því haldið áfram. Í nánnum samböndum eykst ofbeldið og verður margháttaðra. Ofbeldið er breytilegt milli kvenna, þó allar hafi reynslu af kynferðislegu ofbeldi er ofbeldið líka andlegt, líkamlegt og fjárhagslegt. Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir á fólki sem glímir við heimilisleysi því 91,7% kvenna í spænskri rannsókn höfðu upplifað ofbeldi áður en þær urðu heimilisláusar þó aðeins 24,7% karlanna í sömu stöðu hefðu þá reynslu (Calvo o.fl., 2022).

5 Konukot og reynsla kvenna af Konukoti

Í upphafi kaflans skal á það minnt að í Konukoti eru rúm fyrir 12 konur og gott að hafa í huga þegar húsinu er lýst að Konukot við Eskihlíð 4 er gamall steinbær sem byggður var árið 1892 og er húsnæðið því orðið 130 ára gamalt. Árið 1911 var byggð hlaða, fjós og hesthús við bæinn enda blómlegur búskapur stundaður þar. Stórt kúabú var í Eskihlíð árið 1934 en þá var steinbærinn stækkaður og byggð ný útihús, fjós og hlaða, og eru húsin við Eskihlíð 4 að mestu óbreytt frá þeim tíma. Árið 1959 stofnaði Pálmi Jónsson kaupmaður verslunina Hagkaup í fjósinu að Eskihlíð 4 (Bújarðir í Reykjavík, e.d.) og þar er nú Fatamarkaður Konukots til húsa. Á *Teikningavef Reykjavíkurborgar* kemur fram að Konukot er um 250 fermetrar að flatarmáli (Reykjavíkurborg, e.d.) en Konukot ásamt fjósinu og hlöðunni eru 686 fermetrar (Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, e.d.). Húsnæðið er á þremur hæðum og er hver hæð í Konukoti því um

80 fermetrar en gólfhlötur nýtist illa þar sem eru mörg lítil herbergi, stigar milli hæða og þröngir gangar. Einungis ein hæð af þremur er með fullri lofthæð.

Húsið ber þess merki að vera gamalt og er orðið lúíð og viðhaldi ábótavant. Þetta er húsnæði sem erfitt er að halda hreinu því gólf eru slitin og ójöfn, þrengslin eru mikil, listar, þröskuldar, skúmaskot, ofnar sem koma löngu eftir byggingatímann og ekki er gert ráð fyrir í upphafi. Spjöld eða fulningar eru á hurðum og innréttingum. Við inngang eru tröppur með tveimur þrepum sem gerir aðkomu erfiða, til dæmis með sjúkrabörur eða þegar styðja þarf konu. Það heyrst mikið milli allra herbergja og hæða því það er hljóðbært í þessum gamla steinbæ. Stigar eru snúnir, þröngir og erfiðir bæði niður í kjallara, sem er talsvert niðurgrafinn, og upp í ris þar sem hver einasti skiki er undir súð. Stiginn upp á efri hæð liggur í hálfhring, er sveigður og eru 13 þrep. Þrepin eru misstór, misbreið og mjókka í beygjunni. Fremst á þrepin hefur verið límdur borði, eða skriðvörn, til að auka öryggi. Lágt handrið er við stigann og á pallinum efst er handriði líka lágt og fyrir vikið aukin hætta á að steypast fram af því. Stiginn frá hæðinni niður í kjallara er enn þá þrengri en stiginn upp. Fyrsta þrepið í kjallaratröppum er 68 sentimetra breitt og ekki er pláss fyrir handrið heldur er veggurinn einn til stuðnings. Stiginn niður í kjallara liggur líka í hálfhring og telur 13 þrep. Þau eru grynri en í stiganum upp í ris og eru mislítil, mismjó og mjókka mikið í beygjunni en einnig með skriðvörn fremst til að auka öryggið. Þessir stigar eru ekki í samræmi við kröfur í byggingareglugerð Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (2022) en í greinum 6.4.8 og 6.4.9 reglugerðarinnar er farið yfir hvernig stigar og tröppur eigi að vera og segir meðal annars: „Tröppur og stigar bygginga skulu vera það breiðir að þeir anni fyrirhugaðri umferð. Þeir skulu þannig gerðir að auðvelt sé að fara um þá með sjúkrabörur. Þetta á einnig við þegar lyfta er í byggingu.“ Í reglugerðinni er farið nákvæmlega yfir breidd og dýpt og það er ekki í samræmi við hana að hafa misbreið og misstór þrep og mikið sveigða stiga. Tröppur við inngang eru ekki samkvæmt byggingareglugerð. Konur sem glíma við heimilisleysi og hafa einnig líkamlega fötlun gætu ekki dvalið í Konukoti vegna húsnæðisins og húsnæðið er í engu samræmi við 9. grein Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þar sem fjallað er um aðgengi (Sameinuðu þjóðirnar, 2020).

Í kjallara Konukots er neyslurýmið. Þar er ekki full lofthæð, því hún er um 175 sentimetrar og er rýmið þar að auki gluggalaust. Dúkur er á gólfinu, veggir lakkaðir og lítið af húsgögnum sem auðveldar þrif sem víðast hvar eru erfið í Konukoti. Þarna er vaskur, borð, stólar og hilla. Ekkert hefur verið gert fyrir rýmið til að gera það vistlegt, hvorki eru þar þægilegir stólar né

skrautmunir auk þess sem stórt gat eða skemmd er í gólfduknunum. Neyslurýmið er fyrir þær konur sem nota vímuefni í æð. Þær fá aðgang að rýminu auk þess búnaðar sem nauðsynlegur er því í Konukoti er nálaskiptaþjónusta. Þær tilgreina hvaða efni þær hyggjast nota. Svo er litið eftir þeim eftir ákveðinn tíma. Þær geta líka óskað eftir því að starfskona sé hjá þeim. Á þennan hátt er hættan á ofskömmun lágörkuð og líkur á sýkingum og dreifingu smitsjúkdóma minni.

Í kjallaranum er svo nokkurs konar gangur eða opið rými og þar er frystikista, rúm og mjór bekkur með þunnri dýnu sem hægt er að sofa á ef Kotið yfirfyllist. Þegar gengið er gegnum dyraop og háan þröskuld er annað opið rými með tveimur rúmum og þar fyrir innan er baðherbergið í Konukoti. Þar er eina sturta hússins auk klósetts og vasks. Baðherbergið ber með sér að hafa ekki verið endurnýjað í mörg ár. Sturtan er stúkuð af í þröngu rými og baðherbergið er gluggalaust. Baðherbergið er óaðlaðandi og ekki þesslegt að þar sé hægt að fríska sig upp. Það lítur illa út og engin loftræsting er þar. Í kjallara Konukots er líka mjög þröngt þvottahús, með tveimur þvottavélum og þurrkara, sem einkum er notað af starfskonum. Ekki er full lofthæð þar inni heldur 175 sentimetrar eins og í neyslurými.

Á aðalhæðinni, sem er eina hæðin með fullri lofthæð alls staðar, er borðstofa og setustofa fyrir konurnar. Í setustofunni er eitt rúm, sófi og fimm hægindastólar auk sjónvarps. Þar er líka skápaeyning með átta litlum skápum fyrir konurnar. Hver skápur er eitt hólfi og inn í hann kemst ígildi tveggja fullra plastpoka eða haldapoka af fatnaði. Í borðstofunni er borðstofuborð og stólar, þrjú ísskápar, þar af tveir mjög stórir fyrir mat sem er eldaður á staðnum. Minni ísskápurinn er með hressingu fyrir konurnar svo sem drykk, morgunmat, álegg, brauð og annað sem þær hafa alltaf aðgang að. Í borðstofunni eru einnig skápar fyrir konurnar. Þessir skápar voru settir upp á rannsóknartímanum og eru níu talsins og mun rúmbetri en þeir gömlu. Hver skápur er með hillu þar sem hægt er að raða inn smáhlutum eða snyrtivörum og ígildi fjögurra plastpoka af fötum kemst inn í þá. Örlítið klósett er á aðalhæð fyrir starfskonur, sem næstum því þarf að bakka inn á því það er svo þröngt. Eldhúsið er á aðalhæð og gegnir nokkrum hlutverkum. Þar er eldaður matur handa konunum og það er aðal- og eina starfsstöðin fyrir starfskonur. Fremst í eldhúsinu eru tveir hægindastólar ásamt skápum með nálum og búnaði sem þarf til að neyta vímuefna í æð, samanber nálaskiptaþjónustu Konukots. Eldhúsinnrétting og allt til matseldar er til staðar og á eldhúsbekknunum er bæði mappa og fartölva sem starfskonur nota þegar þær skrá konur inn. Eldhúsbekkurinn er því starfsstöð við hliðina á

kaffikönnu og á vinnuborði eldhúss. Eldhúsið er alltaf læst ef starfskonur eru ekki þar inni, því þar eru trúnaðargögn sem og persónulegar eigur starfsskvanna.

Efri hæðin, sem er undir súð, er með þremur herbergjum auk salernis með klósetti og vaski. Þarna eru svefnherbergin tvö með fjórum rúmum í hvoru herbergi. Herbergin eru lítil og í öðru herberginu liggja rúmin fjögur upp við vegg en í hinu eru tvö rúm ekki upp við vegg heldur standa úti á gólfinu því súðin er það lág og þrengslin það mikil að það er ekki möguleiki. Í þeim rúmum er ekki hægt að snúa sér að veggnum til að fá meira næði. Eitt herbergi uppi í risi er skrifstofa forstöðumanneskju og teymisstjóra auk þess sem herbergið er hálfgerð geymsla með fyrirferðarmiklum fatnaði, eins og úlpum sem eru gjafir til Konukots. Herbergið er lítið og hver einasti fermetri nýttur og ekkert pláss fyrir fámenna fundi. Þröngur gangur liggur fyrir framan herbergin og við einn gluggann er spegill, borð og stóll.

Þriðjungur þeirra 12 rúma sem eru í Konukoti er ekki í lokuðu herbergi heldur í stofunni og í kjallara í opnum rýmum sem ganga þarf um til að fara í einu sturtu hússins og annað tveggja klósetta. Það er hvergi hægt að vera í næði í Konukoti, öllum rýmum er deilt með öðrum. Hljóðvist hússins hjálpar ekki til því hljóð berst auðveldlega milli hæða og rýma. Klósettið er sá staður þar sem hægt er að loka að sér og vera ein, ef það er þá laust. Svo er það neyslurýmið. Ásdís sem notar ekki vímuefni í æð segir: „Eini staðurinn sem hægt er að loka sig af, er staðurinn sem er notaður til að sprauta sig.“ Þangað fær hún stundum að fara bara til að geta verið ein með sjálfri sér.

Við Konukot er ágætur garður sem er mikið notaður af konunum. Ekki má neyta vímuefna innandyra, með undantekningunni að vímuefni í æð er hægt að nota í neyslurýminu. Í garðinum eru tveir bekkir undir skjólvegg og yfir þeim er skyggni sem veitir dálítið skjól fyrir rigningu og snjókomu en takmarkað skjól er fyrir vindi og engin upphitun er í garðinum. Garðurinn er opin þannig að hver sem er kemst þangað inn. Stundum koma í garðinn karlar sem glíma við heimilisleysi en þeir geta fengið nálaskiptaþjónustu í Konukoti og mat að borða en þetta er þá afgreitt við dyrnar því þeir koma ekki inn í húsið. Þeir eru ekki einungis að sækja þjónustu því stundum eru þeir að reyna að hitta á ákveðnar konur, til dæmis kærustu eða vinkonu í Konukoti. Þeir koma oft með góðum ásetningi en líka illum, til dæmis til að elta uppi eða sitja um konu. Konur eru því berskjaldaðar í garðinum og hefur Rótin bent á það í *Greinargerð um heimilislausar konur* hve varhugaverður óvarinn garður er þegar hugað er að því að konur í Konukoti eru oft að flýja ofbeldi (Rótin, 2021). Minna má á að Frú Ragnheiður er

nálaskiptaþjónusta í bíl, sem fer til notenda. Einnig er nálaskiptaþjónusta í karlaskýlunum. Því má velta fyrir sér hvort þörf sé á nálaskiptaþjónustu fyrir karla í Konukoti þá ekki síst í ljósi þess að konum getur í einhverjum tilvikum staðið ógn af þeim körlum sem þangað leita.

Í þessum litla og þrönga húsakosti er veitt þjónusta í anda skaðaminnkunar og markmiðið er að hún sé kynja- og áfallamiðuð. Í Konukoti starfa einungis konur og gengið út frá því að skjólstæðingar séu með margþætta áfalla- og ofbeldissögu, líkt og fram kemur í þessari rannsókn. Í Konukoti er ástunduð skaðaminnkun í framkomu og konunum er mætt með virðingu og á þeim stað sem þær eru í lífinu. Í hlutverki og markmiðum Konukots kemur fram að í skipulagi og verkferlum er þörfum kvenna mætt og að starfskonur líti á þær sem samstarfsaðila og taki mið af þörfum og viðhorfum þeirra. Reyndar eru konur kallaðar „gestir“ á vefsíðunni um Konukot og velta má fyrir sér hvort það lýsi upplifun þeirra sem þangað sækja eða hvort Konukot sé ígildi heimilis, að minnsta kosti 15 klukkustundir á dag, árum og áratugum saman fyrir sumar konur. Það er því ef til vill nær lagi að tala um skjólstæðinga eða konur, en fram kemur á vefsíðu Konukots:

Starfsfólk reynir að mæta hverjum og einum *gesti* [leturbreyting höfundar] á þeim stað sem hann er staddur og veitir þannig einstaklingsmiðaða og valdeflandi þjónustu. Starfsfólk aðstoðar einnig *gesti* við að hafa samband við lækni, meðferðaraðila, geðdeild eða aðra sambærilega aðila ef á þarf að halda og alltaf er reynt að vinna í málefnum *gesta*. (Rótin, e.d.-b)

Að hverri konu sé mætt þar sem hún er stödd er staðfest í viðtölum við konurnar. Í Konukoti fá þær grunnþörfum fullnægt þegar þær hafa brennt allar brýr að baki sér. Þá skiptir höfuðmáli að hægt sé að fá hútaskjól, rúm að sofa í, komast í bað, fá mat að borða og upplifa öryggi og skjól. Jákvæðast við Konukot finnst Önnu að, „það sé til staður sem að hýsir konur, til að fá að vera yfir nóttina.“ Áslaugu finnst best: „Bara að geta lagst í rúm með koddna, og geta haft mat og kaffi.“ Þær Áslaug og Anna tala um grunnþarfir, það sem þarf til að lifa af.

Konurnar tala um að þeim sé mætt á jafningjagrundvelli, þær eru velkomnar í Konukot og ekki dæmdar heldur er þeim tekið eins og þær eru. Það sem fólk almennt telur sjálfsagt viðhorf og venjulegt viðmót í daglegu lífi finnst konum í Konukoti vera það jákvæðasta við Konukot því þær eiga allt öðru að venjast í samfélaginu. Helsti kostur Konukots er að mati Bergþóru skilningur, fordómaleysi og þolinmæði starfskvenna en hún orðar það svona:

Það er bara skilningurinn og að maður er ekki dæmdur. Og mér þykir svo vænt um starfsfólkið hérna. Þær eru svo þolinmóðar. Mér fannst vera hugsað um mig, þær gera

í því að vera í góðu skapi, þær gera í því að brosa og þú veist, og það er fyrir mig, það er fyrir mig. Þú veist, skilur þú, vilja að mér líði vel. Hafa þolinmæði og svona.

Heiðrún, sem er önnur kvennanna sem dvelur ekki lengur í Konukoti, segir um viðhorfið sem mætti henni þá setningu sem ég gerði að titli ritgerðarinnar: „Og þarna er manni einhvern veginn mætt á jafningjagrundvelli. Eini staðurinn í samfélaginu þar sem ekki er horft niður á þig Ég var alltaf velkomin þar Mér þykir ótrúlega vænt um Konukot.“ Það að vera alltaf velkomin er ný upplifun fyrir konur sem finna fyrir jaðarsetningu og fordómum í daglegu lífi. Friðborg hefur svipaða sögu að segja og lýsir starfsfólki og viðhorfi þess til sín þannig:

Mér hefur alltaf þótt það bara yndislegt. Þau einhvern veginn sýndu mér svo mikinn skilning þegar ég var á þessum stað. Og ég var bara oft, eflaust hef ég oft verið bara dónaleg og leiðinleg og undir áhrifum og svona. En þau voru alltaf bara tilbúin að hlusta og tilbúin að vera þarna fyrir mig. Þú veist. Þannig að já, já, ég er bara ótrúlega þakklát fyrir þetta fólk.

Friðborgu finnst hún hafa verið dónaleg og leiðinleg en það skiptir ekki máli í Konukoti, hún fær að tjá sig og á hana er hlustað, og hún upplifir þakklæti fyrir það sem fólk almennt þarf ekki að leiða hugann að. Ásdís segir beinlínis, „ég elska Konukot. Það er búið að hjálpa mér svo mikið, þú veist, starfskonurnar, sjálfboðaliðarnir og allir. Ég elska starfskonurnar sko“. Starfskonur verða þeim mjög kærar fyrir vikið, af því þær eiga ekki að venjast því að vera eftirtektarverðar eða hlustað sé á þær. Ein kvennanna nefnir hve gott er að geta gengið að því að fá fatnað í Konukoti og lítið herbergi í kjallara sé fullt af aukafötum ef vantar. Hún minnst líka á Fatamarkaðinn en hann er í sambyggðu húsi, gamla Fjósínu og síðar Hagkaupum. Aðrar konur tala ekki um fatnað heldur er það þjónustan í Konukoti sem er þeim efst í huga.

Starfskonur eru konunum mikilvægar enda eru þær birtingarmynd þjónustunnar og þær manneskjur sem þær geta leitað til án þess að upplifa fordæmingu og sniðgöngu. Heiðrún segir um starfskonur, „þetta var orðið svolítið bara fjölskylda mín. Þær eru búnar að fara með manni gjörsamlega til helvítis og til baka.“ Þarna vísar Heiðrún í að hún hafi verið mjög hætt komin í neyslu vímuefna en í Konukoti er hún alltaf velkomin, hvernig sem ástand hennar er. Konurnar hafa brennt allar brýr að baki sér, tenging við eigin fjölskyldu er rofin og þær tengjast starfskonum ef til vill dýpra fyrir vikið.

Engin viðmælenda gerir greinarmun á starfskonum og sjálfboðaliðum, heldur leggja þær að jöfnu. Þegar rætt er um starfskonur Konukots í ritgerðinni er því jafnt átt við starfskonur og sjálfboðaliða þó fastlega megi gera ráð fyrir að einkum sé vísað til starfskvennanna sem

konurnar umgangast oftár og reglulegar því sjálfboðaliðar hafa verið margar, og miðað við að þær taki tvær til fjórar vaktir í mánuði.

Á rannsóknartímanum varð sú meginbreyting á mönnun í Konukoti að ekki þarf lengur að treysta á sjálfboðaliða til að manna vaktir. Konukot getur ráðið starfskonur á allar vaktar og fullmannað án sjálfboðaliða vegna þess að frá ársbyrjun 2022 fékk Konukot aukið fjármagn upp á 30 milljónir frá Reykjavíkurborg (Berghildur Erla Bernharðsdóttir, 2021). Frá janúar 2022 eru ávallt tvær starfskonur á öllum vöktum, kvöldvöktum kl. 17-22, næturvöktum kl. 22-8 og morgunvöktum kl. 8-12 en milli klukkan 10 og 12 á morgnana þrifa starfskonur kotið. Fyrir var mönnun á vaktir þannig að það voru tvær starfskonur á næturvöktum, ein starfskona og einn sjálfboðaliði á morgunvöktum og ein starfskona og tveir sjálfboðaliðar á kvöldvöktum. Enn geta sjálfboðaliðar skráð sig á kvöldvaktir en mjög hefur dregið úr vinnu sjálfboðaliða á árinu 2022 af þessum ástæðum.

Allar konurnar tala vel um starfskonur og þjónustu í Konukoti. Ýmist hæla þær starfskonum í hástert og líkja við fjölskyldu sína, eins og Heiðrún, eða lýsa starfskonum hnitmiðað, til dæmis: „Starfsfólkið er bara mjög yndislegt allt saman“ , „Starfsfólkið er mjög hjálpsamt“ og „Þær eru flestar góðar. Þær hafa reynt að gera sitt besta.“

Gegnum gangandi stef í viðtölunum er þakklæti fyrir viðmót starfsfólks og veitta þjónustu í Konukoti. Konurnar finna að þær skipta máli og er tekið eins og manneskjum. Viðmið kvenna í Konukoti eru önnur en gengur og gerist, og þetta viðmót ekki það sem þær eiga að venjast annars staðar í samfélaginu. Þeim finnst sérstakt atlæti og þolinmæði, sem annað fólk leiðir sjaldnast hugann að, afskaplega dýrmæt. Almennt hugsar fólk ekki um það sem skiptir konur í Konukoti höfuðmáli því jaðarsetningin sem þær verða fyrir dags daglega er almennt víðs fjarri fólki.

Þó skaðaminnkandi hugmyndafræði og áfallamiðuð nálgun sé til staðar í Konukoti hafa allar konurnar einhver dæmi um það sem betur má fara í Konukoti þegar þær hugsa sig um. Það eru dæmi sem heyra til undantekninga. Starfskonur sem ekki kunnu sig og voru óhæfar hafa unnið í Konukoti. Um það leyti sem Róttin tók við var um tíma mikil starfsmannavelta sem konu fannst óþægilegt. Nefnt var að starfskonur eru ekki nægilega margar, þær geti ekki sinnt konunum sem skyldi vegna þess, og ekki tími fyrir hverja og eina konu. Á álagstímum, eins og á kvöldvöktum þegar konur koma í hús, eru mörg verk sem inna þarf af hendi; verið er að skrá

þær inn og skipuleggja húsið, matbúa og bera fram mat og konur eru í alls konar ástandi þegar þær koma í hús sem bregðast verður við, hlusta á þær og sinna aðhlyningu.

Þrjár konur segja frá því að starfskonur sofi stundum á næturvöktum og viti því ekki hvað gerist í Konukoti. Jóhanna segir frá atviki þegar hún þarf að fara á klósett í kjallara klukkan þrjú um nótt. Þar hafði kona sem svaf þar niðri opnað glugga fyrir karlmanni sem var kærasti en í kjallara eru stórir gluggar. Jóhanna mætir honum, hann biður hana að láta ekki vita, og Jóhanna bætir við: „Og starfsfólkið var sofandi. Þau vita stundum ekki hvað er í gangi niðri.“

Skilaboð Önnu til starfskvenna eru þessi í viðtalinu: „Ekki læsa að ykkur á nóttunni, þið eruð í fullri vinnu. Ég hef aldrei fengið vinnu þar sem ég get læst að mér og lokað á vinnuna og bara farið að sofa.“ Hún talar um að starfskonur loki dyrum í eldhúsi þar sem þær hafa aðstöðu og séu ekki með neina yfirsýn. Áslaug er einnig gagnrýnin á þjónustuna í Konukoti, hún lýsir því svona þegar hún er innt eftir því hvað sé neikvæðast í Konukoti:

Ég myndi segja að það væri sko regluleysið, bara hreint og beint. Líka bara svona óákveðni og meðvirkni. Það eru allar starfsstelpurnar þarna, þær eru rosalega meðvirkar, þær eru það meðvirkar og, eða hræddar. Og það er líka, það gengur ekki upp, að konur sem eru þarna í geðköstum, að þær skulu stjórna öllu húsinu, og þær gera það. Þær algjörlega stjórna húsinu og það er virkilega gengið á eftir þeim, og þær finna það, og eflast í því, og notfæra sér. Þetta er fáránlegt, að horfa á þennan sirkus, að engin skuli, að skuli ekki vera öryggisvörður þarna. Það er ráðist á fólk þarna með hnífa, það er búið að skera eina. Í morgun var ein bara komin með hníf.

Þarna kemur í ljós að konum í Konukoti stendur ógn af öðrum konum. Kynjamiðuð nálgun leysir ekki öll vandamál og á henni eru annmarkar eins og þetta dæmi sýnir. En húsnæði Konukots býður ekki upp á annað en þvingaða samveru og því ekki hægt að bregðast við ógninni. Konur eru til dæmis í geðköstum eins og Áslaug segir enda eru margar konur sem sækja Konukot með tvígreiningar, bæði fíkn og geðrænan vanda, en engin úrræði eru fyrir konur með tvígreiningar. Karlar með tvígreiningar eiga aftur á móti búsetuúrræði og geta dvalið á Miklubraut 20 (Reykjavíkurborg, velferðarsvið, 2019; Valgerður Jónsdóttir, 2018). Starfskonur eru tvær með allt upp í 12 konur, jafnvel fleiri, í húsi og ekki möguleiki að sjá alltaf hvernig mál þróast meðal kvennanna og hvað gengur á hverju sinni. Það er erfitt að halda á spöðunum í öllum þrengslunum, erlinum og því sem upp kemur.

Í viðtölum kemur fram að konum finnst þeim stundum mismunað, að ekki gildi það sama um allar konurnar og sumar komist upp með það sem aðrar komast ekki upp með hvað varðar hegðun og áreiti, og svo sé öllum refsað fyrir eitthvað sem ein gerir. Anna segir:

Þær verða að hafa þannig reglur, að allir séu undir sama hatti. þær þurfa virkilega að koma jafnt fram við alla. Þú getur ekki látið allt bitna á öllum út af einni manneskju sem er stelsjúk í pappír eða poka.

Þarna vísar hún til þess að stundum er enginn pappír á klósettum vegna þess að ekki eru settar þar aukabirgðir því klósettpappír er talinn freisting til að stela.

Viðmælendur mínir sem nota eða notuðu vímuefni í æð töluðu um þann létti sem fylgdi því að geta nýtt neyslurýmið og þurfa ekki að vera úti að sprauta sig. Ein kvennanna, sem var hætt notkun, hafði mótsagnakenndar skoðanir á neyslurýminu eftir að hún varð edrú. Hún veit ekki lengur hvort það hafi verið betra eða verra að hafa það því núna hefur hún efasemdir um sumt sem tilheyrir „skaðaminnkunardæminu“ eins og hún orðar það. Vissulega sé gott að hafa öruggan stað til neyslu, en hún viðrar líka efasemdir um að það sé hið rétta. Ekki er hægt annað en velta fyrir sér hvort í því sé fólgin sú hugmynd að hún hafi ekki átt það skilið eða hugsanir um að neyslurýmið hafi seinkað því að hún næði hinum svokallaða botni. Í þessum hugsunum og orðum er hugsanlega líka fólgin sjálfsásökun sem konum er tamt að grípa til, blanda af skömm og eftirsjá.

Konur sem nota aðra vímugjafa en í æð eru ekki eins jákvæðar gagnvart neyslurými, finnst ónæði þaðan ef þær sofa í kjallara þar sem ekki er herbergi heldur opið svæði með rúmum. Það er staðsetning neyslurýmisins fremur en að neyslurými sé til staðar sem er gagnrýnivert í þeirra huga og er það enn ein staðfesting á hve gístiaðstaðan í Konukoti er bágborin. Anna lýsir því hvernig ónæði er í kringum neyslurýmið þegar hún sefur í opnu rými í kjallara og segir að konur komist upp með að halda vöku fyrir öðrum og rjúfa næturkyrrð. Inn í það blandast að konur sem eru á ferðinni á nóttunni eru að stela af sofandi konum:

Þær sem fá að koma þarna í rýmið á nóttina, að sprauta sig, þær eru kannski búnar að dreifa úr sér um allt gólf áður en nokkur veit af. Það verður alveg bara, þú veist, og er bara þarna. Þú getur valtað yfir allt og alla. Það er endalaust verið að stela sínum af öllum. Það á engin síma, það á engin sígarettur, það á engin neitt þarna. ... Þær eru ekki allar að fara í rýmið. Það er alveg búið að stela af mér tvær nætur í röð.

Konur sem nota vímuefni í æð hafa aðstöðu innandyra til neyslu en áfengi eða alkóhól má eingöngu nota utandyra við Konukot, það er í garðinum, og þar er líka reykt, bæði efni og sígarettur. Í Skjólínu, dagsetri fyrir heimilislausar konur, er öruggt herbergi eins og það er kallað þar, sambærilegt við neyslurýmið í Konukoti. Þar geta konur notað vímuefni í æð og er það samkvæmt skaðaminnkandi hugmyndafræði eins og í Konukoti. Þar er líka herbergi fyrir utan sem áður var fyrir rusl. Þessi geymsla er nú með bekkjum og öskubökkum og orðin

snyrtileg og hægt að loka hurðinni og vera í algjöru skjóli. Þarna er því hægt að reykja í skjóli og einnig er leyfilegt að drekka áfengi inni í reykherberginu. Skjólið kemur til móts við fleiri tegundir af neyslu en í Konukoti sem skýrist af aðstöðumuninum vegna þessa útiherbergis sem aðgangur er að. Konur sem þekkja til aðstöðunnar í Skjólínu sjá að neyslurýmið í Konukoti er bara fyrir sumar konur, eftir því hvaða efni þær nota, en aðrar verða að vera undir berum himni í garðinum. Það skapar óánægju þar sem konur upplifa að þjónustan sé ólík eftir því hver neyslan er.

Í Konukoti þurfa konur að vera í mikilli nálægð hver við aðra. Konukot, þessi gamli, litli steinbær, er hús sem býður upp á stöðugt og þvingað samneyti við aðrar konur og nálægðin er óumflýjanleg. Anna bendir á, eins og fram hefur komið, að meðan hún sofi sé ekki friður þegar hún er í kjallaranum í rúmi í opnu umgangsrými. Heiðrún segir: „Stundum er þetta alveg eins og frumskógur, það er alveg svoleiðis, sko,“ og lýsir andanum í Konukoti því það er ekki hægt að komast í frið og ró, og konur vita að friðurinn er auðveldlega rofinn og hættuástand getur skapast á skammri stund. Konur þurfa að berjast fyrir öryggi sínu í samneyti við aðrar konur sem þær treysta ekki og vita að eru í alls kyns ástandi og ójafnvægi. Til viðbótar við það þurfa þær sérstaklega að passa upp á eignir sínar þó þær séu ekki margar en því mikilvægari fyrir þeim. Hversdagslegir hlutir eins og sími, kort, peningar, sígarettur, áfengi og lyf eru helstu eigur sem eru þeim mikilvægar og þær nota. En í Konukoti óttast þær stöðugt að vera rændar. Þegar Ásdís var innt eftir því hvað það væri sem ekki væri nægilega gott í þjónustu Konukots stóð ekki á svarinu:

Bara hvað þetta er lítið úrræði. Þetta er svo stórt hús, samt erum við allar kramdar saman. Erfitt að geta ekki lokað að sér neins staðar. Og vita ekki annað en einhver komi, og taki dótið mitt. Eða eitthvað. Og horfa upp á eitthvað, sem ég á ekki að þurfa horfa upp á.

Ásdís finnst húsið stórt af því hún telur gamla fjósið og hlöðuna með en þar er annars vegar Fatamarkaður og hins vegar hluti hússins sem ekkert er tengdur Konukoti, hinum megin við markaðinn. Ásdís sviður að komast hvergi í næði og vera neydd til að hafa stöðugar gætur á dótinu sínu og komast ekkert frá þegar eitthvað gengur á, hún er neydd til að horfa upp á það sem fram fer. Heiðrún tekur í sama streng og Ásdís varðandi þrengslin og segir um Konukot að, „það er rosalega lítið persónulegt rými. Við erum fjórar saman í herbergi, þú veist. Og það er rosa lítið svona ..., þú færð ekkert svona þitt speis“.

Læstir skápar fyrir persónulegar eigur, sem er eina geymslan sem hver kona hefur fyrir sitt dót og engin önnur ætti að geta nálgast, tengjast skertri öryggistilfinningu kvennanna. Viðmælendur mínir vita að skáparnir eru ekki öruggir og á það sérstaklega við um gömlu skápana sem voru eingöngu í boði fyrri hluta rannsóknartímans og eru enn þá í notkun að hluta til því nýir skápar eru ekki nægilega margir enn sem komið er. Gömlu skápana er hægt að brjóta, pikka upp eða komast inn í þá með öðrum aðferðum.

Viðmælendurnir tala allar átta um þjófnað í Konukoti og hafa allar orðið fyrir því að aðrar konur sem þar dvelja steli af þeim. Þjófnaður er í raun ógn á hverjum degi. Friðborg lýsir þjófnaði svona:

En ég hef líka alveg lent í því að ég kem og er að fara í skápinn minn og það er búið að ræna öllu dótinu úr skápnum, af því að einhver segir við einhverja konu: hey, Friðborg sagði að ég mætti fara í skápinn hennar.

Þá er líka hægt að nota aðferð sem Jóhanna lýsir:

Þetta er ekki flókið, þetta eru litlir skápar. Það kemur kannski einhver kona sem er vön að stela og kemur bara og segir, númer á skápnum mínum er þetta skilur þú, þetta er kannski ekki hennar. Hún vill bara stela einhverju.

Konur þurfa að vera stöðugt á varðbergi og helst vera með öll verðmætin á sér, sem jafnvel er ekki heldur trygg ráðstöfun því dæmi eru um að konur séu rændar sofandi í rúmum sínum eins og Anna segir frá, en hún var rænd tvær nætur í röð (samanber tilvitnun hér að framan). Hulda segir sömu sögu um þjófnað:

Við erum að vakna allar við það að þessar sem eru geðsjúkar og eiga ekkert að vera þarna, þær fara inn í öll herbergin á næturnar og eru stelandi af fólki meðan það er sofandi. Það er ekkert heldur gert í því.

Hún útskýrir þjófnaðinn með að konur séu geðsjúkar og finnst sárt að ekkert sé gert til að koma í veg fyrir hann. Heiðrún telur að hún hafi aldrei verið rænd neinu verðmætu, en lýsir vel vandanum sem þjófnaður er í Konukoti út frá nokkrum sjónarhornum:

Það hefur alveg verið tekið af manni, ein jóna, eða eitthvað svona skilur þú, hálf oxý, eitthvað svona, en þú veist, ég hef aldrei lent í því að símanum mínum hafi verið rænt, þannig sko.[konur] bara saka þig um að þú ert búin að ræna þær og svona, þú veist. Einmitt svo kemur þessi inn, og hún rændi mig í gær, Þú verður náttúrulega að passa dótið þitt ótrúlega vel. Svo veistu það bara líka, þegar þú labbar inn í húsið, ókei, þessi og þessi eru inni í kvöld, þá er þetta allt í lagi, skilur þú. Ég get alveg geymt símann minn hér, ef þessi mætir, þá verður þú að fylgjast extra vel með.

Síminn er helsta verðmætið og konur þurfa að vega og meta hvort þær geti yfirhöfuð lagt hann frá sér. Þær þurfa að vera varar um sig og fylgjast með hverjar koma í hús og hvar þær eru því hvergi er hægt að vera ein og í friði. Bergþóra telur að það sem sé verst í Konukoti sé að eiga stöðugt von á að vera rænd, hún segir:

Það er búið að taka föt, ferðatösku, allt snyrtidótið Það sem ég er að reyna að segja, mér datt ekki í hug að einhver myndi stela af mér. Það síðasta einhvern veginn. Ég man eftir því þegar símanum mínum var fyrst stolið hérna. Ó guð.

Bergþóra telur upp allar eigur sínar, eins og föt og snyrtidót og auk þess mikilvægustu eignina, símann. Þegar Anna er innt eftir því hvort þjófnaður sé vandamál segir hún: „Þjófnaður! Þetta sko, þetta gengur út á það já.“ Hún hefur verið rænd og finnst allar konurnar vera að stela af hinum, alltaf, og lífið í Konukoti snúast um það.

Konur í Konukoti glíma flestar við fíkn og fátækt, þær eiga ekki fyrir þeim vímuefnum sem þær þarfnast. Því eru úrræðin fá og þjófnaður algengur. Sumar konur framfleyta sér á þjófnaði og eru orðnar þjálfaðar í honum. Þjófnaður er einfaldlega bjargráð sumra kvenna. Þær hafa engin önnur ráð og þjófnaður tengist beint stöðu þeirra og heimilisleysinu sem þær glíma við.

Fram kemur að starfskonur blanda sér ekki í þjófnaðarmál. Heiðrún segir beinlínis: „En starfsfólkið má ekki blanda sér inn í þetta. Skiljanlega skilur þú.“ Jóhanna er rænd og segir um þá upplifun: „Nei, ekkert var gert, og konurnar voru ekki beðnar um að skila þessu dóti,“. Það er lítill eða enginn möguleiki fyrir starfskonur að fylgja eftir þjófnaðarmálum því þær eru sjaldnast vitni að þeim og engar öryggismyndavélar eru til staðar í Konukoti þannig að ekki er hægt að fylgja eftir málum.

Af framansögðu er helsta niðurstaðan um reynslu kvenna af Konukoti að hið litla, úrsérgengna, þrönga húsnæði Konukots hamlar því beinlínis að hægt sé að veita þá þjónustu sem lagt er upp með. Í markmiðum Rótarinnar kemur fram að Rótinni er ætlað:

a) Að vera málsvari kvenna sem eiga sögu um áföll og/eða vímuefnavanda og að beita sér fyrir aukinni velferð og lífsgæðum þeirra.

b) Að beita sér fyrir faglegri stefnumótun um skaðaminnkun, mannréttindi, samkenndarmiðaða nálgun og áfalla- og kynjamiðaða þjónustu.“ (Rótin, e.d.-c)

Í leiðarljósum Rótarinnar er tengingin við kynjamiðaða nálgun skýr en Rótin „þjónar eingöngu konum og vinnur eftir því viðurkennda verklagi í þjónustu við konur með áfallasögu að konur sinni konum“. Einnig kemur fram að það þurfi að „leitast við að koma í veg fyrir hvers

konar ofbeldi, svo sem andlegt, líkamlegt, kynferðislegt eða fjárhagslegt og einelti er aldrei liðið“ (Rótin, e.d.-a). Í áfallamiðaðri nálgun þarf að uppfylla fimm skilyrði eins og fram kemur í 2. kafla: öryggi, val, samvinnu, traust og valdeflingu (ITTIC, 2022).

Í viðtali höfundar við rekstraraðila Konukots er spurt um öryggi kvenna og áfalla- og kynjamiðaða nálgun og skaðaminnkun og hvort aðstæður í húsnæðinu sem Konukot er í geri kleift að tryggja öryggi kvenna sem þar dvelja. Rekstraraðili svarar:

Nei, það gerir það náttúrulega ekki. Áfallamiðuð nálgun er að tryggja öryggi og það eru margir þættir þarna sem uppfylla ekki þau skilyrði, þannig að það er nauðsynlegt að gera umbætur á aðstöðunni þarna. Eins og ég segi það er í vinnslu hjá Reykjavíkurborg en við vitum ekki alveg hver staðan er núna.

Í raun er ekki hægt að túlka orð rekstraraðila á annan hátt en að Rótin geti ekki unnið samkvæmt hugmyndafræðinni sem lagt er upp með af því að aðstæður í Konukoti eru ekki við hæfi. Fram kemur að rekstraraðili er í viðræðum við Reykjavíkurborg um málið en ekki vitað hver staðan er. Velferð og lífsgæði, orð úr markmiðum í starfi Konukots, eru huglæg orð en það er ekki hægt að auka velferð og lífsgæði einungis með því að bjóða upp á rúm til að sofa í og mat til að borða. Lífsgæði eru háð ytri aðbúnaði og aðstæðum í kringum þjónustuna. Það er ekki hægt að auka velferð og lífsgæði í bágbornu húsnæði Konukots. Einnig má spyrja hvernig ástunda skuli skaðaminnkun í skilningi hugtaksins sem lýtur að virðingu og framkomu við jaðarsett fólk (Global Commission on Drug Policy, 2018; O’Dowd, 2018) þegar engin einkarými eða staður til að fá frið fyrirfinnst. Konur í Konukoti eiga von á því að vera rændar og þurfa að horfa upp á alls konar hegðun og jafnvel lenda í ofbeldi. Það er ekki að ástæðulausu sem rekstraraðili nefnir sérstaklega að ekki sé hægt að tryggja öryggi í Konukoti. Afleiðingar áfalla kvenna eru meðal annars að konur verða berskjaldaðar og óöruggar, eins og farið er yfir í rannsóknum kanadískrar stofnunar, The Jean Tweed Centre (JTC, 2013), sem vinnur eftir áfalla- og kynjamiðaðri nálgun. Ofbeldi gegn konunum hefst yfirleitt strax í barnæsku og manneskjan einangrast og reynsla hennar er hunsuð, eins og fram hefur komið í þessari rannsókn. Hún á hvergi öruggan stað, stundum ekki einu sinni á eigin heimili þar sem vanræksla og misnotkun er af hendi forráðamanna. Fullorðin manneskja með áfallastreitu og langa sögu um að frásagnir og skýrslur hennar séu ekki taldar trúverðugar og dregnar í efa, er áfram berskjölduð og viðkvæm fyrir misnotkun og brotum frá öðrum skjólstæðingum eða starfsfólki á stofnunum sem hún þarf að nýta. Fyrstu viðbrögð fyrir manneskjur sem upplifað hafa áföll ætti að vera að veita þeim öryggi, en öryggi getur þýtt mismunandi hluti eftir hverri

og einni konu (JTC, 2013). Rauður þráður í viðtölunum við konur í Konukoti er að konurnar upplifa ekki öryggi og meginástæðan virðist vera hið bágborna húsnæði og aðstæður í Eskihlíð þar sem þær óttast sífellt að vera rændar eða verða fyrir ógnandi tilburðum gagnvart sér eða öðrum konum.

Til samanburðar við aðstöðu í Konukoti má taka Skjólíð sem er opið hús fyrir konur sem glíma við heimilisleysi. Í rannsókninni var Skjólíð heimsótt og auk þess tekið viðtal við forstöðumanneskjuna. Þar voru flest viðtöl við konur í Konukoti tekin því þar er viðtalsherbergi. Skjólíð var opnað 15. ágúst 2021 svo starfsemin er um eins og hálfis árs gömul þegar þetta er ritað. Í Skjólinu er unnið eftir skaðaminnkandi hugmyndafræði og það er opið frá klukkan 10 - 15 alla virka daga. Skjólíð er staðsett á neðri hæð Grensáskirkju. Þar er boðið upp á hádegismat, hreinlætisaðstöðu þar sem konur geta farið í sturtu og þvottaaðstöðu þar sem þær geta þvegið af sér. Aðstaða er til að hvíla sig og komast í afþreyingu, meðal annars er aðgengi að nettengdum tölvum (Hjálparstarf kirkjunnar, 2021). Skjólíð er mjög rúmgott og öll rými miklu stærri og betur útbúin en í Konukoti. Hjálparstarf kirkjunnar rekur Skjólíð en starfsfólk Skjólísins er oft í sambandi við starfskonur Konukots þar sem sömu konur eru á báðum stöðum að hluta til og unnið að sambærilegum markmiðum.

Mikill munur er á milli staðanna og í fyrsta lagi eðlismunur því Skjólíð er ekki neyðarskýli heldur dagsetur og opnunartíminn er hluta þess tíma sem lokað er í Konukoti. Það er tíminn þegar aðrar staðir í samfélaginu eru opnir. Því er mikilvægur þáttur í starfi Skjólísins að tengja konurnar við alls kyns þjónustu. Þar er stórt viðtalsherbergi sem gagnast á margan hátt. Þar geta konurnar hitt alls kyns fagaðila, til dæmis úr heilbrigðis- og félagskerfi. Í viðtalsherberginu hafa konur hitt félagsráðgjafa frá öllum þjónustumiðstöðvum höfuðborgarsvæðisins, hjúkrunarfræðinga frá heimahjúkrun og frá neyðarmóttöku kynferðisbrota, lögreglu vegna skýrslutöku, fólk frá hjálparsamtökum, lögfræðinga, starfsfólk úr VoR-teyminu sem er vettvangs- og ráðgjafateymi Reykjavíkurborgar, eða aðra þá fagaðila sem konurnar þurfa að hitta. Þær sjálfar þurfa að eiga frumkvæðið að því að leita til þessara aðila, starfskonur Skjólísins hjálpa til við að greiða fyrir þjónustunni án þess að taka fram fyrir hendurnar á þeim. Í Skjólinu geta þær fengið að nota síma dagsetursins til að hringja til dæmis í Tryggingastofnun, bankana eða aðra þá sem þarf að ná í. Ég tók fjögur af átta viðtölum við konurnar í þessu viðtalsherbergi af því konurnar óskuðu eftir því að viðtalið væri tekið þar.

Reginmunur er á milli Konukots og Skjólins hvað varðar húsnæði og aðstöðu. Skjólið er í mjög stóru húsnæði, ríflega 500 fermetrum, með mörgum rýmum og öll rúmgóð, góðri snyrtiaðstöðu, þremur klósettum og einni sturtu í stóru rými. Konur geta með lítilli fyrirhöfn fundið sér einkarými til að finna ró og frið. Engar tröppur eru í Skjólinu því rýmið er á einni hæð, þar eru skápar til að geyma eigur og öll rými vöktuð með öryggismyndavélum nema svefnrými og klósett. Þar er auðveldara að tryggja öryggi kvennanna en í Konukoti. Þrír starfsmenn starfa að jafnaði í Skjólinu í tæpum þremur stöðugildum. Konur velja sjálfar hvort þær leita í Skjólið og það gera ekki bara konur úr Konukoti heldur geta þetta verið konur sem glíma við heimilisleysi en nota ekki neyðarskýli heldur tilheyra öðrum ETHOS-flokki, til dæmis konur í kvennaathvarfi, smáhúsi eða hjólhýsi eða leigja ólöglegt húsnæði, en Reykjavíkurborg flokkar heimilisleysi eftir evrópsku kerfi (Reykjavíkurborg, 2021) líkt og fjallað var um í 2. kafla. Í ágúst 2022 kom fram um notkun Skjólins að tíðasta gildið var sjö konur, færri konur sækja þangað strax eftir mánaðarmót en reglulega koma fleiri og oft 8-10 konur daglega.

Reynsla kvenna af Konukoti er misjöfn en allar konurnar tala um að viðhorf til þeirra þar sé gott og þær finna mikinn létti að koma í Konukot því þær eru ekki stimplaðar og jaðarsettar heldur er mætt á þeim stað sem þær eru. Skaðaminnkandi hugmyndafræði og áfalla- og kynjamiðuð nálgun virðist skila sér og eftir að Rótin tók við rekstri Konukots hefur mönnun verið aukin og samkvæmt rekstraraðila hefur atvikum þar sem þarf að kalla til lögreglu, sjúkrabíl eða að vísa konum frá fækkað.

Það eru tvö atriði sem þyrfti að bæta í Konukoti sem eru fyrst og fremst í höndum Reykjavíkurborgar og tengjast pólitískum vilja þeirra sem eru við völd í borginni. Annars vegar er það opnunartíminn, því það þyrfti að vera opið allan sólarhringinn en ekki einungis frá klukkan 17 til 10 á morgnana. Það er ekkert öryggi á götunni. Hins vegar er það húsnæðið sem Konukot er í, Eskihlíð 4, því það er hindrun í vegi fyrir öryggi. Í gömlum steinbæ þar sem hvergi er hægt að leita í einkarými er ekki hægt að tryggja öryggi. Í spænsku rannsókninni er ein aðalniðurstaðan sú að það að vera kona er sjálfstæður áhættuþáttur fyrir að vera útsett fyrir ofbeldi meðal þeirra sem ekki eiga heimili (Calvo o.fl., 2022) og niðurstöður af reynslu kvenna í Konukoti eru í samræmi við það. Í næsta kafla er samfélag kvennanna og lífsbarátta skoðuð og ætlunin að varpa ljósi á reynslu kvenna í daglegu lífi og í samfélagi þeirra.

6 Lífsbarátta kvenna í Konukoti og samfélag þeirra

Konukot er opið frá klukkan 17 á daginn til klukkan 10 daginn eftir. Það er neyðarskýli og konur sem þangað leita hafa því ekkert athvarf frá klukkan 10 á morgnana til 17 á daginn eða í sjö klukkustundir. Síðastliðið ár hefur þessi tími verið heldur styttri hjá þeim konum sem nýta sér dagsetur Hjálparstarfs kirkjunnar, Skjólíð, en þar er opið frá kl. 10 til 15. Konurnar þurfa þá að koma sér úr Konukoti í Skjólíð á eigin vegum, og enn eru eftir tvær klukkustundir þar sem fátt bíður annað en gatan. Skjólíð er lokað um helgar og einnig á öllum almennum frídögum. Vergangur kvenna sem velja að nýta Skjólíð og komast þangað á eigin vegum styttist því úr sjö í tvær klukkustundir virka daga, en áfram er ekkert skjól sjö klukkustundir um helgar, í tvo vikudaga af sjö, og alla aðra frídaga. Sex af þeim átta konum sem ég talaði við höfðu líka reynslu af Skjólínu. Fimm þeirra nýttu sér Skjólíð reglulega og voru ánægðar með það.

Helmingur viðmælenda minna talaði sérstaklega um hve erfitt er að þurfa að fara út úr Konukoti klukkan 10 á morgnana og komast ekki inn fyrr en seinni partinn. Heiðrún lýsir þessu og segir:

Ég veit ekki hver ákvað það að það meikaði sens að vera úti frá tíu til fimm. ... Ef að þeir sem búa til þessar reglur myndu prófa að vera á götunni í viku, þá yrði þessu breytt, sko. Fólk gerir sér ekki grein fyrir hve þetta er ógeðslega erfitt, sko. Endalaust í þessu harki einhvern veginn, vera í morfínfráhvörfum bara ógeðslega lasin úti í kuldinum.

Enginn vafi er á því að fólk skilur ekki nema hafa reynt það hvernig er að vera á götunni í sjö klukkustundir, sem er alltaf tíminn um helgar. Þó klukkustundirnar séu stundum tvær er erfitt að setja sig í þau spor. Fráhvörf hjálpa ekki til, og eins og Heiðrún talar um er þetta endalaust hark. Hvað skal borða, hvar skal hlýja sér, er hægt að hvíla sig einhvers staðar? Á þessum tíma geta konur oft ekkert farið, þær upplifa sig hvergi velkomna í almenningsrýmum og stundum er niðurstaðan að sitja á bekk fyrir utan Konukot allan tímann. Þessu lýsir Anna þegar ég spyr hana hvað hún geri þegar það er lokað í Konukoti.

Ég hef setið þarna úti [fyrir utan Konukot] í frosti og það er hörmung. Fólk er allavega á sig komið. Bæði, það er frost en það er skárna núna [júní]. Það er aðeins hlýrra, þótt það sé ekki hlýtt, en það er betra. Og bara að tíminn eyðist einhvern veginn, ég get ekkert farið neitt. Ég þekki engan, ég er búin að loka á alla út af neyslu. Ég vil ekki vera valda fólki áhyggjum. Hvort það er það sem ég er að þæla í veit ég ekki. Ég vil bara fá frið.

Anna glímir við alls konar líkamlega kvilla og henni finnst erfitt að fara á milli Konukots og Skjólísins og bekkurinn fyrir utan Konukot verður því oft fyrir valinu. Enginn aðgangur er að salerni eða öðru í Konukoti þann tíma sem lokað er. Stundum bregður hún á það ráð að fá

mikið af hlýjum fötum og teppi úr Konukoti til að vefja utan um sig þegar kalt er í veðri, auk nestisþakka, svo eitthvað sé að maula. Hún vill svo ekki valda öðrum áhyggjum, en þráir mest af öllu að fá frið.

Áslaug lítur á annan hátt á þá staðreynd að lokað er klukkan tíu. Henni finnst þetta vera félagslegt aðhald og segir: „Mér finnst því fínn hvati að vera á Konukoti og vera allavega hent út úr húsi, áður en ég er vöknuð, þá er ástæða til að vakna. Annars veit ég ekki hvort ég myndi vakna, ef ég væri ein einhvers staðar.“ Áslaug glímir við geðrænar áskoranir og finnst erfitt að halda út í daginn, en að vera vakin og þvinguð á fætur kemur henni af stað. Anna lítur á þetta öðrum augum og flestar konurnar eru henni sammála, Anna segir:

Það er ekkert jákvætt við það að vera vakin rétt fyrir tíu og maður á að taka allt sitt hafurtask og fara út í frostið. Og fá ekki að fara inn fyrr en fimm að degi til. Það er vetur hérna helmingi lengri tíma en sumrin.

Það er erfitt að sjá eitthvað gott við það að vera hent á götuna, veður á Íslandi er sjaldnast það gott að fólk njóti þvingaðrar útiveru. Í frosthörkum og ofankomu var þó brugðist við á lokastigum ritunartímans eins og fram kemur í inngangi og neyðarskýlin voru opin allan sólarhringinn í óveðrinu fyrir jólin. Milli jóla og nýárs 2022 er tekin ákvörðun um að halda neyðarskýlum karla opnum allan sólarhringinn, enda ekkert lát og snjó og kulda, og Konukot er einnig opið nema þegar opið er í Skjólinu. Endurmeta á stöðuna 2. janúar á nýju ári („Neyðarskýlin opin allan sólarhringinn fram á nýársdag“, 2022).

En það er ekki bara veður sem setur líf kvenna í Konukoti úr skorðum því í viðtölunum kemur skýrt fram að mestu áskoranirnar við að dvelja í Konukoti eru aðrar konur þar. Þær áskoranir eru í samskiptum milli kvennanna, vegna þjófnaða sem eru algengir, vegna hegðunar sem oft er ógnandi og engin leið að koma sér í var í einkarými. Í viðtölunum kemur fram að konurnar raða sér og hinum konunum í stigveldi. Þær leggja mat á félagslega stöðu sína og segja frá viðhorfi sínu til annarra kvenna í Konukoti, raða þeim í goggunarröð, staðsetja sig og stimpla hinar konurnar. Sjálfar hafa þær allar orðið fyrir mikilli jaðarsetningu og verið litnar hornauga alls staðar í samfélaginu, mætt fordómum og ófáum hindrunum enda ekki með nein forréttindi sem færa þeim vald, ekki einu sinni óformlegt og því síður formlegt. Stigveldið sem þær setja upp er meðal kvenna í sama hópi og grundvallast á þörfinni til þess að telja sína tilveru betri en næstu manneskju. Það er ríkt í fólki almennt að meta sig og sína stöðu meðal jafningja, annars vegar gegnum samsömun og hins vegar með því að aðgreina okkur. Femínísk

rannsókn á áhrifum hvítleika eða menningu hvíts fólks sýnir dæmi um þetta sem tengist samtíðun mismunabreyta þar sem kynþáttur, stétt og kyn greinir milli fólks sem neytir hreins mataræðis (e. clean eating trend) og kynnir slíkt mataræði. Hvítar konur úr efri stétt ástunda hreint mataræði og koma fram í miðlum og tala fyrst og fremst til sambærilegs hóps og finna sér stöðu innan hans. Þær sem taka slíkt mataræði sér til fyrirmyndar verða að hafa fjármuni til að neyta þessa matar til þess að geta samsamað sig þeim sem tala fyrir því (Wilkes, 2021). Stigveldið og að raða í það er ein leið til að gera það auðveldara að lifa af í heimi þar sem öryggið er lítið sem ekkert og tengsl við nánustu fjölskyldu eru horfin. Neysla er áberandi þáttur til flokkunar og til að greina sig frá þeim sem þær telja eiga í meiri vanda en þær sjálfar. Konur þekkja þau vímuefni sem þær nota sjálfar og þau áhrif sem eru af þeim en hræðast önnur efni og eru frekar með skoðanir og fordóma gagnvart neyslu hinna.

Stundum er raðað eftir því hvort um neyslu er að ræða eða ekki. Viðmælandi sem er ekki í neinni neyslu og hefur aldrei verið gerir engan greinarmun á hvernig neyslu konur eru í. Henni finnst þær veikar af neyslu og helsta ógn vegna neyslu þeirra vera árásgirni og þjófnaður. Röðun eftir því hvaða vímuefni er notaður hjá þeim sem eru í neyslu er algengari. Áhrif neyslunnar og geðrænar áskoranir sem birtast í erfiðri og ógnandi hegðun blandast inn í þetta stigveldi. Anna segir: „Ég er ekki einu sinni sprautufíkill. Því þeir eru þeir alverstu Rítalín fíklarnir.“ Hún lítur á neyslu í æð sem lægsta stig neyslu og hún getur greint sig frá slíkri neyslu og finnst hún yfir hana hafin. Andstætt þessu viðhorfi segir Heiðrún:

... persónulega finnst mér, þær sem eru svona verst farnar ef það er hægt að segja svoleiðis, eru þær sem eru búnar að drekka áfengi í 30 ár, og eru bara í sprittinu og. Þær eru yfirleitt verstar í skapinu. Og það getur verið mjög erfitt, eins og það er ein þarna sem kemur og hún er bara öskrandi allan daginn, bara alltaf öskrandi á alla, allt er ömurlegt og allt er hræðilegt.

Áfengi eða spritt, eins og Heiðrún nefnir, hefur mikil áhrif á neytandann, og ein forstöðumanneskjan sem ég tók viðtal við tekur undir þetta sjónarhorn og segir að langerfiðast í starfi með heimilisláusu fólki sé að eiga við fólk sem drekkur áfengi því hegðun sé mjög erfið hjá fólki sem er langt gengið í alkóhólneyslu. María hefur hins vegar aðra skoðun á þessu, sjálf neytir hún áfengis og telur annars konar neyslu vera versta:

Það er mikið ójafnvægi á fólkinu sem býr þar [í Konukoti]. Sérstaklega dópistar eru allt í einu að elska hvort annað, og skipta um föt, og lána ... þetta eða hitt. En allt í einu eftir nokkrar mínútur eru verstir við hvort annað og lemja og slagsmál og alls konar og ýmislegt

Hún raðar líka neyslunni og finnst þær sem eru í öðru en áfengi verstar og óútreiknanlegar. Það er ekki hægt að komast undan því að fylgjast með öðrum konum í þröngu rými Konukots og konur verða vitni að því sem gengur á. Ásdís telur sig ekki vera í neyslu, því hún notar hvorki alkóhól né vímuefni í æð. Henni finnst samfélagið stimpla sig ranglega fyrir vikið og segir um leið aðalvanda sinn vera geðrænan:

Ég er ekki eina konan sem er ekki í neyslu, sko. Þótt ég reyki gras. Ég er náttúrulega með taugasjúkdóm skilur þú, mér finnst ég alveg með nógu góða afsökun til að vera reykja gras. ... Það er alltaf verið að reyna láta mig líta einhvern veginn út. Það hefur alltaf verið gert. Segja að ég sé fíkill eða alkóhólisti síðan ég var 14 ára. En ég er það ekki. Ég drekk ekki einu sinni áfengi. En ég hef verið í einhverju ástandi. Því ég er líka eins og mamma. Þú veist, ég er veik í hausnum. Og þarna, mér finnst bara rosalega erfitt núna. ... Það er bara alltaf komið fram við mig eins og ég sé einhver fíkill en ég þarf bara hjálp því ég dila við geðræn vandamál.

Ásdís telur að geðrænn vandi sé það sem fyrst og fremst hamli henni en litið sé framhjá því og hún fyrir vikið stimpluð út frá fíkn. Hún telur sig ekki tilheyra hópi kvenna sem á við vímuefnavanda að stríða, því henni finnst sem bæði áfengi og neysla í æð séu þær tegundir neyslu sem skera úr um vandann. Reynsla hennar hvað varðar geðræna vandann og stimplun út frá neyslu er í samræmi við niðurstöður Valgerðar Jónsdóttur (2018) en hún benti á í meistararitgerð sinni að þjónusta við tvígreindar konur, það er konur sem glíma bæði við vímuefnavanda og geðsjúkdóma, sé á þann veg að þeim er illa sinnt og þjónustan ekki við hæfi. Neysluvandinn hamlar því að geðvandinn sé þjónustaður sem skyldi.

Hulda raðar konum í stigveldi og nefnir að inn á milli séu konur í Konukoti sem eru æðislegar, sem henni finnst vera á röngum stað,

sem eiga að vera í Kvennaathvarfinu, ... þær eru ekki einu sinni að dópa eða neitt. Ég meina það er allavega ástæða fyrir því að konur eru þarna en skrítnast er auðvitað að velja sér að vera þarna. Ef þú getur eitthvað annað. Og ég er minnst sturlaða manneskjan þarna. En ég er með mest sturlaða stimpilinn.

Hún telur að sumar konur sem séu í Konukoti en eiga ekki við nein vandamál vegna neyslu að etja, ættu að vera í Kvennaathvarfinu. Til þess að geta leitað til Kvennaathvarfsins þarf dvöl í heimahúsum að vera óbærileg vegna ofbeldis af hálfu maka en einnig geta konur sem hefur verið nauðgað eða eru þolendur mansals leitað þangað (Kvennaathvarf, e.d.). Konur í Konukoti eru því ekki gjaldgengar í Kvennaathvarf, þær eru heimilisláusar og eru ekki í samböndum inni á heimili. Í lok tilvitnunarinnar kemur stigveldið og samanburðurinn út frá geðrænum áskorunum. Huldu finnst hún minnst sturluð í Konukoti en með stimpil um að vera mest

sturluð. Hennar stigveldisröðun er fyrst og fremst eftir andlegri heilsu og geðsjúkdómum og hún telur sig verða fyrir stimplun sem er óraunhæf, því hún telur sig vera minnst sturlaða þegar hún ber sig saman við hinar konurnar. Lýsing Friðborgar á því sem hægt væri að gera betur í Konukoti sýnir vel stigveldið, stimplun og viðhorf til annarra kvenna í Konukoti:

Já, mér finnst að það mætti aðskilja fíklana og fólk með geðrænan vanda. Það er svo mikið af þannig konum þarna. Ég hef alveg lent í slagsmálum við einhverja konu sem var bara snargeðveik, talaði ekki íslensku og var alveg gú gú. Og við lentum alveg í slagsmálum inn í eldhúsi sko. Og þú veist, það finnst mér mega, setja á sitthvorn staðinn, því á það á engan veginn heima saman, sérstaklega ef þessi aðili með þennan geðræna vanda er ekki í neyslu, þú veist. Þá passar þetta engan veginn, sko. Það finnst mér að mætti laga.

Friðborg gengur út frá því að konur séu ýmist með vímuefnavanda eða geðrænan vanda og gerir ekki ráð fyrir því að konur glími við hvorutveggja og séu með tvígreiningar. Hún talar um að skilja að konur með ólíkan vanda en það er enginn möguleiki í Konukoti vegna þrengsla. Hún lýsir því líka að konan tali ekki íslensku þannig að ef til vill hefur uppruni konunnar áhrif á upplifun Friðborgar og hún hefði kannski brugðist við með öðrum hætti ef viðkomandi talaði íslensku. Samkvæmt orðum Friðborgar er það sem amar þarna að geðveiki. Áslaug lýsir svo samfélagi kvenna í Konukoti á eftirminnilegan hátt, lífinu hjá þeim sem og áskorunum sem glíma þarf við:

Línan milli þess að vera heimilislaus og ekki, hún er alveg frekar þunn þótt fólki finnist það ógeðslega ótrúlegt, þá er það þannig. Það er í alvörunni þannig. Þannig að. Ég held sko, þetta er alveg, að mörgu leyti er þetta svona raunverulegur raunveruleiki, því hann er svo hrár og ekta. Samskiptin verða svo ekta sko. Þú veist. Já, þetta er nánast eins og Íslendingasögurnar. Þetta er Mördur og þetta er Hrappur, og það vita það allir. Þú veist. Þarna fer ekkert leynt. Þetta er viðbjóðsleg manneskja sem er rotin að innan og þessi er það ekki, þú getur treyst henni. Eða skilur þú. Það er alveg þetta, þessi hráí veruleiki.

Heimilisleysi er ekki val, línan er þunn þótt þau sem ekki hafa reynt á eigin skinni að vera heimilislaus skilji það ekki. Áslaugu finnst þau sem glíma við heimilisleysi lifa í raunverulegum heimi, hráum og ekta þar sem samskiptin eru ósvikin, það þýði ekkert að þykjast vera einhver annar en man er og ekki hægt að dulbúast eða fela sig bak við efnisleg gæði. Samskiptin eru ekta, það er ekki verið að fara í kringum hlutina. Svo líkir hún lífi þeirra sem glíma við heimilisleysi við lífið á landnámstíð, eins og í Íslendingasögunum og það er áhugaverð samlíking; menn námu lönd, hróktust frá öðrum löndum, fóru í víking, hefndu fyrir mann og annan, höfðu mikið fyrir lífinu, gátu ekki treyst næsta manni. Þá fór ekki milli mála hver var hvað; svikamördur, lygahrappur eða manneskja sem hægt var að treysta. Áslaug vísar í þessar

fornu hugmyndir enda líf þeirra sem kljást við heimilisleysi eins og landnám og sífelld barátta um lífsviðurværi, öryggi og rými.

Það er ekki eingöngu í Konukoti sem konur finna fyrir óöryggi og ógn sem stafar af öðrum konum sem þar eru því þegar Konukot er lokað heldur barningurinn áfram og þær þurfa að takast á við fordóma úti í samfélaginu. Landspítalinn og þjónusta í heilbrigðiskerfinu eru þeir staðir sem konur í Konukoti finna mest fyrir fordómum og jaðarsetningu. Einn viðmælenda sem hefur dvalið á geðdeild Landspítala segir að hún sé flögguð þar. Samkvæmt tillögum starfshóps á Landspítala þarf kerfi þvert yfir allan Landspítala til verndar starfsmönnum sem og sjúklingum, þar sem fyrirliggjandi upplýsingar um fyrri ofbeldishegðun komist til þeirra sem sinna viðkomandi sjúklingi. Heimild Persónuverndar liggur fyrir samkvæmt 2. mr. 9. gr. persónuverndarlaganna. Spítalinn verður að meta hvort sjúklingur sé viðsjárverður, það er hafi sýnt ógnandi tilburði, verið vopnaður eða beitt starfsmenn eða sjúklinga ofbeldi og þarf atvik að vera skráð á rafrænan hátt í atvikaskráningarkerfi sjúklinga til þess að réttlæta flöggun. Þetta er aðferð til að vernda starfsfólk og aðra sjúklinga gegn ofbeldi. Að fjórum árum liðnum fellur flöggun úr gildi hafi sjúklingur ekki gefið tilefni til endurflöggunar (Alma D. Möller o.fl., 2010).

Hulda upplifir flöggun sem jaðarsetningu og hún telur að hún fái aldrei mannsæmandi þjónustu heldur er tekið á móti henni með fyrirvara og stimplun, hún er álitin ógnandi sjúklingur. Starfsmaður á geðdeild hefur staðfest við rannsakanda að sjúklingar sem hafa beitt ofbeldi séu flaggaðir, á Landspítala er varnarteymi sjúkrahússins tiltækt ef sjúklingar sýna ógnandi hegðun. Ráðgjafi hjá Öryrkjabandalaginu hefur einnig staðfest við rannsakanda að hafa orðið þess áskynja að einstaklingar séu flaggaðir í kjölfar þess að hafa dvalið á geðdeild spítalans. Hulda, líkt og aðrir þátttakendur rannsóknar sem dvalið hafa í Konukoti, er kona með margháttða áfallasögu sem hefur orðið fyrir miklu ofbeldi og glímir bæði við geðræna og líkamlega sjúkdóma. Áfallasaga hennar er ekki færð inn í sjúkraskrána, heilbrigðiskerfið mætir henni ekki þar sem hún er stödd heldur er verklag þar til þess fallið að auka enn frekar á samfélagslega jaðarsetningu. Heilbrigðiskerfið þyrfti að finna aðrar leiðir til að mæta fólki sem hefur upplifað röð áfalla og endurtekna samfélagslega útskúfun en að setja heilbrigðisstarfsfólk í vörn gagnvart því og flagga sjúklinga.

Jóhanna glímir við mikinn heilsubrest sem kallar á skurðaðgerð, en aðgerð er sífellt skotið á frest því hún hefur ekki heimili, og því ekki aðstæður til hvíldar eftir aðgerð.

Ég þarf ...[skurðaðgerð] en af því ég er ekki með mína eigin íbúð er bara bið með þetta, skilur þú, bara bíða með þetta þangað til ég fæ íbúð hjá félagsþjónustunni þá get ég farið í aðgerð. Meira að segja það ég heimilislækni að tala við félagsráðgjafa,

Hún skilur ekki hvers vegna kerfið sem snýr að því að hún fái húsnæði, það er félagskerfið, og kerfið sem sér að hún þarf nauðsynlega aðgerð sem fyrst, heilbrigðiskerfið, vinni ekki saman að lausn mála. Í Konukoti er ekki hægt að hvílast eftir aðgerð, þar er lokað sjö klukkustundir á dag og auk þess tröppur milli hæða sem manneskja nýkomin úr aðgerð myndi ekki ráða við.

Heilbrigðiskerfið er gagnrýnt af öllum konunum. Þær sem hafa verið í neyslu eru brenndar af neikvæðu viðhorfi og fordómum sem mæta þeim í heilbrigðiskerfinu. Þannig segir Heiðrún frá því þegar hún er stórslösuð í Konukoti og starfskonur vilja panta sjúkrabíl og senda hana á bráðamóttöku en hún þvertekur fyrir það:

Og ég bara, ekki séns, skilur þú, ég er ekki, ég get ekki hvað það eru miklir fordómar þarna upp á Landspítala. Og ég bara. Og þau fá bara sjúkrabílinn til að koma, með því skilyrði að taka mig ekki með, þeir bara komu og kíktu á mig í Konukoti.

Í Konukoti er fordómaleysi og skilningur, hún er ekki dæmd, og hún getur ekki hugsað sér að fara með sjúkrabílnum þaðan. Anna leitar til sérfræðings út af langvarandi vandamáli í ristli en henni er sagt af læknum að það sé löng bið, hún geti ekki fengið þjónustu strax, allir sem hafi krabbamein séu á undan henni í röðinni, og með kaldhæðni spyr Anna: „Þarf ég virkilega að fá mér krabbamein til að komast að? Í aðgerð?“ Það er ekki nema von að Anna grípi til kaldhæðni því hún upplifir að vera sniðgengin vegna stöðu sinnar sem ekki er metin eins alvarleg því hún er ekki með krabbamein. Hún er heimilislaus og því eru heilsufarsleg vandamál í ristli ekki síður alvarleg og erfið viðureignar þegar ekki einu sinni er aðgangur að klósetti og snyrtingu þegar lokað er í Konukoti, og varla þegar það er opið því klósettin þar eru tvö.

Bergþóra útskýrir jaðarsetningu sem fylgir því að vera heimilislaus og geta ekki farið í almenningsrými og segir: „... það þýðir ekki að segja manni, af hverju ferðu ekki á bókasafnið, af hverju ferðu ekki...skilurðu, við vitum alveg að við erum dópistar“. Hún finnur hve umhverfið er henni óvinveitt og jaðarsetur hana. Í þessu samhengi er rétt að tengja fjölmiðlaumfjöllun í október 2022 við þessi orð Bergþóru. Pálína Magnúsdóttir borgarbókavörður bendir á að heimilislaus séu velkomin á bókasöfn borgarinnar eins og öll önnur, en það sé ómaklegt að tala um bókasöfnin eins og neyðarskýli. Hún vísar í ummæli Heiðu Bjargar Hilmisdóttur, formanns velferðarráðs Reykjavíkurborgar, um að heimilislausir karlmenn geti leitað á bókasöfn borgarinnar á daginn þegar neyðarskýli eru lokað. Borgarbókaverði finnst fráleitt að tala um

bókasöfn eins og úrræði velferðarkerfisins því það séu þau ekki þótt öll séu velkomin. Pálinu finnst ekki boðlegt gagnvart söfnunum, starfsfólki þeirra og heimilislausum körlum að tala um bókasöfn eins og úrræði (Gunnhildur Kjerúlf Birgisdóttir, 2022). Heiða Björg formaður velferðarráðs segir orðrétt í viðtali: „Það eru alltaf staðir fyrir alla en neyðarskýlin verða ekki opnuð. Bókasöfn borgarinnar standa öllum opin alltaf. Þar er hægt að fá kaffi, setjast og hafa það gott,“ (Elísabet Inga Sigurðardóttir, 2022). Í þessum opinberu umræðum um þau sem glíma við heimilisleysi og hvar sé pláss eða rými fyrir þau kemur berlega í ljós að skilningur á þörfum fólksins er takmarkaður, því að tala um bókasöfn sem kjörinn vettvang til að dvelja á er ekki raunhæft. Bergþóra lýsir þessu, hún finnur að bókasafnið er ekki staður fyrir þau sem ekki eiga heimili, hún finnur sig ekki meðal samborgara, upplifir jaðarsetningu og henni líður ekki vel í þessum aðstæðum.

Þegar önnur konan af erlendum uppruna er spurð að því hvernig henni líði þegar lokað er í Konukoti svarar hún því til að hún verði: „Bara döpur.“ Þegar hún er innt eftir því hvað hún geri þegar lokað er í Konukoti segir hún: „Bara labba út um allt, þangað til ég er orðin þreytt og fer til baka. Já, ég kann þetta alveg utanbókar [leiðina sem hún labbar] þar sem ég labba svo mikið“. Þó hún komi við í húsi sem er tengt menningu hennar heimalands stoppi hún stutt þar af því að þar er mikið af körlum, hún finni sig utangarðs þar og sé litin hornauga því hún er kona, þar að auki kona án maka og án heimilis. Hún finnur hvergi öryggi þegar lokað er í Konukoti og kýs því útiveru og göngur.

Ásdís lýsir vel jaðarsetningu frá barnsaldri af hendi kerfisins þegar skólakerfið brást henni alveg. Þrátt fyrir að hún skili aldrei neinum verkefnum, sinni ekki námi, mæti skítug og alltaf í sömu fötunum og ljúki í raun ekki grunnskóla er aldrei gripið inn í hennar mál. Hún segir:

Ég upplifði svo mikið að ég sé bara svona suss kerfisins. Hérna, kerfið bara er að búast við að ég myndi bara grotna ... og verða fyllibytta. Af því kerfið brást mér. Af því kerfið brást mér bara feitt. ... eru skólar ... ekki til að sjá svona?

Ásdís er ósýnileg í skólanum og af kerfinu sem hún telur því að vilji þagga niður í henni, sussa á hana. Hennar reynsla er að hún skipti ekki máli, væntingar umhverfisins séu að hún verði fyllibytta eins og hún orðar það. Henni finnst ekki gert ráð fyrir sér í samfélaginu.

Fólk sem passar ekki inn í samfélagið leitar allra leiða til að komast hjá áreiti. Þetta er staðfest af Frú Ragnheiði. Á sumrin undanfarin ár þegar veður batnar á Íslandi, fer Frú Ragnheiður að auglýsa eftir tjöldum og svefnpokum og í frétt um málið frá síðastliðnu sumri

segir Hafrún Elísa Sigurðardóttir, verkefnastýra Frú Ragnheiðar, að aðalástæðan sé „að fólk vill komast frá áreiti í neyðarskýlum og Konukoti ... Fólk þurfi oft en ekki að deila herbergi með öðru fólk í neyðar- og gistiskýlum og því kjósi það frekar að fá tjald og svefnpoka og gista úti“ (Ingibjörg Sara Guðmundsdóttir, 2022). Helmingur viðmælenda rannsóknarinnar hafa reynslu af því að sofa í tjaldi á höfuðborgarsvæðinu, aðallega á tjaldstæðum, um lengri eða skemmri tíma. Til dæmis segir María: „Í þrjú ár bjó ég í tjaldi. Ég var að vinna á meðan í fiskvinnslu og ég var að fara frá kuldum í kulda“. Aðrar kjósa tjald í stað neyðarskýlis og ástæðan er nákvæmlega sú sem Frú Ragnheiður lýsir, þar er minna áreiti. Áslaug ber saman Konukot og tjaldlífið og lýsir þessum kostum svona:

Ef engin veit hvar ég er er betra að vera í tjaldi, nei eða þú veist. Ef það væri hægt að héra, ef það væri hægt að hafa Konukot eins og hér [í Skjólínu] þá er Konukot náttúrulega betra. Að vakna upp inni, og fá kaffi og eitthvað þá auðvitað væri það Konukot.

Tjaldið hefur vinninginn yfir Konukot ef engin veit hvar Áslaug er þá velur hún einkarými og enga truflun. Hins vegar þyrfti Konukot að vera sambærilegt við Skjólið og aðstöðuna þar til þess að eiga vinninginn yfir tjaldið því í Skjólínu er auðveldlega hægt að finna frið því aðstaðan er til fyrirmyndar. Það þyrfti að vera neyðarskýli sem er opið líka yfir daginn eins og Skjólið. Samanburður á Konukoti og Skjólínu er eðlilegur þegar konur þekkja bæði úrræðin því himinn og haf skilur að aðstöðuna á þessum tveimur stöðum, eins og fjallað var um í kafla 5. Skjólið er með mörg rými og mörg tækifæri til að vera í einrúmi en í Konukoti er samvera kvennanna þvinguð þar sem engin leið er komast í rólegheit eða einkarými.

Í viðtali við rekstraraðila Konukots rifjaði ég upp eina sjálfboðaliðavakt í Konukoti þegar ég varð vitni að því að sérsveit ríkislögreglustjóra mætti og umkringdi eitt smáhúsið við Konukot til að handtaka konu þar og flytja hana á Hólmsheiði. Það þurfti ekki annað en líta út um gluggann til að fylgjast með aðförum. Í mínum augum var þetta glórulaust því konan hafði margsinnis dvalið í Konukoti og var ekki sú ógn að þyrfti vopnaða sérsveit í handtökuna. Rekstraraðilinn benti á það væru einmitt brotalamir í þjónustu við konur sem glíma við heimilisleysi og endurskoða þyrfti heildrænt hvernig þjónustan er veitt á gagnlegan og skilvirkan hátt. Rekstraraðilinn segir:

Við erum alltaf að hugsa um eina þjónustu í einu, en ekki um eina konu í einu. ... þetta eru allt sömu konurnar sem sækja alla þessa þjónustu. Að við hugsum þetta bara svolítið út frá því: Hvaða þjónustu þurfa þessar konur? Og ef það er hægt að bjóða hana, þá minnkar svo mikið álag annars staðar í kerfinu, líka. Ekki bara betri þjónusta heldur örugglega sparnaður annars staðar í kerfinu. Þessi hópur þarf mjög blandaða þjónustu,

heilbrigðis- og velferðarþjónustu. Og þó þær séu augljóslega með geðræn vandamál, þá er alltaf þessi krafa að þær verði edrú fyrst, því það sé ekki hægt að greina þær. ... við erum með hóp af konum sem eru bara í þessari hringekju, Hólmsheiði, geðdeildin, Konukot. Það vantar kannski rétta úrræðið fyrir þær. Eins og við höfum talað um líka, þessar konur eru mikið í réttarvörslukerfinu, það vantar öryggisneyðarskýli í staðinn fyrir eru þær sendar upp á Hólmsheiði, þar sem þær eiga ekkert erindi, þetta er rosalega dýrt úrræði, fangelsi og þetta er skaðlegt úrræði líka, að loka þær svona inni, fæstar eru þær hættulegar.

Kjarninn í þessum orðum lýtur að því að það er ekki hægt að skipta erfiðleikum og áskorunum kvennanna milli þjónustuaðila, hverri konu þarf að mæta þar sem hún er stödd og þjónustan þarf að vera heilðræn. Húsnæði Konukots við Eskihlíð býður ekki upp á það, en hugmyndafræði Rótarinnar og markmið miða að því að veita heilðræna þjónustu. Í viðtölum bæði við aðila frá Konukoti og Skjólínu kom fram að um tíma kom heimahjúkrun á báða staðina, en hún hafði lagst af og litlar skýringar á hvers vegna. Helst var að skilja að þjónustan hafi tengst sérstökum starfsmanni hjá heilsugæslu sem svo fór frá störfum. Heimahjúkrunin kom til móts við konurnar því þær eru brenndar af brotalömum í þjónustu og fordómum í heilbrigðiskerfinu. Í Skjólínu nýttist stóra viðtalsherbergið í heimahjúkrun og til dæmis gátu konur fengið greiningu á sýkingum og með því forðast alvarleg veikindi og innlagnir á bráðamóttöku. Heimahjúkrun kemur til móts við þarfir kvenna með fjölbættan vanda og margs konar sjúkdóma og tryggir betri heilsu því konurnar þarfnast reglulegrar heilbrigðisþjónustu. Heimahjúkrun er skaðaminnkun í verki fyrir konur í Konukoti.

Heilðræn þjónusta eins og rekstraraðili talar um tengist fleiri sviðum því jaðarsetning kvenna í Konukoti er líka til staðar hjá lögreglu og í réttarkerfi. Í viðtali við forstöðumanneskju lýsir hún því þegar konur koma í Kotið úr erfiðum aðstæðum, til dæmis í fylgd Frú Ragnheiðar:

Frúin kemur bara og skutlar þeim hingað úr ógeðslegum aðstæðum, það er kannski búið að ráðast á þær, nauðga þeim, frelsissvipta þær og þær hringja í Frú Ragnheiði og þær koma með þær hingað. Þær harðneita [að fara á Landspítala]. Ég veit ekki hversu marga bréfpoka við erum með af nærbuxum hérna, bara ef þær skyldu skipta um skoðun, þá geymum við þær til öryggis. Aldrei höfum við þurft að nota þessar nærbuxur.

Þetta er mjög sterk lýsing á ofbeldinu sem sífellt ógnar og er raunveruleiki kvenna í Konukoti. Rannsókn Calvo og félaga (2022) er samhljóma þessu. Hún snýr meðal annars að því að rannsaka hve oft ofbeldi hefur verið beitt gagnvart heimilislásum konum og hvernig ofbeldi er beitt. Konur og karlar eru svo borin saman. Einkenni ofbeldis í sögu kvennanna eru skoðuð, hverjir gerendurnir eru og skoðað er hvort ofbeldismálin eru kærð eða ekki. Fram kemur að af öllu heimilisláusu fólki hafa 76,2% orðið fyrir ofbeldi síðastliðna 12 mánuði, 100% kvennanna, eða allar konurnar, og 70,6% karlanna. Þegar tegundir þessa ofbeldis eru skoðaðar

kemur enn meiri kynjamunur í ljós. Allar konurnar verða fyrir sálfræðilegu eða andlegu ofbeldi á móti tæpum helming karlanna. Kynferðisofbeldi er norm fyrir konurnar, 62,5% hafa upplifað það síðastliðið ár. Ofbeldisatvik í rannsókninni eru 2.704 síðustu 12 mánuði, að meðaltali 6,1 á hvern einstakling. 1.062 eru líkamleg eða 39,3%, 798 sálfræðileg og 103 snúa að eignum, eins og þjófnaði. Konur verða að meðaltali fyrir 20,2 ofbeldisatvikum á 12 mánaða tímabili eða sjö sinnum fleiri en karlar en hjá körlum er meðaltalið 2,8 atvik. Af því fólki sem verður fyrir ofbeldi minnst einu sinni er 71% málanna aldrei kærð, en 29% verða að málum. Konur eru líklegri til að kæra ekki, eða í 87,5% tilvika móti 65,2% tilvika hjá körlum (Calvo o.fl., 2022). Þess vegna eru bréfpokar með nærbuxum, sönnunargögn sem gætu verið mikilvæg ef kært er, aldrei sótt í Konukot.

Sláandi niðurstöður spænsku rannsóknarinnar eru settar fram í þrennu lagi. Fyrst og fremst segja allar konurnar að þær séu ekki öruggar sem heimilislaus manneskja. Í öðru lagi upplifir engin þeirra að hún sé aðstoðuð eins og þolandi ofbeldis í heilbrigðiskerfi, félagsþjónustu og réttarvörslukerfi. Þriðja atriðið sem gildir um allar konurnar er að þær eru þess fullvissar að ofbeldið haldi áfram í framtíðinni (Calvo o.fl., 2022). Viðmælendur mínir úr Konukoti hafa sömu reynslu og spænsku þátttakendurnir í rannsókn Calvo og félaga. Þær verða fyrir ítrekuðu ofbeldi, ofbeldi er ástæðan fyrir heimilisleysinu og ástæðan fyrir því að þær upplifa ekki öruggi sem heimilislausar manneskjur, ekki einu sinni í neyðarskýlinu. Þær hafa allar orðið fyrir fordómum í samfélaginu, heilbrigðiskerfinu, félagsþjónustunni, skólakerfinu og almenningsrýmum. Þær gera sér engar grillur um að ofbeldið taki enda í framtíðinni.

Hvort þolendur kynferðisofbeldis upplifi réttlæti í rýmum, eða á stöðum, þegar réttarvörslukerfinu sleppir hefur verið rannsakað. Hildur Fjóra Antonsdóttir (2020) rannsakar hvort rými utan réttarvörslukerfis séu örugg fyrir þau sem hafa upplifað ofbeldi og kemst að raun um að þolendur ofbeldis upplifa samfelld óréttlæti (e. continuum of injustice) í öllum rýmum. Samhljómur er milli niðurstaðna Hildar Fjólu og þessarar rannsóknar því konur í Konukoti eiga hvergi öruggan stað, líf þeirra er samfelld óréttlæti. Hildur Fjóra bendir á að hið samfellda óréttlæti hefst á ofbeldi en heldur sífelld áfram, til dæmis í réttarvörslukerfinu þar sem aðeins hluti þolenda kærir, og flestar kærur eru felldar niður. Ef þolendum tekst að eignast rými, vera í rýmum, vernda sín rými, endurheimta rými, er von um réttlæti. Þá hefur gerandinn, ofbeldismanneskjan, ekki yfirráð í rýmum þolenda. Þegar slíkt réttlæti næst þá skapast tækifæri til valdeflingar og frelsis, þolendur fá að tilheyra og upplifa réttlæti. Þá er

óréttlætið truflað (e. injustice disrupted) (Hildur Fjóla Antonsdóttir, 2020). Allar konurnar í rannsókn minni hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og upplifað það sem viðmælendur Hildar Fjólu upplifðu. Viðmælendum mínum er úthýst úr öllum rýmum og upplifa jaðarsetningu í opinberum rýmum, svo sem Landspítala, Kringlunni, bókasafninu. Þær hafa lítil eða engin tækifæri til frelsis í neinum rýmum, ekki einu sinni í Konukoti sjálfu, neyðarskýlinu fyrir heimilislausar konur. Allar konurnar kvarta undan þjófnaði sem tíðkast í Konukoti sem er ofbeldi gegn þeim. Þær kvarta líka allar um að í Konukoti sé hvergi hægt að fá frið, ró og upplifa öryggi. Þannig heldur óréttlætið áfram gegn þeim, og þær þurfa að deila herbergi með geranda ofbeldis eins og konu sem stelur frá þeim, og deila öllum rýmum í Konukoti þar sem hvergi er hægt að fá skjól.

Aðeins hjá einum viðmælanda mínum er óréttlætið truflað en það er í heimsfaraldrinum Covid-19. Frá apríl árið 2020 til júlí 2021 varð Reykjavíkurborg að bregðast við samkomutakmörkunum og reglum um tveggja metra fjarlægð og fækka konum í Konukoti. Reykjavíkurborg brást við með því að opna annað úrræði fyrir þær. Ferðamenn komu ekki til landsins, hótelin stóðu tóm og borgin fékk hótél á leigu til að leysa vandann. Hótelið Brim í Skipholti var falt (Reykjavíkurborg, 2020). Þar dvaldi Heiðrún og hún upplifði í fyrsta sinn öryggi og frið í neyðarskýli fyrir heimilislausa þegar hún býr í eins manns herbergi og hefur aðgang að klósetti og sturtu bara fyrir sig. Hún lýsir dvölinni á Hótel Brimi svona:

Og þetta var bara, man þetta svo vel, ég labbaði þarna inn og þetta er bara ógeðslega flott hótél. Og ég labbaði þarna inn og þetta var bara svona, þetta var svo mikill munur að fara úr þessu að vera fjórar saman í herbergi, konur að tala upp úr svefni. Það er alltaf að vera svona, alltaf eitthvað skilur þú. Það er svo mikið öryggi að geta bara lokað að þér. Þú veist, þetta er bara mitt herbergi. Svo fer ég bara inn í herbergið mitt og ég fer í mína sturtu, einmitt þegar mér dettur það í hug. Og ég er með mitt klósett og þú veist. Þetta var allt svo miklu rólegra.

Þessar kjöraðstæður voru sem sé aðeins tímabundið úrræði hjá Reykjavíkurborg. Í þessari stuttu lýsingu kemur fram hvers heimilislaus kona þarfnast. Hún þarf öryggi sem hún fær ekki fyrr en hún lokar dyrunum í einstaklingsherbergi. Hún þarf það herbergi sem hún kemst strax á, og getur bæði baðað sig og farið á klósett þegar hún þarf. Hún þarf næði, rólegheit og frið. Þegar Heiðrún kemst í þessar aðstæður sér hún að hún vill annað úr lífinu og upp úr dvöl á Brimi snýr hún við blaðinu, hættir neyslu og kemst út úr glímu við heimilisleysi. Þessi lýsing var kveikjan að því að ég ákvað að skoða líka neyðarskýli karla og taka þau út því mér lék hugur á að vita hvernig aðstöðu þeim væri boðið upp á í samanburði við konur í Konukoti.

7 Samanburður á neyðarskýlum karla og kvenna

Snemma á rannsóknartímanum kviknaði áhugi minn á því að skoða líka neyðarskýli karla og athuga hvernig þau kæmu út í samanburði við Konukot. Aðstaðan í neyðarskýlunum hlyti að vera svipuð hvort sem þau væru fyrir konur eða karla. Niðurstöður þessa samanburðar er hins vegar að mikill munur er á aðstöðunni. Um leið blasir við að gera þarf miklar úrbætur til þess að Konukot standist samanburð við karlaskýlin sem og reynslu Heiðrúnar af því að dvelja á Hótel Brimi.

Tvö neyðarskýli eru fyrir karla sem samtals rúma 38 karla en Konukot er fyrir 12 konur, konur eru með um þriðjung plássá móti körlum. Þetta hlutfall er í samræmi við opinberar tölur um heimilislausa á Íslandi þar sem fram kemur að einmitt einn þriðji þeirra eru konur en tveir þriðju karlar (Reykjavíkurborg, velferðarsvið, 2021, bls. 10-14). Hins vegar eru aðstæður í húsnæði Konukots mun lakari en í neyðarskýlum ætluðum körlum. Plássið sem ætlað er hverjum karli er miklu rýmra en ætlað er hverri konu og auk þess eru tvö neyðarskýli ætluð körlum, með aðeins breytilegum áherslum. Neyðarskýlið við Grandagarð er frá árinu 2019 og er hugsað fyrir yngri karla sem nota vímuefni í æð (Sunna Kristín Hilmarsdóttir, 2019). Gistiskýlið við Lindargötu er þar frá árinu 2014 en áður var það rekið í Farsóttarhúsinu, Þingholtsstræti 25, frá árinu 1969 („Þingholtsstræti 25, Farsóttarhúsið“, 2002) svo neyðarskýli fyrir karla hefur verið rekið í 53 ár. Á Lindargötu er eldri körlum sem drekka alkóhól fremur þjónað. Það eru samt ekki skýr skil þarna á milli, og af því skýlin fyrir karla eru tvö geta þeir farið á milli ef þurfa þykir. Forstöðufólkið á báðum stöðum vinnur saman að þjónustu við karlana. Samanburð neyðarskýlanna þriggja má lesa úr eftirfarandi töflu:

Tafla 1 Samanburður á húsnæði neyðarskýlanna þriggja fyrir konur og karla

Húsnæðið	Konukot er fyrir 12 konur	Lindargata er fyrir 23 karla	Grandagarður er fyrir 15 karla
Hve margar hæðir	3 hæðir	3 hæðir	2 hæðir
Lofthæð	Einungis 1. hæð með fullri lofthæð, hvorki kjallari né ris með fullri lofthæð	Allar hæðir með fullri lofthæð	Báðar hæðir með fullri lofthæð
Fermetrafjöldi og fm á manneskju	250 fm, 7 fm á konu á 1. hæð en um 20 fm með kjallara og risi	632 fm og um 27 fm á karl	216 fm og tæpir 15 fm á karl
Lyfta	Nei	Já	Já
Gerð stiga inni í húsi	Snúnir, þröngir, 13 þrep í hálfhring, öll þrep skorin, álímd skriðvörn í þrepum, stigi í kjallara þrengri, meira skorin og minni þrep, 68 sm breitt efsta þrep, ekki lyfta	Beinir og breiðir, ekki þörf á skriðvörn og auk þess hægt að nota lyftu	Beinir og breiðir, ekki þörf á skriðvörn og auk þess hægt að nota lyftu
Inngangur í hús	Með tveimur þrepum	Engin þrep	Engin þrep
Einstaklingsherbergi	0	6	0
Fjöldi svefnherbergja	2	10	3
Hve mörg í herbergjum	4	1, 3, 4 eða 5	4 eða 6
Rúm í stofu og opnum rýmum	4 (33% rúma)	2 (9% rúma)	1 (7% rúma)
Herbergjafjöldi með klósettum og sturtum	2	8	3
Sturtur á fjölda fólks	1 á 12 konur	5 á 23 karla	3 á 15 karla
Klósett á fjölda fólks	2 á 12 konur	5 á 23 karla	3 á 15 karla
Skápar	Í borðstofu og stofu, hluti gamlir skápar sem rúma 2 poka af fatnaði, hluti nýir skápar sem rúma 4 poka af fatnaði	Á stórum gangi með nægu rými í kring og rúma 4 poka af fatnaði	Í opnum rýmum og plássí í kring og rúma 4 poka af fatnaði
Neyslurými	Já, lofthæð 175 sm og gluggalaust herbergi í kjallara	Nei, má nota á klósettum	Nei, má nota á klósettum
Öryggismyndavélar	Nei	Já	Já
Sjúkraherbergi	Nei	Já	Nei

Í báðum neyðarskýlum karla er húsnæðið stærra, nýrra/nýuppgergt og hentugra fyrir starfseminna en í Konukoti. Inngangur við aðaldyr er auðveldur, engar tröppur eru þar, lyfta er í þeim báðum og auk þess þægilegir og rúmgóðir stigar innandyra. Lyfta skiptir miklu máli fyrir fólk sem í mörgum tilvikum á orðið erfitt með að ganga og/eða er undir áhrifum vímuefna. Lindargatan er á þremur hæðum og Grandagarður á tveimur hæðum og jafnvel þó fermetra

fjöldi á mann sé minni í Grandagarði gefur það ekki rétta mynd af rýminu því þar nýtist plássíð vel. Í Konukoti er einungis fyrsta hæðin með fullri lofthæð og í þrengslum þar nýtist pláss illa. Í báðum húsum karlanna er full lofthæð og hvorki kjallari né ris. Samanborið við Konukot eru þau mun rúmbetri, borðstofa og setustofa eru í stærri rýmum og herbergi stærri miðað við fjölda rúma í hverju herbergi. Neyðarskýlið Grandagarði var tekið í notkun 2019 og er vel hannað og skipulagt með notkunina í huga. Neyðarskýlið Lindargötu er í eldra húsnæði sem var verksmiðja um hríð og hefur verið aðlagð ágætlega að notkun og hefur þann ótvíræða kost að af tíu svefnherbergjum eru sex þeirra einstaklingsherbergi. Engin einstaklingsherbergi eru í Konukoti. Auk þess eru á Lindargötu tvö þriggja manna herbergi, eitt er fjögurra manna og eitt fimm manna. Á Grandagarði eru þrjú herbergi, tvö fjögurra manna og eitt sex manna. Í Konukoti eru tvö herbergi í risi, sem sagt undir súð, hvort um sig fyrir fjórar konur. Þrjú rúm í Konukoti eru í opnu rými í kjallara þar sem gengið er um til að komast á klósett og í einu sturtu hússins. Eitt rúm er í setustofu á aðalhæð. Einn þriðji rúma í Konukoti er í opnum rýmum, stofu og göngum. Það vekur athygli rannsakanda að mun rýmra er um fólk í neyðarskýlum karla og öll rúm í herbergjum liggja við vegg en í Konukoti eru þau í litlum herbergjum, þar sem bæði gluggar, ofnar og veggir valda því að sum rúmin eru nánast á miðju gólfi og hvert ofan í öðru.

Öryggismyndavélar eru til staðar í öllum opnum og sameiginlegum rýmum í karlaskýlunum og einnig í dagsetrinu Skjólinu. Forstöðufólki á þeim stöðum ber saman um að myndavélar hafi í raun fælingarmátt, að líklega sé minna um þjófnað vegna þeirra en helsti tilgangur þeirra er einmitt að draga úr þjófnaði og ofbeldi. Á tveimur af þremur stöðum með myndavélar er ekki kveikt á þeim í beinni útsendingu og ekki verið að fylgjast með upptökum daglega. Hins vegar er hægt að nýta upptökur og leita í þeim ef mál koma upp sem þarf að skoða eða gætu jafnvel ratað til lögreglunnar. Ég spurði forstöðumanneskjur á stöðum með öryggismyndavélar sérstaklega hvort þær teldu einhver neikvæð áhrif vegna þeirra eða aukavinnu. Þær voru sammála um að svo væri ekki, heldur þvert á móti sköpuðu myndvélar meira öryggi. Áslaug viðmælandi nefnir að henni finnist skrítið að það séu ekki öryggismyndavélar í Konukoti, hún ber saman við Skjólið og segir um Skjólið, „hérna líður manni öruggur en af einhverjum ástæðum er einhver reglufesta hérna, myndavélarnar og þannig“. Í Konukoti eru ekki öryggismyndavélar og er það rökstutt með þeim hætti að konum muni þykja það óþægilegt og þær yrðu tortryggjar. Áslaug er því ekki sammála og það virðist ekki vera skilningur þess forstöðufólks sem hefur reynslu af öryggismyndavélum.

Skáparnir í karlaskýlunum eru helmingi stærri, nýrri og sterklegri en gömlu skáparnir í Konukoti en það sem mestu um munar er að þeirra er gætt með myndavélum. Á Grandagarði eru nýjustu skáparnir með læsingum sem karlar stýra sjálfir og ekki þarf starfsmann til að opna. Í síðasta viðtali mínu við konu úr Konukoti kemur fram að þar eru komnir nýir skápar en ekki jafn margir og voru fyrir svo eitthvað af gömlu, litlu skápunum er áfram í notkun. Skápar í Konukoti eru í setustofu og borðstofu og þegar þeir eru opnaðir blasir við öðrum konum hvað í þeim er því þetta eru einu rými til halda til í en þessu er betur til hagað í karlaskýlunum. Þar er meira rými og karlar geta komist í skápana án þess að innihald blasi við öðrum því þeir eru ekki í seturými og karlarnir geta því haldið persónulegum eigum fyrir sig.

Í húsnæði Konukots er einungis ein sturta fyrir 12 konur og hún er í kjallara, innst í húsinu eins langt frá annarri starfsemi og herbergjum eins og hugsast getur. Hún er óhentug og mjög erfitt að aðstoða konur við að baða sig vegna þrengsla en það getur verið aðkallandi þegar konur er undir miklum áhrifum vímuefna og til dæmis hafa misst yfir sig eitthvað, misst þvag eða saur, kastað upp eða þær hafa ekki komist í sturtu lengi og þurfa aðstoð við baðið því líkamlegt ástand er slæmt. Tvö klósett eru í Konukoti fyrir konur, annað í kjallara þar sem sturtan er og hitt í risi og aftur mjög lítið og þröngt herbergi. Ekkert klósett er fyrir konurnar á aðalhæð. Á Lindargötu eru fimm sturtur fyrir 23 karla og jafn mörg klósett og þessi fjöldi deilist á átta baðherbergi. Sturtur og klósett eru á hverri einustu hæð. Öll rými eru rúmgóð, auðvelt að þrifa þau og aðgengi til að aðstoða við böðun gott. Á Grandagarði eru þrjár sturtur og þrjú klósett ætluð 15 körlum. Baðherbergin eru á báðum hæðum og sérstaklega rúmgóð og þægileg til að aðstoða skjólstaðing ef þarf og auðvelt að halda þar hreinu. Sturtu- og snyrtiaðstaða er því miklu betri í neyðarskýlum sem ætluð eru körlum heldur en í Konukoti, bæði hvað varðar aðstöðu og fjölda. Rýmið fyrir sturtur er stærra, nýrra og hreinna því það er auðveldara að halda því hreinu og sturturnar fleiri á hverja manneskju. Klósett eru líka fleiri á hverja manneskju. Snyrtiaðstaða er mikilvæg fyrir öll kyn en rannsóknir hafa sýnt að konur og fólk með þíku þurfa helmingi lengri tíma á klósetti til að pissa þar sem það tekur lengri tíma að gyrða niður um sig, setjast og nota klósettpappír en standa og létta á sér. Auk þess lengja blæðingar tímenn enn meira og gera megri ráð fyrir að fjórðungur kvenna og fólks sem fer á blæðingar sé á blæðingum á hverjum tíma og þurfi að skipta um dömubindi eða túrtappa um leið og þau pissa, nota meiri klósettpappír og taka enn lengri tíma (Anthony og Dufresne, 2007). En aðstaðan er mun síðri fyrir heimilisláusar konur í Konukoti. Fjórir viðmælendur tala sérstaklega um að vilja ekki eða geta ekki notað sturtuna í Konukoti, finnst hún óörugg,

„viðbjóður ... mygla ... vond lykt ... ískrar í rörunum“, hætta á að þar séu skildar eftir nálar, óreiðan yfirþyrmandi þar inni eftir umgang annarra eða hún einfaldlega upptekin því álagið er mikið og augljóst að 12 konur komast ekki í sturtu á opnunartíma Konukots þegar ein sturta er í boði í rými sem ekki er loftræst. Í húsnæðinu telja konur að séu veggjalýs, sveppur og raki ekki síst við og á baðherbergi. Ein kona talar um að fá alltaf ofnæmislyf á kvöldin til þess að vinna gegn áhrifum frá óheilnæmu húsnæði.

Það er athyglisvert að í frétt frá 2013 („Gistiskýlið flytur á Lindargötu 48“) kemur fram að flutningur á neyðarskýli fyrir karla frá Farsóttarhúsinu við Þingholtsstræti á Lindargötu hafi verið vegna þess að húsnæðið stóðst hvorki kröfur um aðgengi né öryggissjónarmið:

Húsnæði Farsóttar uppfyllir ekki þau skilyrði sem nú eru gerð til starfsemi gistiskýla, meðal annars vegna öryggissjónarmiða og aðgengis, samkvæmt því sem fram kemur í bréfi velferðarsviðs Reykjavíkurborgar til íbúa og rekstraraðila við Lindargötu og nágrenni þar sem fyrirætlanirnar eru kynntar. („Gistiskýlið flytur á Lindargötu 48“, 2013)

Farsóttarhúsið er 563 fermetrar og byggt á árunum 1882-1884 og húsnæðið því tæplega 140 ára í dag, eða um 10 árum eldra en húsnæði Konukots. Farsóttarhúsið var byggt sem sjúkrahús og gegndi því hlutverki allt þar til Landakotsspítali var byggður 1902. Upprunalega voru þar 11 herbergi og gert ráð fyrir rúmum fyrir 24 sjúklinga („Þingholtsstræti 25, Farsóttarhúsið“, 2002). Aðgengi hefur líklega ekki talist standast skilyrði fyrir neyðarskýli af því það er engin lyfta í þessu gamla húsi og bæði kjallari og ris, en það eru sambærileg vandamál og blasa við í Konukoti. Farsóttarhúsið stóðst ekki skilyrði til reksturs gistiskýla en var þó að minnsta kosti byggt sem sjúkrastofnun með mörgum herbergjum.

Rannsóknin hefur leitt í ljós að öryggissjónarmið, aðgengi og skilyrði til starfrækslu gistiskýla eru ekki uppfyllt í Konukoti. Því er ekki annað hægt en spyrja sig hvort öryggi kvenna sé talið lítilvægara en öryggi karla.

Munur er á hvernig matur er í boði milli neyðarskýla karla og kvenna. Bæði á Lindargötu og Grandagarði er kvöldmaturinn bakkamatur. Hann kemur frá fyrirtæki á morgnana í bökkum og er svo hitaður upp um kvöldmatarleytið. Hver gestur í skýlunum fær einn bakka. Í Konukoti er maturinn eldaður á staðnum. Hann er eldaður á næturvöktum og svo hitaður upp um kvöldmat. Maturinn fyrir konurnar er því kannski búin að bíða lengur áður en hann er hitaður en bakkamatur karlanna. Það felst í því vinna að elda matinn, hita upp matinn og framreiða hann, finna það sem á að bera fram með honum og undirbúa. Auk þess er að baki skipulagsvinna, það þarf að skipuleggja matseðil og sækja eða fá matvælin í hús. Starfskonur

Konukots bera því aukaálag vegna þessa miðað við starfsfólk á hinum stöðunum. Sá tími sem í þetta fer er tekin frá konunum. Ekki er hægt að sinna þeim á meðan til dæmis að fylgja þeim í neyslurými, hlusta á þær, útdeila rúmum, opna skápana þeirra og sinna aðhlyningu. Eldhúsið í Konukoti er þröngt og gamalt og fyrir vikið erfiðara að athafna sig þar og að halda því hreinu. Í viðtalinu við forstöðumanneskju og rekstraraðila kemur fram að til standi að gera bragarbót á eldhúsinu og fjárveiting fyrir því hafi fengist. Heilbrigðiseftirlitið hefur gert athugasemdir við eldhúsið í Konukoti og því aðkallandi að koma því í betra horf. Á öllum stöðum er boðið upp á morgunmat. Þess utan er alltaf kvöldkaffi á Grandagarði en á Lindargötu er það ekki eins reglulega en stólað á matargjafir í því. Í Konukoti er alltaf hægt að biðja um eitthvað að borða á kvöldin. Konurnar eru oftast ánægðar með matinn í Konukoti. Bergþóra segir: „Ég elska matinn hérna. Maturinn er geðveikur og það má alltaf fá sér eitthvað að borða. Þær nenna alltaf að dekstra við mann. Þær dekra við okkur, sko.“ Anna tekur aðeins annan pól í hæðina:

Finn matur. Það er góður en það er betri matur hér [í Skjólínu] en þarna er oft kaldur matur þegar maður kemur *heim*, [leturbreyting höfundar] sérstaklega þegar maður er búin að vera úti í frosti þá finnst mér að ætti að vera einhver heitur matur. En ekki einhver matur sem kemur af fermingarveislum, nei. En það er samt, það er ekki hægt að kvarta.

Hér talar Anna um að koma „heim“, Konukot er ígildi heimilis þeirrar sem hvergi á heima, og eftir útiveru í jafnvel sjö tíma er aðkallandi að fá heitan mat. Anna talar um mat úr fermingarveislum en oft er komið með afganga úr alls kyns veislum í Konukot sem og neyðarskýli karla. Það finnst Önnu ekki matur en slíkar matargjafir eru stundum nýttar sem kvöldmatur í Konukoti. Konur sem ólust upp í öðrum löndum taka undir þetta sjónarhorn Önnu, kvarta ekki, þó íslenskur matur sé þeim framandi, og trúarbrögð valdi því að þær geti ekki alltaf borðað þann mat sem er á boðstólum. Önnur þeirra er með hugmynd um að konurnar gætu eldað saman. Hún segir um matinn: „Sko stundum er ekki mikið. Stundum er bara það sama og var í gær. ... Maturinn mætti vera hollari og heimilislegri.“ Hér gæti hún átt við að þó maturinn sé eldaður í Konukoti er hann ekki heimilislegur, hann er upphitaður frá nóttinni áður og bætt við einhverju meðlæti sem til er. Stundum er verið að nýta matargjafir svo sem afganga úr veislum og það er ekki heimilislegur matur.

Aðstaða starfsfólks í neyðarskýlunum er einnig ólík. Hér má sjá töflu sem lýsir þeim mun.

Tafla 2 Samanburður á aðstöðu starfsfólks í neyðarskýlunum þremur

Aðstaða starfsfólks	Konukot er fyrir 12 konur	Lindargata er fyrir 23 karla	Grandagarður er fyrir 15 karla
Þvottahús	Í kjallara ekki með fullri lofthæð (175 sm)	Í herbergi með fullri lofthæð	Í herbergi með fullri lofthæð
Afmarkað rými fyrir starfsfólk og sér starfsmannaaðstaða	Nei	Já	Já
Sér sturta fyrir starfsfólk	Nei	Já	Já
Sjálfboðaliðar gegna störfum samhliða starfsfólki	Já, en að fjara út frá janúar 2022	Nei, aldrei verið	Nei, aldrei verið
Starfsfólk eldar mat	Já	Nei	Nei

Í karlaskýlunum hefur starfsfólk afmörkuð rými, sér klósett og sér sturtu. Það hefur aðstöðu til að setjast niður, ráða ráðum sínum, leggja frá sér yfirhöfn og tösku. Auðveldara er að finna rými til að setjast niður og tala við einn í einu. Aðstaða starfsfólks er góð, hægt er að komast í rými sem eingöngu er ætlað fyrir starfsfólk. Í Konukoti hafa starfskonur ekkert sérrými fyrir utan sér klósett sem er pínulítið á aðalhæð. Í eldhúsinu, þar sem eldaður er matur og konur koma inn til þess að fá mat og spjalla, má segja að sé örlítill starfsstöð fyrir starfskonur. Í raun er þetta engin aðstaða, eldhúsið er lítið rými. Plássleysið og þrengslin í Konukoti bitna því líka á starfskonum og aðstæður starfsfólks í karlaskýlunum eru miklu betri. Í Konukoti eiga starfskonur varla athvarf.

Þar sem Konukot var stofnað af Rauða krossinum árið 2004 er löng hefð fyrir því að hafa sjálfboðaliða að störfum þar enda Konukot mannað með sjálfboðaliðum þegar starfið hófst. Reykjavíkurborg rekur karlaskýlin og felur Rótinni að reka Konukot. Þegar Rótin tók við af Rauða krossinum varð ljóst að breytinga var þörf vegna sjálfboðaliða þar sem Rótin er ekki sjálfboðaliðasamtök eins og Rauði krossinn. Kvöld- og morgunvaktir voru mannaðar með einni starfskonu á móti sjálfboðaliðum. Sjálfboðaliðar eru þyrnir í augum stéttarfélagi og fram kemur í viðtalinu við rekstraraðila að bæði Efling og ASÍ hafa bent Reykjavíkurborg og Rótinni á að með því að manna vaktir með sjálfboðaliðum sé verið að taka vinnu af fólki og rýra rétt starfsfólks. Það er meira álag og ábyrgð á starfskonu sem vinnur með sjálfboðaliða en ef unnið er á móti jafningja. Um áramótin 2021-2022 var svo Rótinni gert kleift að hætta að nýta

sjálfboðaliða þegar fjármagn til Konukots var aukið til þess að allar vaktir yrðu mannaðar með tveimur starfskonum en ekki einungis einni og sjálfboðaliða á móti. Nú er því sambærileg mönnun á vaktir í öllum neyðarskýlunum. Sjálfboðaliðar geta enn skráð sig á vakt í Konukoti og komið til aðstoðar á kvöldvaktir en líklegt má telja að sjálfboðaliðar hverfi með tímanum til annarra starfa og hætti að vera fastur punktur í rekstrinum. Neyðarskýli karla hafa aldrei verið mönnuð sjálfboðaliðum og engir sjálfboðaliðar eru að störfum þar.

Opnunartími í neyðarskýlum ætluðum körlum er rýmri vegna einstaklingsherbergja sem þar eru í boði. Gistiskýlið á Lindargötu er mannað starfsfólki allan sólarhringinn og í lok mars 2022 voru þrír karlar sem dvöldu í einstaklingsherbergjum og höfðu aðgang að herbergjum sínum allan sólarhringinn, líka þegar lokað var öðrum körlum milli klukkan 10 og 17. Þeir fengu ekki þjónustu þann tíma en höfðu aðgang að herbergjum sínum, komust á klósett og gátu fengið hádegismat ef afgangur var af bökkum frá því deginum áður. Þessir þrír karlar eru taldir með fasta búsetu og hafa dvalið langdvölum í Gistiskýlinu. Engin einstaklingsherbergi eru í boði fyrir heimilislausar konur. Það er sama þörf á einstaklingsherbergjum sem hægt er að fá aðgang að allan sólarhring fyrir konur. Einn viðmælandi minn hafði sofið í Konukoti í heilt ár og ekki misst úr nótt. Ein kona hefur dvalið þar næstum hverja nótt í mörg ár allt frá opnun.

Á Lindargötu eru einnig tvö neyðarpláss, eða sjúkrahherbergi, fyrir veikt heimilisláust fólk sem skýrir mönnun þar frá klukkan 10 - 17. Þau eru fyrir öll neyðarskýlin, ef einhver er veikur á Grandagarði eða í Konukoti er viðkomandi sendur með leigubíl á Lindargötu. Í Konukoti hefur líka tíðkast að nýta leigubíla til að koma konum frá Konukoti og í Skjólíð klukkan 10 á morgnana enda gera veður og snúnar strætósamgöngur milli staðanna ferðalög á milli erfið, sérstaklega fyrir konur sem glíma við líkamleg veikindi eins og margar þeirra gera. Í viðtali við Önnu kemur fram að ekki er lengur boðið upp á leigubíl í Skjólíð, hún segir: „Mér líður djöfullega út af þessu ... [líkamleg veikindi], ég er ekki ferðafær. Ég fer þarna út og kem til baka. Það er búið að loka á allt sem heitir að leyfa okkur að fara með leigubíl.“ Slík skerðing á þjónustu kemur illa við hana og henni finnst hún illskiljanleg því í raun er hún ekki ferðafær.

Í samanburði á Konukoti, Lindargötu og Grandagarði kemur í ljós munur á reglum. Á Grandagarði er þvegið af rúmum á hverjum degi en bæði í Konukoti og Lindargötu tvisvar í viku. Þegar rúmum er úthlutað í Konukoti er stokkað upp í herbergjaskipan um leið og skipt er á rúmum eða tvisvar í viku. Á Grandagarði er reynt að raða í rúm og herbergi að óskum karla og samkvæmt forstöðumanneskju þar tekst það yfirleitt. Á Lindargötu eru þrír karlar í

einstaklingsherbergjum alltaf með sömu rúmin. Þessi öru skipti á rúmum í Konukoti gagnrýnir Anna og segir:

Og maður má helst ekki eiga neitt og það er skipt tvisvar, það er því lík heimska, það er verið að breyta um herbergi tvisvar í viku. Af hverju þarf ég að færa mig í þetta herbergi, í þetta rúm, með þessum, þessum og þessum ef það var allt í lagi áður? Það er málið. Tvisvar í viku. Þá verður maður að taka allt sitt hafurtask, það má ekkert verða eftir, þá er það tekið og hent. Það er bara þannig. Eða sett fram í forstofu og allir mega taka það. Og, þetta er tvisvar í viku. Og maður verður að byrja á því, í hvaða herbergi er ég? Með hverjum er ég í herbergi? Með sumum er ég búin að biðja sérstaklega um að vera ekki með í herbergi.

Að stokka upp í rúmum um leið og skipt er á þeim í Konukoti, eða tvisvar í viku, er rökstutt með því að ekki sé til þess ætlast að nein kona eignist sér rúm. Það finnst Önnu óþarfi og bendir á óþægindin sem eru því fylgjandi.

Niðurstöður Valgerðar Jónsdóttur (2018) um algjört úrræðaleysi og áhugaleysi stjórnvalda gagnvart þörfum kvenna með tvígreiningar er samhljóma niðurstöðum þessarar rannsóknar. Það kemur í ljós að búsetuúrræði sem er í boði fyrir konur sem glíma við heimilisleysi er síðra en fyrir karla í sömu stöðu. Í þessari rannsókn sést það vel á gríðarlegum aðstöðumun inni á skýlunum, í húsnæðinu sjálfu. Valgerður komst að því að konur með tvígreiningar teljast með flóknari þjónustuparfir en karlar með sömu greiningar. Auk þess séu konurnar mun berskjaldaðri fyrir ofbeldi en karlarnir og þurfi þær því betri þjónustu. Ofbeldis- og áfallasaga þeirra er slík að þær ættu að njóta að minnsta kosti þjónustu á pari við þjónustu við karla.

Í október og nóvember 2022 hefur verið mikil umræða um karla sem glíma við heimilisleysi og dregin upp sú mynd að þjónusta við karla sé síðri en kvenna vegna dagsetursins Skjólins sem er á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar. Karlar sem dvelja í Neyðarskýlinu við Grandagarð hafa verið fremstir í flokki og mótmælt meðal annars með setuverkfalli og neitað að fara út yfir daginn á meðan neyðarskýlin eru lokuð. Þeir benda á að það sé ósanngjarnt að konur fái að vera inni yfir daginn en ekki þeir og vísa þá til Skjólins (Birna Dröfn Jónasdóttir, 2022; Elísabet Inga Sigurðardóttir og Ellen Geirsdóttir Håkansson, 2022). Forstöðumanneskja Skjólins bendir á að Skjólíð hafi verið opnað eftir að gerð hafi verið þarfagreining og í ljós komið að þörfin væri mest fyrir að opna úrræði fyrir konur sem opið væri að deginum til en það sé „klárt mál að það þarf líka svona úrræði fyrir karlana“ (Birna Dröfn Jónasdóttir, 2022). Það skal tekið skýrt fram að auðvitað eiga karlar að geta verið inni eins og konur og hér er ekki markmiðið að etja saman minnihlutahópum. Það þarf að hafa í huga að staða kvenna sem

glíma við heimilisleysi er hættumeiri og áfallasaga þeirra lengri en karla í sömu stöðu og þarfagreining hjálparstarfs kirkjunnar hefur ef til vill leitt það í ljós. Á meðal þeirra sem ekki eiga heimili á þriðjungur kvennanna sögu um kynferðislegt áfall í æsku (Sundin og Beguley, 2015) og það að vera kona er sjálfstæður áhættuþáttur fyrir að vera útsett fyrir ofbeldi (Calvo o.fl., 2022).

Til er ein yfirlýsing frá heimilisláusum konum frá ágúst 2020. Yfirlýsinguna undirrita átta konur, þær Emilie Camilla Johans Jacob, Embla Nótt Anderson, Zvala Zjana, Tiger of the foughted of the death, S.R.K., Magnea Örvardóttir, Alma Lind og Kristvina (2020). Þær eru á þeim tíma í tímabundna úrræðinu í Covid-19 á Hótel Brimi sem stóð til að loka og lýsa því hvernig þetta nýja úrræði henti vel, veiti þeim öryggi og von um að breyta lífinu. Meðal annars segir:

Í okkar tímabundna úrræði fær hver kona litla aðstöðu með svefnherbergi, rúmi og hillu, ásamt litlu baðherbergi. Þar er líka sameiginlegt þvottahús, eldhús og borðstofa. Það að þurfa ekki að fara alltaf út á götu klukkan tíu á morgnanna (Gistiskýlin og Konukot), sama hvaða dagur er, sama hvort það sé hlýtt eða kalt, snjór eða rigning, hefur breytt öllu fyrir okkur. Við höfum ekki fundið fyrir svona miklu öryggi í mörg ár. Við erum orðin eins og fjölskylda, bæði starfsfólkið og konurnar sem hér dvelja.

Þær benda á hve mikilvægt er þurfa ekki að fara út á morgnana heldur er opið allan sólarhringinn. Það er óeðlilegt með öllu að henda fólki á götuna í sjö klukkustundir á sólarhring. Áslaug segir í viðtalinu að henni finnist að Konukot eigi að vera eins og Skjólíð, þar sé mun betra rými og hún talar um að þar ríki meiri reglufesta og öryggi, og bendir á hve fáránlegt það er að eiga að sofa í sama herbergi og kona sem þú hefur átt í deilum við: „En það þarf líka að vera sko þú veist, þú getur ekki ráðist, hvorki í orðum eða líkamlega á aðila, og bara fengið og átt svo bara að sofa í herbergi með honum.“ Staðreyndin er sú að Konukot býður ekki upp á annað en þvingaða samveru í svefni og vöku með konum sem þú hefur deilt við, slegist við, sem hafa stolið af þér eða munu stela af þér á meðan þú sefur. Neyðarskýlin fyrir karla og konur eiga að minnsta kosti að vera sambærileg. Í reynd eru neyðarskýlin hreint ekki sambærileg og hallar alltaf á Konukot. Opnunartími þeirra er sá sami en neyðarskýlin ættu öll að vera opin allan sólarhringinn ef tekið væri mark á reynslu heimilisláuss fólks. Það er athyglisvert að konurnar sem voru á Hótel Brimi í Covid-19 fengu allar úrlausn í húsnæðismálum sínum og var hvorki hent á götuna né fóru í Konukot þegar þær urðu að fara úr úrræðinu 2021. Þær höfðu upplifað öryggi og þjónustu sem gaf þeim von, eða eins og ein þeirra segir: „Ég gat byrjað að vinna úr áföllum af því ég hafði aðrar manneskjur til að tala við á öruggum samastað“ (Emilie Camilla Johans Jacob o.fl., 2020).

Eftir samanburð neyðarskýla karla og kvenna er ekki hægt að draga aðra ályktun en konur búi við mun verri kost út frá húsnæði og grunnaðstöðu. Í Konukoti er allt síðra en á Lindargötu og Grandagarði vegna hins 130 ára gamla, friðaða steinbæjar. Í Konukoti eru einungis tvö klósett og ein sturta, verri skápar, engar öryggismyndavélar, ekki lyfta, ekki öruggir stigar, einn þriðji rúma í opnu rými og hin rúmin í tveimur litlum herbergjum sem fjórum rúmum hefur verið troðið inn í, lofthæð ekki full í kjallara og allt undir súð á efstu hæð, engin starfsmannaaðstaða, ekki einn laus fermetri til að fá frið. Húsnæðinu er vart hægt að halda hreinu því allt er svo lúíð, þrengslin eru yfirgengileg, hvergi hægt að setjast niður í öruggu rými og garðurinn í kringum húsið er óvarinn og opinn. Það er flókið að finna góða lausn á breytingum í húsnæði sem er óhentugt. Það sem gerir enn erfiðara um vik, ef ekki ómögulegt ef breyta á Konukoti við Eskihlíð, er að húsið er friðað (Minjastofnun Íslands, e.d.) enda orðið 130 ára gamalt.

8 Umræður og lokaorð

Rannsóknaspurningar ritgerðarinnar lutu að því að skoða hver bakgrunnur kvenna í Konukoti er, hver reynsla þeirra er af Konukoti, hvernig húsnæði og þjónusta er í boði, hvernig lífsbarátta og samfélag þeirra er og hvort munur er á milli neyðarskýlanna eftir því hvort þau eru ætluð konum eða körlum.

Eins og kom fram í 7. kafla er Konukot í húsnæði sem er mun síðra og bágbornara en neyðarskýli karla á Lindargötu og Grandagarði þar sem öll aðstaða er betri. Það sem meira er, Konukot virðist síðra en Farsóttarhúsið við Þingholtsstræti 25 en þaðan var starfsemi neyðarskýlis fyrir karla flutt á Lindargötu árið 2014 af því Farsóttarhúsið stóðst ekki skilyrði sem gerð voru til starfsemi gistiskýla út frá öryggissjónarmiðum og aðgengi („Gistiskýlið flytur á Lindargötu 48“, 2013). Farsóttarhúsið er 138 ára gamalt húsnæði sem var byggt sem sjúkrahús en Konukot er steinbær byggður sem íbúðarhús fyrir 130 árum. Ekki er annað hægt en draga þá ályktun að öryggi kvenna sem glíma við heimilisleysi sé ekki eins mikilvægt og öryggi karla í augum stjórnvalda.

Niðurstöður sem snúa að bakgrunni kvenna í Konukoti eru þær að hann er erfiður, þær eiga margháttaða ofbeldis- og áfallasögu sem er í samræmi við erlendar rannsóknir (Montgomery o.fl., 2017; Winetrobe o.fl., 2017) og eru útsettar fyrir ofbeldi, ekki síst kynferðislegu ofbeldi, sem rímar einnig við erlendar rannsóknir (Beijer o.fl., 2018). Ofbeldi hefur fylgt þeim frá æsku, uppeldisaðstæður hafa einkennst af alvarlegri vanrækslu

forráðamanna og engin náð að grípa þær í samfélaginu. Viðmælendur mínir úr Konukoti hafa allar orðið fyrir kynferðisofbeldi.

Ofbeldi er ekki bara í sögu þeirra heldur einkennist lífsbarátta þeirra af ofbeldi og það er dagleg ógn í lífi þeirra og glímu við heimilisleysi ásamt fíkn, andlegum áskorunum, líkamlegum veikindum og útilokun frá fjölskyldu, börnum og barnabörnum. Ofbeldi hefur markað líf þeirra og samkvæmt erlendum rannsóknum gerir það þær berskjaldaðri en ella (Beijer o.fl., 2018). Sýnt hefur verið fram á að heimilisláusar konur á Spáni upplifðu allar ofbeldi síðustu 12 mánuði og urðu fyrir ríflega 20 ofbeldisatvikum á því tímabili (Calvo o.fl., 2022). Sjö af átta konum í þessari rannsókn lýsa uppeldi sínu þannig að greina má vanrækslu og andlegt ofbeldi þó sumar þeirra telji svo ekki vera því þær fegra æskuna og beina frekar ábyrgðinni að sjálfri sér, kenna sér um ofbeldi sem þær verða fyrir, finnst þær bera ábyrgð á vímuefnaneyslu og heimilisleysi og sjálfsásökun og skömm eru þeim ofarlega í huga (Covington 2008; UNODC, 2004). Konurnar nefna einnig líkamlegt ofbeldi ásamt kynferðisofbeldi í æsku. Í tilviki þar sem ekki er vanræksla eða ofbeldi í æsku eru foreldrar þó ekki færir um að koma ungri manneskju undan þvinguðu, ofbeldisfullu hjónabandi á unglingsárum. Fræðilegur bakgrunnur rannsóknar er samtvinnum mismunabreyta (Crenshaw, 1994 og 2006) og niðurstaðan er að það eru sannarlega margar breytur og þungar sem koma saman þegar horft er til jaðarsetningar kvenna í Konukoti.

Lífsbarátta kvenna í Konukoti og daglegt líf einkennist af jaðarsetningu. Þær eru stimplaðar og fordæmdar í opinberum rýmum eins og Landspítala, heilsugæslu og bókasöfnum. Þær hafa lítil eða engin tækifæri til frelsis í neinum rýmum, ekki einu sinni í Konukoti sjálfu, og kvarta allar undan þjófnaði sem þar tíðkast sem er enn og aftur ofbeldi gegn þeim. Þær kvarta líka allar um að í Konukoti sé hvergi hægt að fá frið og ekki hægt að finna öryggi. Þannig verður til samfellt óréttlæti gegn þeim eins og hjá þolendum kynferðisofbeldis (Hildur Fjóra Antonsdóttir, 2020). Þær þurfa að deila herbergi með geranda ofbeldis eins og konum sem stela frá þeim, og öll rými í Konukoti eru sameiginleg og hvergi hægt að fá skjól. Steininn tekur úr þegar þær eru sendar á götuna þegar lokað er í Konukoti á daginn og ekkert tekur við þó Skjólíð sé úrræði hluta af þeim tíma virka daga.

Rannsóknin á reynslu kvenna af Konukoti hefur leitt í ljós að það er brýn þörf á úrbótum. Fyrst og fremst er það vegna þess að Konukot í Eskihlíð er í óviðunandi húsnæði. Hins vegar er hugmyndafræðin um skaðaminnkun (HDRC, 2010; Global Commission on Drug Policy, 2018; O'Dowd, 2018) og áfalla- og kynjamiðaða nálgunin (Jardine og Burns, 2020) sem lagt er upp

með, við hæfi og reynist vel að mati kvennanna. Reynsla kvennanna af starfskonum og viðhorfi sem mætir þeim er góð. Í Konukoti upplifa konur að þeim sé mætt á þeim stað sem þær eru og þær séu ekki jaðarsettar. Húsnæðið hamlar því að þjónusta sé við hæfi og það er langsótt að hægt sé að auka lífsgæði og velferð kvenna, eins og markmiðið er með rekstrinum, í þessu húsnæði. Þrengslin í þessum 130 ára gamla, friðaða steinbæ á þremur hæðum er engan veginn í samræmi við þarfir kvennanna og því síður þvinguð samvera við aðrar konur, engin einkarými til hvíldar, enginn friður, og einungis aðgengi að einni sturtu og tveimur klósettum fyrir 12 konur. Þessi umbúnaður hamlar því að hægt sé að nýta þá hugmyndafræði sem lagt er upp með. Það er ekki hægt að veita konum fullnægjandi áfallamiðaða þjónustu ef sífelld stafar ógn af öðrum konum og skaðaminnkandi hugmyndafræði fær ekki að blómstra ef hvergi er hægt að veita konunum einkarými og þeim vísað á götuna í sjö klukkustundir daglega. Húsnæðið er beinlínis skaðlegt, stigar eru hættulegir, raki í kjallara, ekki full lofthæð, ekki lyfta, engar öryggismyndavélar og ekki hægt að viðhafa það hreinlæti sem starfsemin krefst.

Í titli ritgerðar hittir Heiðrún naglann á höfuðið, Konukot er „ ... eini staðurinn í samfélaginu þar sem ekki er horft niður á þig“. Starfskonur eru tilbúnar að hlusta og vera til staðar. Þær leggja sig fram og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að gera dvölinu í Konukoti bærilega. Það sem starfskonur geta ekki tryggt er öryggi. Allar konurnar tala um að þær vilji í raun fá að vera í friði en það er ekki hægt, engin virðist örugg.

Virginia Woolf barðist fyrir jafnrétti kynjanna og árið 1929 skrifaði hún um þá baráttu og talaði út frá sjónarhorni kvenna í bókmenntum, skálda og rithöfunda. Í ritgerð sinni, *A Room of One's Own*, benti hún á að til þess að konur gætu skrifað þyrftu þær bæði peninga og sérherbergi. Virginia Woolf hafði upplifað á eigin skinni baráttu kvenna fyrir jafnrétti eins og kynsystur hennar um alla Evrópu og Ameríku. Allt fram á 20. öld hafði réttarstaða kvenna á Íslandi verið sú að þær höfðu engin lagaleg réttindi, hvorki pólitísk né efnahagsleg, ekki rétt til skólagöngu í æðri skóla og giftar konur réðu hvorki eignum sínum né tekjum (Sigríður Th. Erlendsdóttir, 1987). Virginia Woolf fann að hún þyrfti líka að berjast fyrir réttinum til að skrifa. Kosningaréttur og kjörgengi tryggði ekki jafnan rétt eða aðstöðu til að sinna ritstörfum.

Konur í neyðarskýlum eru í sömu stöðu og Virginia Woolf fyrir 93 árum, þær þarfnast peninga og sérherbergis, einkarýmis þar sem þær geta sinnt grunnþörfum, komist á klósett og í það og upplifað öryggi. Í rannsókninni kemur ítrekað fram að konurnar þrá að upplifa öryggi en það er ekki reynsla þeirra í Konukoti. Það er skelfilegt að setja þær í þá stöðu að öryggi

þeirra sé ógnað inni í neyðarskýli í þvinguðu samneyti við konur sem allar eru að berjast fyrir lífsviðurværi og öryggi, þurfa að passa þær fáu eigur sem þær enn eiga, verjast ógnandi hegðun annarra kvenna sem eru í ójafnvægi, undir áhrifum og í jafnmikilli þörf fyrir öryggi og þær sjálfar.

Úrbóta er þörf fyrir konur í Konukoti og gætu falist í því að Reykjavíkurborg setji fjármuni í neyðarskýli fyrir heimilislausar konur og bjóði þeim húsnæði við hæfi eins og borgin gerði í Covid-19 á hótelinu Brimi. Þar fékk hver kona sérherbergi með baðherbergi og opið var allan sólarhringinn. Þannig yrði þeim mætt nær þeim stað sem þær eru staddar á og grunnur skapaðist fyrir því að hægt yrði að takast á við aðra þætti sem þær glíma við. Með góðri grunnaðstöðu og húsnæði við hæfi, er möguleiki að þær upplifi að þær séu manneskjur sem öðrum er annt um og þær finni fyrir öryggi eins og rekstraraðili talar um að sé meginatriðið í áfallamiðaðri nálgun. Þær þurfa andrými svo þær geti staldrað við og verið rólegar og áhyggjulausar. Eins og fjallað hefur verið um í rannsókninni er erfitt að gera sér í hugarlund að núverandi húsnæði Konukots geti orðið viðunandi fyrir neyðarskýli eða nokkra aðra starfsemi.

Virginia Woolf þurfti peninga og sérherbergi til að *skrifa* ... konur í Konukoti þurfa það til að *lifa*.

Heimildaskrá

- Alma D. Möller, Anna María Þórðardóttir, Dagrún Hálfánardóttir, Hólmfríður Erlingsdóttir, Jón Snorrason, Pálmi Þór Ævarsson og Sigrún Huld Þorgrímsdóttir. (2010). *Ofbeldi: Ofbeldi gagnvart starfsmönnum Landspítala. Tillögur starfshóps maí 2010*. Landspítali Háskólasjúkrahús. <https://innri.lsh.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=28966>
- Anthony, K. H. og Dufresne, M. (2007). Potty Parity in Perspective: Gender and Family Issues in Planning and Designing Public Restrooms. *Journal of Planning Literature*, 21(3), 267-294. <https://doi.org/10.1177/0885412206295846>
- Archibald, M. M., Ambagtsheer, R. C., Casey, M. G. og Lawless, M. (2019). Using Zoom Videoconferencing for Qualitative Data Collection: Perceptions and Experiences of Researchers and Participants. *International Journal of Qualitative Methods*, 18, 1-8. <https://doi.org/10.1177/1609406919874596>
- Áfallasaga kvenna: Vísindarannsókn Háskóla Íslands. (e.d.). <https://afallasaga.is/>
- Beijer, U., Scheffel Birath, C., DeMartinis, V. og Af Klinteberg, B. (2018). Facets of male violence against women with substance abuse problems: Women with a residence and homeless women. *Journal of Interpersonal Violence*, 33(9), 1391–1411. <https://doi.org/10.1177/0886260515618211>
- Berghildur Erla Bernharðsdóttir. (2021, 9. desember). Ætla að stórefla Konukot: Heimilislausar konur fá glæný smáhýsi. *Visir.is*. <https://www.visir.is/g/20212194158d/aetla-ad-storefla-konukot-heimilislausar-konur-fa-glaeny-smahysi?fbclid=IwAR2byn-0Popxf9tVBqwGZHup3xa7gw6oDN7JkBYErtBabqK1JehA-UtUQ6U>
- Birna Dröfn Jónasdóttir. (2022, 13. nóvember). „Ég myndi frekar vilja deyja en að lifa þennan vetur.“ *Frettabladid.is*. <https://www.frettabladid.is/frettir/heimilislausir-kvida-vevtrinum/>
- Bújarðir í Reykjavík: Eskihlíð. (e.d.). Borgarsögusafn Reykjavíkur. https://borgarsogusafn.is/sites/borgarsogusafn.is/files/atoms/files/eskihlið_0.pdf
- Calvo, F., Watts, B., Panadero, S., Giralt, C., Rived-Ocaña, M. og Carbonell, X. (2022). The Pervallence and Nature of Violence Against Women Experiencing Homelessness: A Quantitative Study. *Violence Against Women*, 28(6-7). <https://doi.org/10.1177/10778012211022780>
- Charmaz, K. (2014). *Constructing Grounded Theory* (2. útg.). Sage.
- Covington, S. (2008). Women and Addiction: A Trauma-Informed Approach. *Journal of Psychoactive Drugs*, 40(sup5), 377-385. <https://doi.org/10.1080/02791072.2008.10400665>

- Crenshaw, K. (1994). Intersectionality and Identity Politics: Learning from Violence against Women of Color. Í Fineman, M. A. og Mykitiuk, R. (ritstj.), *The Public Nature of Private Violence: The Discovery of Domestic Abuse* (bls. 178-193). Routledge.
- Crenshaw, K. (2006). Mapping the Margins. Intersectionality, Identity Politics and Violence Against Women of Color. *Kvinder, køn & Forskning*, (2-3), 7-20.
<https://doi.org/10.7146/kkf.v0i2-3.28090>
- Creswell, J. W. og Poth, C. N. (2018). *Qualitative Inquiry and Research Design. Choosing Among Five Approaches* (4. útg). Sage.
- Elísabet Inga Sigurðardóttir og Ellen Geirsdóttir Håkansson. (2022, 12. október). Vilja fá að vera inni í vetur til að eiga möguleika á að verða ekki úti. *Visir.is*.
<https://www.visir.is/g/20222323672d/vilja-fa-ad-vera-inni-i-vetur-til-ad-eiga-mogu-leika-a-ad-verda-ekki-uti>
- Elísabet Inga Sigurðardóttir. (2022, 13. október). Neyðarskýli fyrir heimilislausa verða ekki opnuð á daginn. *Visir.is*. <https://www.visir.is/g/20222324160d/neydar-skyli-fyrir-heimilis-lausa-verda-ekki-opnud-a-daginn>
- Emilie Camilla Johans Jacob, Embla Nótt Anderson, Zvala Zjana, Tiger of the foughted of the death, S.R.K., Magnea Örvardóttir, Alma Lind, Kristvina. (2020, 18. ágúst). Það á engin að vera heimilislaus. Yfirlýsing kvenna án heimilis. *Obi.is*. <https://www.obi.is/frettir-og-vidburdir/frett/thad-a-enginn-ad-vera-heimilislaus/>
- Félagsmálaráðuneytið. (2005). *Skýrsla samráðshóps um heimilislausa. Aðstæður húsnæðislausra í Reykjavík og tillögur til úrbóta*.
https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/skyrsla_heimilislausir.pdf
- Find Youth Info.(2013). *Implementing a Trauma-Informed Approach for Youth across Service Sectors*. https://youth.gov/docs/Trauma_Informed_Approach_508.pdf
- Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir. (2019). Ábyrgar konur og sjúkir karlar. Birtingarmyndir nauðgunarmenningar í íslensku samfélagi. *Ritið*, 19(1), 15-40. <https://doi.org/10.33112/ritid.19.1.2>
- Fíklarnir fá sólarhring. (2022, 13. september). sisi@mbl.is, *Mbl.is*.
https://www.mbl.is/frettir/innlent/2022/09/13/fiklarnir_fa_solarhring/
- Gistiskýlið flytur á Lindargötu 48. (2013, 17. október). *Mbl.is*.
https://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/10/17/gistiskylid_flytur_a_lindargotu/
- Global Commission on Drug Policy. (2018). *The world drug perception problem: Countering prejudices about people who use drugs. 2017 report*.
https://www.globalcommissionondrugs.org/wp-content/uploads/2018/01/GCDP-Report-2017_Perceptions-ENGLISH.pdf

- Gunnhildur Kjerúlf Birgisdóttir. (2022, 17. október). Ómaklegt að vísa til bókasafna eins og neyðarskýla. *Ruv.is*. <https://www.ruv.is/frett/2022/10/17/omaklegt-ad-visa-til-bokasafna-eins-og-neydarskyla>
- HDRC, Human Development Resource Centre. (2010). *Helpdesk Report: Women, harm reduction practice, HIV/AIDS and women as injecting drug users*. UK aid, Department for International Development. <https://www.heart-resources.org/wp-content/uploads/2010/05/Women-and-Harm-Reduction-May-20101.pdf>
- Helga Þórey Björnsdóttir. (2004). „Við útigangarnir“. *Sjálfsmýndin í orðræðum heimilislaus fólks* [óútgefin meistararitgerð í mannfræði]. Félagsvísindadeild, Háskóla Íslands.
- Hildur Fjóla Antonsdóttir. (2020). Injustice Disrupted: Experiences of Just Spaces by Victim-Survivors of Sexual Violence. *Social & Legal Studies*, 29(5). <https://doi.org/10.1177/0964663919896065>
- Hjálparstarf kirkjunnar. (2021). *Skjólíð*. <https://www.hjalparstarfkirkjunnar.is/innanlands/skjolid-opid-hus-fyrir-konur/>
- Hringbraut. (2022, 14. desember). Við eigum tilverurétt. *Fréttavaktin* [myndskeið]. <https://hringbraut.frettabladid.is/sjonvarp/frettavaktin/14-desember-2022-heimilislausir-segjast-eiga-tilverurett/>
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. (2022). *Byggingarreglugerð*. <https://www.byggingarreglugerd.is/>
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. (e.d.). *Fasteignaskrá*. <https://fasteignaskra.is/leit-i-fasteignaskra/>
- Ingibjörg Sara Guðmundsdóttir. (2022, 24. júní). Safna tjöldum fyrir skjólstaðinga Frú Ragnheiðar. *Ruv.is*. <https://www.ruv.is/frett/2022/06/24/safna-tjoldum-fyrir-skjolstaedinga-fru-ragnheidar>
- ITTC, The Institute on Trauma and Trauma-Informed Care. (2022). What is Trauma-Informed Care? *Buffalo Center for Social Research. School of Social Work*. University at Buffalo, New York. <https://socialwork.buffalo.edu/social-research/institutes-centers/institute-on-trauma-and-trauma-informed-care/what-is-trauma-informed-care.html>
- Jardine, M. og Burns, K. (2020). *Training manual for Gender-Responsive Harm Reduction Policing and Law Enforcement*. Global Law Enforcement & Public Health Association Inc. https://www.unodc.org/res/hiv-aids/new/publications_other_html/UNODC_India_Alliance_-_FINAL_Gender-responsive_harm_reduction_policing_training_guide814fe9e12b07507b53b960c9c218b89faaa5043755b8dd56754771780310c480.pdf
- JTC, The Jean Tweed Centre For Women & Their Families. (2013). *Trauma Matters: Guidelines for Trauma-Informed Practices in Women's Substance Use Services*. <https://jeantweed.com/wp-content/uploads/2021/11/Trauma-Matters-online-version-August-2013.pdf>

- Konukot yfirfullt [myndskaið]. (2022, 12. október). *Visir.is*. https://www.visir.is/k/7c695910-7b96-492c-9b66-15c890bac88e-1665603217183?fbclid=IwAR0hx0-ws6k__K4k9ZUvdIOYNWisVhmvGK1eHsdQUs2EGq2NfvrP7I-AGV4
- Kvennaathvarf. (e.d.). *Dvöl*. <https://www.kvennaathvarf.is/staying-at-the-shelter/>
- Lovísa María Emilsdóttir. (2017). *Konukot: Næturathvarf fyrir heimilislausar konur* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/29237>
- Lög um ávana- og fíkniefni nr. 65. (1974). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1974065.html>
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150. (2020). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2020150.html>
- Lög um kynrænt sjálfræði nr. 80. (2019). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019080.html>
- Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90. (2018). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2018090.html>
- Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigríður Halldórsdóttir. (2021). Réttmæti og áreiðanleiki í eiginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 219-236). Háskólinn á Akureyri.
- Matthildur. (2022). *Matthildur - samtök um skaðaminnkun* [Facebook síða]. Facebook. <https://www.facebook.com/matthildurskadaminnkun>
- Minjastofnun Íslands. (e.d.). Friðuð hús og mannvirki. *Minjastofnun.is*. <https://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridud-hus-og-mannvirki/>
- Montgomery, A. E., Szymkowiak, D., & Culhane, D. (2017). Gender differences in factors associated with unsheltered status and increased risk of premature mortality among individuals experiencing homelessness. *Women's Health Issues, 27*(3), 256–263. <https://doi.org/10.1016/j.whi.2017.03.014>
- Neyðarskýlin opin allan sólarhringinn fram á nýársdag. (2022, 27. desember). *Ruv.is* <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2022-12-27-neydarskylin-opin-allan-solarhringinn-fram-a-nyarsdag/>
- O'Dowd, A. (2018). Avoid stigmatising language for people who use drug, global commission urges. *BMJ: British Medical Journal, 360*. <https://doi.org/10.1136/bmj.k140>
- Rannveig Traustadóttir. (2013). Femínískar rannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 313-325). Háskólinn á Akureyri.
- Rauði kross Íslands. (2011). *Rauði kross Íslands: Ársskýrsla 2010*. <https://www.raudikrossinn.is/media/upqdho0e/2010.pdf>

- Rauði kross Íslands. (e.d.). *Frú Ragnheiður: Skaðaminnkun*.
<https://www.raudikrossinn.is/verkefni/innanlandsverkefni/heilbrigdi-og-velferd/skadaminnkun/>
- Rea, J. (2022). Social relationships, stigma, and wellbeing through experiences of homelessness in United Kingdom. *Journal of Social Issues*, fyrirfram rafræn birting.
<https://doi.org/10.1111/josi.12572>
- Reykjavíkurborg. (e.d.). *Neyðarskýli*. <https://reykjavik.is/heimilislaust-folk/neydarskyli>
- Reykjavíkurborg. (2022, 15. desember). *Neyðarskýlin í Reykjavík verða opin á morgun*.
https://reykjavik.is/frettir/neydarskylin-i-reykjavik-verda-opin-morgun?fbclid=IwAR3hniRR22WT2Nee_1sjQZKvQFgjO-sCvI0z1AGR7uamgTWnHieV4VFWUHQ
- Reykjavíkurborg. (2020, 18. ágúst). *Neyðarúrræði fyrir heimilislausar konur verður framlengt*.
<https://reykjavik.is/frettir/neydarurraedi-fyrir-heimilislausar-konur-verdur-framlengt>
- Reykjavíkurborg. (e.d.). *Teikningavefur Reykjavíkurborgar*. Eskihlíð 2-4.
https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5001-A%C3%B0aluppr%C3%A6ttir/Adaluppraettir/2009/10/2009-10-14_084_2.tif.info
- Reykjavíkurborg, velferðarsvið. (2021). *Heimilislausir með miklar og flóknar þjónustuparfir: Úttekt, staða hópsins 1. október 2021*. Deild málaflokks heimilislausra, teymi árangurs- og gæðamats. <https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/uttek-heimilislausir-med-miklar-og-flokna-thjonustutharfir-1-okt-2021.pdf>
- Reykjavíkurborg, velferðarsvið. (2019). *Stefna í málefnum heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir 2019-2025*.
https://reykjavik.is/sites/default/files/stefna_i_malefnum_heimilislausra_2019-2025_10.10.pdf
- Rótin. (2021). *Greinargerð um heimilislausar konur*. <https://www.rotin.is/greinargerd-um-heimilislausar-konur/>
- Rótin. (e.d.-a). *Leiðarljós Rótarinnar*. <https://www.rotin.is/um-rotina/leidarljof/>
- Rótin. (e.d.-b). *Konukot*. <https://www.rotin.is/konukot/>
- Rótin. (e.d.-c). *Um rótina*. <https://www.rotin.is/um-rotina/>
- Sameinuðu þjóðirnar. (2020). *Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks*. Íslensk þýðing.
<https://www.obi.is/rettindabaratta/samningur-srff/srff-islensk-thyding-2020/>
- Sif Sigurðardóttir. (2018). „Ég er bara eitt áfall“: *Reynsla og upplifun heimilislausra kvenna sem nota vímuefni í æð* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman.
<http://hdl.handle.net/1946/31974>
- Signý Gunnarsdóttir. (2009, 1. nóvember). *Konurnar í Konukoti: Úttekt. Morgunblaðið*.
<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1308557/>

- Sigríður Th. Erlendsdóttir (1987). *Breytingar á réttarstöðu íslenskra kvenna á 20. öld: erindi flutt í Félagi áhugamanna um réttarsögu 17. febrúar 1987*. Félag áhugamanna um réttarstöðu. <https://baekur.is/bok/f220480d-dfcb-4e14-9632-c7ab628fa96a>
- Stígamót. (2021). *Ársskýrsla 2021*. https://stigamot.is/wp-content/uploads/2022/08/Stigamot_Arsskyrsla_2021.pdf
- Sundin E. C., Baguley T. (2015). Prevalence of childhood abuse among people who are homeless in Western countries: A systematic review and meta-analysis. *Social Psychiatry and Psychiatric Epidemiology*, 50(2), 183–194. <https://doi.org/10.1007/s00127-014-0937-6>
- Sunna Kristín Hilmarsdóttir. (2019, 13. nóvember). Nýtt neyðarskýli opnað við Grandagarð. *Visir.is*. <https://www.visir.is/g/20191449237d>
- Taylor, S. J., Bogdan, R. og DeVault, M. (2016). *Introduction to Qualitative Research Methods: A Guidebook and Resource* (4. útg). Wiley.
- UNODC, United Nations Office on Drugs and Crime. (2004). *Substance abuse treatment and care for women: Case studies and lessons learned*. United Nations Publications. www.unodc.org/pdf/report_2004-08-30_1.pdf
- Valgerður Jónsdóttir. (2018). „Þær eru taldar flóknar“: Búsetuúrræði og þjónustupörf kvenna með tvígreiningar [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/29878>
- Walby, S. (1997). *Theorizing Patriarchy*. Blackwell.
- Wilkes, K. (2021). Eating, looking, and living clean: Techniques of white femininity in contemporary neoliberal food culture. *Gender, Work & Organization*, 1–21. Wiley Online Library. <https://doi.org/10.1111/gwao.12620>
- Winetrobe, H., Wenzel, S., Rhoades, H., Henwood, B., Rice, E., og Harris, T. (2017). Differences in health and social support between homeless men and women entering permanent supportive housing. *Women's Health Issues*, 27(3), 286–293. <https://doi.org/10.1016/j.whi.2016.12.011>
- Woolf, V. (1929). *A Room of One's Own*. <https://victorianpersistence.files.wordpress.com/2013/03/a-room-of-ones-own-virginia-woolf-1929.pdf>
- Þingholtsstræti 25, Farsóttarhúsið. (2002, 16. júlí). *Mbl.is*. <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/678348/>
- Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið. Úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli? Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum VII. Félagsvísindadeild*. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006 (bls. 445-456). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Viðauki I: Kynningarbréf



Háskóli Íslands

Kynning á rannsókninni: Reynsla kvenna af Konukoti

Til þín sem hugar að þátttöku!

Ég undirrituð er að rannsaka **reynslu kvenna sem dvalið hafa í Konukoti**. Um er ræða eigindlega rannsókn þar sem tekin verða viðtöl við 4-8 konur. Skilyrði fyrir þátttöku er að hafa dvalið í Konukoti og vera tilbúin að segja frá reynslu sinni.

Þátttaka þín í rannsókninni felst í því að koma í eitt 30-60 mínútna langt viðtal. Ég mun nota hálfstaðlaðar spurningar sem gefur þér aukið svigrúm til að koma fram með þína upplifun og skoðun. Ég mun taka viðtalið upp og eftir viðtalið mun ég afrita það. Viðtalið verður ekki hægt að rekja til þín þar sem öll persónugreinanleg atriði verða afmáð og fyllsta trúnaðar gætt við úrvinnslu gagnanna. Eftir að viðtal hefur verið afritað mun hljóðskrá vera eytt. Afrituð viðtöl verða geymd í læstum skráum á hörðum disk. Eftir að rannsókninni lýkur og hún birt mun ég eyða skráum með afritunum og öðrum tengdum gögnum.

Farið verður með persónuupplýsingar og skráningu þeirra í samræmi við **lög nr. 90/2018** um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Grundvallarsjónarmið laganna er persónuvernd og friðhelgi einkalífs en þar segir að vinnsla persónuupplýsinga sé aðeins heimil ef: „hinn skráði hafi gefið samþykki sitt fyrir vinnslu á persónuupplýsingum sínum í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða“ (9. grein, 1. mgr., 1. tölul.) og að vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga sé óheimil nema ef: „hinn skráði hafi veitt afdráttarlaust samþykki sitt fyrir vinnslunni í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða“ (11. grein, 1. mgr., 1. tölul.). **Viðmælandi getur hvenær sem dregið samþykki sitt til baka.**

Ég mun gefa þér og þínum **dulnefni** og til að afmá persónurekjanlegar upplýsingar nota ég aðferðir eins og segja ekki nákvæmlega hve gömul þú ert eða þínir eins og barn/börn eru, heldur nota aldursbil. Ég mun ekki segja til um hvort þú dveljir nú í Konukoti eða hafir dvalið þar áður. Ég mun ekki lýsa útliti þínu þannig að þú gætir þekkt.

Viðtalsstaðurinn er að jafnaði í **Konukoti**, annaðhvort utan opnunartíma þess eða á skrifstofunni á meðan opið er. Ef þér finnst það ekki henta mætti nýta **Skjólið** sem viðtalsstað á opnunartíma þess. Ef hvorugur þessara staða henta gætið **bókasafn í húsnæði Tækniskólans á Skólavörðuholti** verið viðtalsstaðurinn utan opnunartíma þess, seinnipart dags eða um helgi þegar bókasafnið er mannlaust og lokað.

Rannsóknin hefur fengið jákvæða umsögn hjá Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir.

Kolbrún Kolbeinsdóttir, meistaranemi í kynjafræði við Háskóla Íslands, framkvæmir rannsóknina sem er meistaraverkefni hennar í kynjafræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinandi Kolbrúnar og ábyrgðarmaður rannsóknar er Gyða Margrét Pétursdóttir prófessor í kynjafræði. Kolbrún hefur starfað við framhaldsskóla í tæp þrjátíu ár. Hún er komin yfir fimmtugt og er einstæð móðir tveggja barna. Hún er femínisti, brennur fyrir jafnréttismálum og að skoða málin í kynjafræðilegu ljósi. Hún hefur fengið örlitla innsýn í líf kvenna í Konukoti sem sjálfboðaliði þar undanfarna mánuði.

Viðtal um viðkvæm málefni eins og erfiða lífsreynslu og áföll getur valdið ójafnvægi og vanlíðan. Því er minnt á úrræði sem Konukot hefur og Reykjavíkurborg býður, eins og þjónusta í gegnum VoR-teymi Reykjavíkurborgar, til að vinna úr vanlíðan.

Mögulegur ávinningur rannsóknarinnar og viðtalsins er að **deila því hvernig þjónustan í Konukoti hefur komið til móts við þarfir þínar og hvort einhverju væri hægt að breyta til að koma enn betur til móts við þarfir þínar og þeirra kvenna sem munu leita til Konukots í framtíðinni.**

Reykjavík, október 2021,

Kolbrún Kolbeinsdóttir

Sími 8 91 92 30



Viðauki II: Viðtalsvísir fyrir konur í Konukoti

Ábyrgðarmaður: Gyða Margrét Pétursdóttir Prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands gydap@hi.is, sími 5255455	Rannsakandi: Kolbrún Kolbeinsdóttir Meistaraneemi í kynjafræði kok33@hi.is, sími 8919230
--	---

Inngangur og upphaf viðtals

(kynna mig og rannsóknina „Reynsla kvenna af Konukoti“, trúnað, nafnleynd, tímalengd viðtals, afhenda upplýsinga-/kynningarblað, biðja þátttakanda að skrifa undir samþykkisyfirlýsingu, fá leyfi til að taka upp viðtal)

Segðu mér frá fjölskyldu þinni

(samsetning fjölskyldunnar, bakgrunnur, hvar fæddist þú, fjölskylduaðstæður, efnahagur, flutningar, félagsleg tengsl og tilfinningatengsl, hve lengi hefur þú búið í Reykjavík, hvar hefur þú búið, hvað gerði fjölskylda þín saman, stórfjölskyldan, einhver í fjölskyldu eða nærumhverfi sem reyndist þér vel, einelti, ofbeldi, áföll)

Segðu mér frá þér sem barni og unglíngi

(áhugamál, vinir, skólaganga, félagstengsl við fjölskyldu – jafningja – fagfólk, styrkleikar, hvernig þú tjáðir þig, heilsufar, veikindi, veikleikar, sambönd, einelti ofbeldi, áföll)

Segðu mér frá þér sem ungri konu

(félagstengsl, heilsufar, veikindi, hvers vegna hefst neysla, sambönd, barneignir, hlutverk, ofbeldi, áföll)

Hvernig myndir þú draga saman helstu erfiðleikana í lífi þínu fram að þessu?

(neysla, sjúkdómar, félagsskapur, áföll, æskan ...)

Hefur þú orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi? / Varstu fyrir kynferðislegu ofbeldi í neyslu? Viltu segja mér eitthvað um það?

Hvað olli því að þú varðst heimilislaus?

(áföll, ofbeldi, fíkn, sjúkdómar ...)

Hvernig hefur þér þótt þjónustan í Konukoti?

(hvað er gott, getur þú nefnt dæmi)

hvað mætti færa til betri vegar, getur þú nefnt dæmi
hvernig er komið til móts við þarfir þínar,
hvað væri hægt að gera betur? Til að hjálpa þér?
hvað er jákvæðast og neikvæðast við þjónustuna,
hvernig eru starfskonur ...
og hvernig eru sjálfboðaliðar)

Hvernig hefur þér fundist almennt þjónustan sem stendur þér til boða?

(hvaða úrræði hefur þú nýtt þér, hvaða úrræði/þjónustu vantar, hvað er gott, hvað mætti færa til betri vegar, hvernig er komið til móts við þarfir þínar, hvað er jákvæðast?, hvað er neikvæðast? hvernig er starfsfólk í þessum geira)

Hvernig er aðstaðan í Konukoti?

Hvernig er svefnaðstaðan?

Hvernig er baðaðstaðan?

Hvernig er mataraðstaðan; maturinn....

Hvernig eru skáparnir?

Hvernig líður þér þegar lokað er í Konukoti?

Hvað gerir þú þegar það er lokað í Konukoti?

Viltu lýsa einum degi/sólarhring í lífi þínu?

Í lokin:

Hver er staðan í dag hjá þér? Hvernig sérð þú næsta hálfu ár fyrir þér?

(munu verða breytingar, hvað vinnur með þér, hvað vinnur á móti þér

EÐA

hvernig náðir þú að kveðja heimilisleysið)

Eitthvað í lokin sem þú vilt bæta við?

(... þakka þér fyrir þátttöku og að gefa þér tíma)

Viðauki III: Viðtalsvísir fyrir forstöðufólk

Ábyrgðarmaður: Gyða Margrét Pétursdóttir Prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands gydap@hi.is, sími 5255455	Rannsakandi: Kolbrún Kolbeinsdóttir Meistaraneemi í kynjafræði kok33@hi.is, sími 8919230
--	---

Viðtalsvísir fyrir forstöðumanneskjur í neyðarskýlum fyrir rannsóknina:

Reynsla kvenna af Konukoti

1. Hve margir/margar geta verið í gistiskýlinu?
2. Hve margir/margar eru í herbergi?
3. Hvernig er herbergjaskipan, hvernig er raðað í herbergi?
4. Húsnæðið, á hve mörgum hæðum, hve stórt/fermetrar?
5. Matur – hvernig er hann? Eldaður á staðnum eða pantaður?
6. Aðstaða til að baða sig og klósett?
7. Aðstaða fyrir eignir/skápar?
8. Hvaða vandamál koma upp? T.d. þjófnaður?
9. Búnaður til notkunar, fatnaður, snyrtivörur – hvernig er með þetta?
10. Opnunartími er frá 17 á daginn til 10 morguninn eftir, ekki satt?
11. Er aðstaða til að vera í þegar það er lokað (hef heyrt um sjúkraherbergi)?
12. Starfsfólk, hve mörg á vakt og hver eru helstu störf þeirra?
13. Neyslurými – er það til staðar? Hvar eru karlar að nota í æð?
14. Einhverjir þarna sem EKKI eru í neyslu?
15. Er einhver þjónusta út úr húsi (e.o. í Konukoti er matur afgreiddur út, sem og búnaður, til karla) og fyrir hverja er sú þjónusta?
16. Er einhver fjáröflun (e.o. markaðurinn í Konukoti)?
17. Er bein tenging við félagsþjónustu?
18. Fær starfsfólk stuðning?

Viðauki IV: Viðtalsvísir fyrir rekstraraðila

Ábyrgðarmaður: Gyða Margrét Pétursdóttir Prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands gydap@hi.is, sími 5255455	Rannsakandi: Kolbrún Kolbeinsdóttir Meistaraneemi í kynjafræði kok33@hi.is, sími 8919230
--	---

Tilurð þess að Rótin tók við rekstri Konukots, stóru sjálfbóðaliðaverkefni Rauða krossins

- Hvað kom til?
- Hver er sagan?
- Hvaða breytingar voru strax fyrirhugaðar frá rekstri Rauða krossins?
- Hvernig var umræðan í Konukoti?
- Hvernig var umræðan í Rótinni?
- Hvernig kom pólitík og Reykjavíkurborg að þessum skiptum?
- Hver voru fyrstu viðbrögð Rótarinnar?
- Hver hefur reynslan verið að mati Rótarinnar?
- Ætlar Rótin að halda rekstrinum áfram?

Eru hafnar, og/eða eru í farvatninu, breytingar á húsnæðinu og aðstöðunni?

- Hver er fm fjöldi hússins?
- Aukið fjármagn?
- Skápar
- Klósett og baðaðstaða
- Herbergin
- Nýting á húsnæði, t.d. þar sem fatamarkaður er
- Afdrep fyrir starfskonur
- Eftirlitsmyndavélar

Hvernig gengur með breytingar frá áramótum, meira fjármagn, fleiri starfskonur, ekki lengur stólað á sjálfbóðaliða?

- Hve margar starfskonur voru ráðnar?

- Er starfsmannafjöldi og launagreiðslur sambærilegur og við karlaskýlin?
- Hvernig gengur með sjálfbóðaliðastörf – einhverjar breytingar fyrirhugaðar?
- Reksturinn – hvernig gengur reksturinn?
- Matur – ekki bakkamatur, er það ódýrara?
- Þjónusta úr húsi og karlmenn á lóð og fyrir utan – hvernig verður framhaldið?
- Smáhýsin tvö fyrir utan – hvernig kemur það út? Hvaða breytingar eru í kjölfarið?
- Fatamarkaðurinn – er hann að borga sig?

Á Lindargötu eru 3 karlar nánast með fasta búsetu á eins manns herbergjum, hafa aðgang allan sólarhring að þeim, hafa verið lengi.

- Væri þörf á því í Konukoti?

Samstarfið við rekstraraðilann, Reykjavíkurborg, hvernig gengur það?

Hvaða vandamál koma upp?

- Hjá gestum
- Hjá starfskonum
- Hjá sjálfbóðaliðum
- Hjá Reykjavíkurborg
- ?

Öryggi kvenna og áfalla- og kynjamiðuð nálgun, skaðaminnkun.

- Gengur það upp við þær aðstæður í Konukoti og því húsnæði sem það er í?

Tengsl verkefna Rótarinnar við Konukot

- Marissa verkefnið og bókin: Implementing a Gender Approach in Drug Policies: Prevention, Treatment and Criminal Justice (Pompidou grúppan og Evrópuráðið)

Viðauki V: Upplýst samþykki

Ég undirrituð samþykki hér með þátttöku í rannsókninni: „Reynsla kvenna af Konukoti“. Rannsóknin er unnin með samþykki forstöðukonu Konukots og framkvæmdastjóra Rótarinnar. Þátttaka felur í sér eitt viðtal sem er hljóðritað og skráð niður orðrétt.

Farið verður með öll gögn þessarar rannsóknar sem trúnaðarupplýsingar. Þátttakendum verða gefin dulnefni og öllum gögnum verður eytt að lokinni afritun og greiningu viðtala. Auk þess verður gætt til hins ítrasta að ekki verði unnt að rekja persónugreinanlegar upplýsingar aftur til þátttakenda í rannsókninni. Meðfylgjandi samþykkisyfirlýsing er kynningarblað rannsóknar með ítarlegri upplýsingum um rannsóknina og aðferðir hennar.

Þátttakanda er frjálst að hætta þátttöku í rannsókninni hvenær sem er í rannsóknarferlinu án eftirmála.

Dagsetning

Þátttakandi

Undirrituð staðfestir hér með undirskrift sinni að veittar hafa verið upplýsingar um efni og eðli rannsóknarinnar.

Kolbrún Kolbeinsdóttir

Samþykkisyfirlýsing þessi er í tvíriti

Viðauki VI: Umsögn Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir

www.hi.is

Erindi: SHV2021-042

Háskóla Íslands 20.10.2021

Gyða Margrét Pétursdóttir, Prófessor

Vísað er til beiðni þinnar um umsögn Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir vegna fyrirhugaðrar rannsóknar undir heitinu „Lífssaga og reynsla kvenna í Konukoti“. Beiðnin barst nefndinni 22.9.2021 og var rædd á fundi nefndarinnar 5.10.2021. Beiðið var um að brugðist yrði við nokkrum athugasemdum sem gert var með tölvupósti dagsettum 19.10.2021.

Siðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir áréttar að hún hvorki bannar né veitir leyfi fyrir rannsóknum, heldur er hlutverk hennar að veita kennurum, nemendum, sérfræðingum og öðrum starfsmönnum Háskóla Íslands og annara háskóla sem aðild eiga að samstarfsnefnd háskólastigsins, umsögn um rannsóknaráætlanir á grundvelli vísindasiðareglna Háskóla Íslands frá 7. nóvember 2019.

Eftir að hafa skoðað umsagnarbeiðnina og fylgiskjöl hennar er það **niðurstaða Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir að hún stangist ekki á við vísindasiðareglurnar og því sé ekki tilefni til þess að mæla gegn rannsókninni.**

Virðingarfyllt,

Ólafur Páll Jónsson

Formaður Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir

Viðauki VII: Leyfisbréf fyrir rannsókn frá Reykjavíkurborg



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Kolbrún Kolbeinsdóttir
MA nemi í kynjafræði
Háskóli Íslands

Reykjavík, 14. október 2021
VEL2020090039

Leyfisbréf fyrir rannsókn

Hér með er þér veitt leyfi fyrir vísindarannsókn þinni: Lífssaga og reynsla kvenna í Konukoti.

Markmið rannsóknarinnar er rannsaka hvers vegna konurnar nota eða hafa notað Konukot sem neyðarskýli fyrir heimilislausar konur. Hvað gerðist í barnæsku, uppvaxtarárum og lífinu sjálfu? Eru það t.d. áföll, ofbeldi, einelti, félagsleg tengsl, fíkn, sjúkdómar sem leiddi til dvalar þar? Kannað verður hver sé reynsla þeirra af Konukoti, hvernig Konukot hefur komið til móts við þær og þarfir þeirra með það að markmiði að athuga hvort hægt sé að bæta þjónustu í Konukoti til að koma betur til móts við raunverulegar þarfir kvenna sem þangað leita.

Rannsóknin er eigindleg og verða framkvæmd hálfstöðluð djúpvíðtöl við einstaklinga sem dvalið hafa í Konukoti. Stefnt að því að framkvæma víðtöl við 4-8 konur. Víðtölin eru háð upplýstu og skriflegu samþykki kvennanna sjálfra.

Rannsóknin kallar á umsöng frá Vísindasiðanefnd og mun rannsakandi ásamt leiðbeinanda sínum Gyðu Margræti Pétursdóttur senda umsókn til Vísindasiðanefndar.

Leyfið er bundið við tímabilið 14. október 2021 til 14. september 2023.

Leyfið er gefið með þeim fyrirvara að farið sé að lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem og reglum og leiðbeiningum Persónuverndar um rannsóknir.

Virðingarfyllst,

Ólafía D. Ásgeirsdóttir

Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir
teymisstjóri á skrifstofu velferðarsviðs